

Endurminningar Ingvars Pálmasonar



Efnisyfirlit

Guðmundur Jónsson.....	I
Guðmundur í Höskuldsstaðaseli.....	4
Guðmundur í Kollugerði.....	6
Fyrsta för mín úr átthögunum.....	8
Fyrsta koma mín til Norðfjarðar.....	18
Býli á Nesi 1891.....	20
Tíðarfar.....	25
Verslunarþróun á Nesi.....	31
Heimsókn í átthagana 1893.....	41
Beitusíld.....	48
Lifrarbræðslufélag Norðfjarðar.....	54
Draumur.....	61
Atvik á Alþingi.....	63
Sjómannadagsræða.....	64
17. júní 1945.....	67
Ræða haldin við útför Hermanns Davíðssonar.....	71
Sendibréf.....	73
Nafnaskrá.....	76
Rithönd Ingvars Pálmasonar.....	81
Eftirmáli.....	82

Guðmundur Jónsson

Á árunum 1880-84 var niðursetningur hjá foreldrum Ingvars á Ystagili að nafni Guðmundur Jónsson. Var hann bróðir Péturs Jónssonar, sem mjög var riðinn við fjárdrápsmálið í Húnaþingi á sínum tíma og myrtur var með Natan Ketilssyni á Illugastöðum á Vatnsnesi.

Guðmundur var talinn fjölkunnugur og hélt því nokkuð á lofti sjálfur. Þó var kunnátta hans ekki rammari en það að á yngri árum hans sendi lítt vinveittur náungi vestur undir Jökli honum draug, stelpu á skinnpilsu, og hitti draugurinn Guðmund á jólanótt og veittist Guðmundi erfitt að verjast stelpunni. Þó gat hann dregið svo úr mætti hennar að hún vann honum ekki mein lífs né lima en ætíð fylgdi hún honum síðan og gerði honum ýmsar skráveifur, einkum á jólanóttum og kom þá fyrir að Guðmundur varð að leita hjálpar annarra til að verjast Skinnpilsu. Reið hún þá húsum og gjörði ýmsan óskunda. Dugði þá betur guðsorðalestur og fyrirbænir en særingar Guðmundar og var það til þeirra hluta sem Guðmundur leitaði ásjar annarra, einkum á jólanóttum.

Eg man mjög vel eftir fyrstu jólanóttinni sem Guðmundur var á Ystagili. Mun eg þá hafa verið 7 ára. Við krakkarnir höfðum heyrt um drauginn sem fylgdi Guðmundi og að hann væri magnaðastur á jólanóttina. Var ekki trútt um að eldri bræður mínir ýttu undir trú mína á drauginn enda var eg logandi hræddur við hann, þó móðir mín segði mér að allar slíkar sögur væru tilbúningur einn. Eg fékk eins og vant var jólakerti (tólgarkerti) og laufabrauð á aðfangadagskvöldið en illa gat eg notið þess fyrir umhugsuninni um drauginn. Húslestur var lesinn að venju og einhver gleðskapur var meðal eldri systkina minna á eftir en ekki tók eg þátt í honum. Leið nú að háttatíma og allir háttuðu. Móðir mín sat á rúmi fyrir framan mig og las í bók. Þóttist eg vita að það myndi vera guðsorðabók og gerði hún það til þess að verja Guðmund árás Skinnpilsu. Guðmundur var í kompu í hinum enda baðstofunnar og heyrði eg hann skyrpa stöku sinnum. Bjóst eg nú við að þá og þegar myndi Skinnpilsa fara að renna sér eftir baðstofuþekjunni en ekkert heyrðist. Á endanum sigraði svefninn og eg svaf til morguns. Um morguninn lék mér forvitni á að fréttu um viðureign draugsins og Guðmundar um nóttina því eg var sannfærður um að hann hefði komið. Áráddi eg að spyrja móður mína hvort hún hefði orðið vör við drauginn en fékk þau svör að eg skyldi ekki vera með þessa vitleysu, það væri enginn draugur til. Eg var ekki ánægður með þessi svör því auðvitað voru draugar til og Skinnpilsa fylgdi Guðmundi gamla og ásótti hann á jólanóttina. Seinna á jóladaginn sætti eg færi að spyrja Guðmund um drauginn. Hann var mjög barngóður og okkur krökkum var vel við hann. Hann svaraði mér eitthvað á þessa leið: Ojú komið hefði hún en hann ætti það blessuninni henni Guðrúnu að þakka og því sem hún las að þetta væri fyrsta jólanóttin síðan hann fékk sendinguna að vestan að hann hefði haft sæmilegan frið fyrir henni. “Þó renndi hún sér einu sinni hérna ofan baðstofuþekjuna”, sagði karl og benti uppí súðina fyrir ofan rúmið sitt. Eg trúði frásögn Guðmundar betur en orðum móður minnar og var sannfærður um að

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Skinnpilsa væri til en hún væri farin að dofna svo mikið að ef lesið væri guðsorð og góðar bænir þá myndi hún ekki gera mikið mein.

Ýmsir trúðu kunnáttu Guðmundar. Til sönnunar því minnst eg eftirfarandi sögu.

Á næsta bæ bjó aldraður bóndi. Hann var þá nýgiftur ekkju norðan úr Skagafirði, rúmlega fertugri. Var hún fjörmikil kona en bóndi kominn yfir sjötugt. Grunaði bónda að kona sín myndi eiga vingott við húsmannt sem var á heimilinu á líkum aldri og konan. Þóttist hann verða var við ýmislegt sem styrkti þennan grun. Leitaði hann til Guðmundar og bað hann um að kenna sér ráð til að snúa hug konunnar frá húsmanntinum. Lofaði Guðmundur að hjálpa honum um meðal sem duga mundi en það tæki sig nokkurn tíma því hann þyrfti að afla sér ýmissa efna í duft nokkurt sem ætíð hefði reynst óbrigðult í þeim sökum. En þess yrði að gæta að nota það á réttan hátt. Yrði hann að gæta þess að persónur þær sem duftið átti að hafa áhrif á sætu saman og sem næst hvort öðru, ætti þá að sá duftinu á milli þeirra og gæta þess að það lenti vel á milli þeirra. Líður nú fram á sumar að ekki er duftið tilbúið. Meðan Guðmundur dvaldi hjá foreldrum mínum fór hann alltaf á hverju sumri að aflíðandi túnaslætti vestur í Þing og Vatnsdal að hitta kunningja sína. Var honum þá jafnan lánaður grár hestur sem faðir minn átti og nefndur var Stefánsgráni, spakur og rólegur klár en mjög þýðgengur. Þetta sumar fór Guðmundur eins og vant var vestur í Vatnsdal á Grána. Þegar hann var ferðbúinn biður hann móður mína fyrir böggul til bónda þess er fyrr getur og biður hana að gæta þess að láta hann ekki fara annarra á milli og lofar hún því. Lætur svo móðir mín þennan böggul niður í kistuhandraða og læsir kistunni. Skömmu síðar kemur bóndi að vitja böggulsins og afhendir móðir mín hann. Fer nú bóndi með böggulinn og nú ríður á að nota innihaldið á réttan hátt. Fær hann nú ekkert tækifæri til þess fyrr en næsta sunnudag að lesinn er húslestur. Vill þá svo til, sem máski oftar, að húsmóðirin og hinn grunaði húsmaður sitja saman á rúmi og syngja til lesturs á sömu bók en bóndi les lesturinn. Sér hann nú gott tækifæri og strax að lestrinum loknum þrífur hann blaðið með galdraduftinu og kastar því á milli þeirra grunuðu en þá vill svo til að þetta virðast vera glerharðar perlur og skoppa út um allt gólf. Þau spretta upp í ofboði og spyrja hvað þetta eigi að þýða en bóndi svarar fáu, en áhrifin verða þau ein að uppfrá þessari stundu fóru þau ekkert leynt með samdrátt sinn og næsta vor fóru þau bæði til Ameríku. En það er frá bónda að segja að hann þóttist illa gabbður af Guðmundi gamla og veitti honum miklar átölur fyrir svikin. Þegar móðir mín frétti um að duftið hefði verið í líkingu við glerperlur fór hún að skoða í kistuhandraðann og kom þá í ljós að böggull Guðmundar var þar enn en í stað hans hafði hún afhent bónda böggul með svörtum glerperlum sem hún ætlaði að nota í útprjón. Þegar hún varð misgripanna vör tók hún böggul Guðmundar og stakk honum í eldinn í hlóðunum. Aldrei vissu þeir bóndinn og Guðmundur um misgripin.

Ýmsar fleiri sögur man eg af galdratilraunum Guðmundar gamla en aldrei vissi eg til að þær bæru árangur. Mér var mjög vel við karlinn og þar sem eg var ákaflega myrkfælinn flýði eg oft til hans í rökkrinu því eg þóttist viss um að hann gat ráðið niðurlögum minniháttar drauga en ekki

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

held eg að mér hafi batnað myrkfælnin við það.

Guðmundur í Höskuldsstaðaseli

Um og eftir 1880 bjuggu í Höskuldsstaðaseli á Skagaströnd hjón er hétu Guðmundur og Guðný. Var Guðný allmiklu yngri en Guðmundur sem lagstur var í kör þegar eg man eftir þeim (1884-7). Man eg eftir tveim börnum þeirra: Önnu sem gift var Guðmundi á Hurðarbaki á Ásum, myndarkona, og Vermundi sem á þeim árum var viðloða hjá þeim í Höskuldsstaðaseli. Hann var fatlaður, með krepptan fót.

Guðmundi leiddist kararlegan og þráði að deyja. En maðurinn með sigðina fer sínu fram og fór þá sem oftast ekki að vilja mannanna. Guðmundur trúði því að það hlytu að vera einhverjar ástæður sem lægju til þess að hann gæti ekki dáið. Leitaði hann ýmsra ráða til þess að finna þær orsakir. Meðal annars lét hann prest þjónusta sig oft á ári og á ýmistum tímum. Þá var prestur á Höskuldsstöðum Eggert Ólafsson Briem, bróðir séra Valdimars vígslubiskups sem síðar varð. Séra Eggert var gáfumaður og laus við hleypidóma en all vinkær, og þegar svo stóð á fyrir honum, sem oft kom fyrir, að hann var við vín, þótti hann hnyttinn í tilsvörum.

Einu sinn sem oftast var prestur sóttur til að þjónusta Guðmund í Seli. Þegar þjónustunni var lokið spurði Guðmundur prest hvort hann héldi að það gæti ekki verið einhver spýta, fjöl eða raftur í baðstofunni sem væri þess valdandi að hann gæti ekki dáið. Prestur svaraði að ekki virtist sér að svo myndi vera nema ef það kynni að vera mæniásinn. Leist Guðmundi ekki á að rífa hann úr því baðstofan var undir rafti og tróði.

Það var gömul trú manna að menn mættu ekki súpa á potti sem hafður væri til eldunar, því þá gæti sá hinn sami ekki dáið nema að hvolft væri yfir hann potti. Guðmundur braut nú heilann um það hvort hann hefði einhvern tíma sopið á potti. Mundi hann þá eftir því að einhvern tíma þegar hann var unglundur hefði hann sopið á potti, meira að segja hallað sér afturábak og næstum hvolft pottinum yfir sig til þess að ná úr honum síðustu lögginni. Þarna var lausnin fundin. Hann gat ekki dáið nema að hvolft væri yfir hann potti. Segir hann nú Guðnýju sinni þetta og biður hana að hafa nú allan viðbúnað með réttum hætti. Skuli hún taka stærsta pottinn sem hún eigi og hvolfa yfir sig og ganga vel frá, síðan skuli hún fara út að Kambakoti og fá Guðmund bónda þar til að leggja sig til því að þau vóru tvö ein í kofanum. Gerir nú Guðný þetta og fer síðan út að Kambakoti að hitta Guðmund bónda, mun það vera rösklega hálfra klukkustundar gangur. Biður hún nú Guðmund bónda að koma með sér og hagræða líkinu því nú sé Guðmundur sinn dáinn. Guðmundur í Kambakoti bregst vel við og fer með Guðnýju til þess að ganga frá líkinu. Þegar að Höskuldsstaðaseli kemur fer Guðný inn í eldhús til þess að lífga við eldinn undir kaffikatlinum, en vísar Guðmundi til baðstofunnar. Þegar þangað kemur gengur bóndi að rúmi því sem hann átti von á að líkið lægi í og gerir krossmark yfir líkinu að góðum og gömlum sið. Tekur hann þá eftir því að í höfðalagi rúmsins er einkennileg hrúka og um leið heyrir rödd úr hrúkunni sem segir: “Guðný, eg er ekki dauður enn”. Fer þá bóndi að grennslast eftir hvernig er varið hrúgaldinu og kemur þá í ljós að potti er

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

hvolft yfir andlit karlsins en hann var spillifandi þrátt fyrir það. Var því fullreynt að ekki dugði það til þess að Guðmundur gæti dáið. Lifði hann nokkur ár eftir þetta og dó loks með eðlilegum hætti án þess að hvolft væri yfir hann potti eða mæniásinn rifinn úr baðstofunni.

Guðmundur í Kollugerði

Á þeim árum er séra Eggert Ó. Briem var prestur á Höskuldsstöðum á Skagaströnd bjó í Kollugerði, koti skammt frá Höskuldsstöðum, bóndi að nafni Guðmundur. Var hann um langt skeið forsöngvari í Höskuldsstaðakirkju. Var Guðmundur mjög upp með sér af söng sínum enda var hann raddmaður með afbrigðum og hefði vafalaust orðið frægur söngmaður hefði hann fengið lærdóm og þjálfun til að beita rödd sinni svo sem menn eiga kost á nú á tímum. Séra Eggert var lítill raddmaður og tónaði aldrei. Að mörgu leyti var hann smekkmáður, þótt þess gætti ekki ætíð í framkomu hans. Mun honum hafa þótt Guðmundur stundum beita hinni miklu rödd sinni ekki sem smekklekast. Oft gerði prestur góðlátlegt gys að Guðmundi en þó allt í vinsemd enda var prestur valmenni. Einhverju sinni var það eftir messu, að Guðmundur drakk kaffi í stofu hjá presti með fleirum svo sem venja var þar á prestssetrinu. Mun prestur hafa verið við vín sem oftast. Segir prestur þá: “Eg kalla þig nú Kolluhvell Guðmundur minn”. Gellur Guðmundur þá við og segir: “Þá kalla eg þig Höskuldsstaðahás prestur minn”. Öðru sinni var það á sunnudegi að Guðmundur kom til kirkju eins og vant var, því hann rækti sitt forsöngvarastarf mjög vel og lét sig aldrei vanta á messudögum ef hann var ósjúkur. Þennan dag komu fáir til kirkju og varð því messufall. Bauð prestur Guðmundi til stofu og spurði hann hvort hann vildi heldur baunir og kjöt eða kaffi og brennivín. Guðmundur svarar að það væri best allt til samans. Lætur prestur þá bera inn baunaskál með kjöti í og kaffi í bolla, tekur síðan brennivínsflösku útúr skáp og hellir vel í kaffibollann. Hýrnar nú yfir Guðmundi og hyggst að drekka kaffið á undan en þá þrífur prestur kaffibollann með brennivíninu í og hellir úti baunaskálina. Verður Guðmundi þá að orði: “Farðu nú bölvaður”. Prestur svarar: “Þú sagðir að það væri best allt til samans”. Sagt var að Guðmundur hefði borðað allt úr baunaskálinni og fengið vel í staupinu á eftir hjá presti.

Einu sinni var prestur að gefa saman hjón og hét brúðguminn Guðmundur. Spurði prestur brúðgumann hinna venjulegu spurninga en honum mun hafa fundist þær torskildar og hikor með svörin svo prestur hvíslar lágt: “Þér eigið að segja já Guðmundur”. Þá gellur Guðmundur í Kollugerði við: “Hann er búinn að segja já, greyið að tarna”. Ýmsar fleiri skrytlu voru eftir Guðmundi hafðar þó eigi verði tilfærðar hér.

Á uppvaxtarárum mínum 1880-90 var allmikið um umrenninga í Austur-Húnavatnssýslu svo sem verið mun hafa víðar á þeim árum. Man eg gerla eftir þessum: Sölva Helgasyni, Jóhanni bera, Stefáni Helgasyni, Sigurði slompi, Kristjáni á þúfunni o.fl. Hefir flestra þessara umrenninga verið getið í minningum ýmsra og hirði eg ekki að geta þeirra nánar hér enda flestir meira og minna landskunnir. Nokkuð var um aðra tegund förumanna í mínu ungdæmi, bæði karla og konur. Var það fólk heimilisfast í þurrbúð við sjóinn eða í húsmennsku og alloft heil fjölskylda, er fór til fanga haust og vor, einkum þó á haustin, fram um sveitir, ævinlega með hest og stundum tvo, annan til reiðar en hinn undir það sem aflaðist. Fór þetta fólk oft sveit úr sveit

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

og hafði stuttar dagleiðir. Vóru það ákveðin heimili sem það sótti heim og varð því oft drjúgt til fanga. Kom ei allsjaldan fyrir að auk þess sem því var gefið: smér, skyr, tólg, ull, skinn og aðrar heimilisafurðir þá var því einnig gefnar kindur og sást það oft á heimleið með fullklyfjaðan klárinn og 5-6 kindur í rekstri með. Var talið að því þætti meira í varið að því væri gefið lamb heldur en t. d. smjör eða ostur sem mörg heimili á þeim tímum vóru birgust af. Mun þaðan komið orðtakið sem haft er eftir einni slíkri förúkerlingu: “Þetta fæst ostur og smjörskaka en enginn gefur lambkreistu”. Eg man eftir ýmsu af þessu fólki sem kom á heimili foreldra minna. Var því alltaf vikið einhverju þó ekki væri alltaf af miklu að miðla. Margt af þessu fólki hafði auknefni, t. d. Gísli keppur, Björn hátíð og annað því líkt. Man eg vel eftir Birni hátíð. Átti hann jarpskjótta hryssu sem hann ferðaðist alltaf á og reiddi undir sér það sem honum gafst. Var talið að það væru stundum allþungir baggar sem á Skjónu vóru lagðir og alltaf settist Björn ofaná. Var það einhverju sinni að Birni þótti þó orðið nógu þungt á Skjónu. Gisti hann í Höfnum á Skaga og var þar gefinn fjórðungur af hákarli. Vandaðist nú málið fyrir Birni. Hákarlinum þurfti hann að koma með en honum þótti orðið nógu þungt á Skjónu. Tók hann þá það fangaráð að hann batt hákarlsfjórðunginn á bak sér og settist síðan ofan á trússin og sagði: “Ekki ber merin það sem eg ber” og þannig kom hann öllu heim og þóttist ráðsnjall mjög.

Fyrsta för mín úr átthögum

Árið 1888 réðist eg vinnumaður til Hinriks Magnússonar bónda á Orrastöðum. Kom eg til hans á fardögum um vorið eða litlu síðar, þá tæpra 15 ára gamall. Árskaupið var 50 krónur og 4 föt, þótti það í þá daga mikið kaup fyrir nýfermdan unglíng. Eg var bráðþroska og kunni þá til flestra verka bæði við sjó og land. Hjá Hinrik var eg 3 ár og var kaupið hækkað um 10 kr. hvert ár þannig að síðasta árið hafði eg 70 kr. kaup, 4 föt og plögg öll og skæðaskinn og skinnsokka eftir þörfum. Auk þess gaf hann mér fráfærnalamb á hverju vori. Átti eg 4 ær og tvo gemlinga þegar eg fór frá Orrastöðum 1891 og auk þess síðasta árs kaupið óeytt. Borgaði hann mér það reiðilega eftir að eg var kominn austur og kom kindunum öllum í verð fyrir mig. Á þessum árum fóru margir Norðlendingar til vers suður að Faxaflóa og suður nes. Var það þrá flestra þroskaðra unglínga að fara suður til vers. Eg hafði vanist sjó nokkuð fyrir fermingu á meðan móðir mín bjó á Ytri-Ey á Skagaströnd. Auk þess fór eg öll árin sem eg var á Orrastöðum 1 til 2 vikur fyrir eða um sláttarbyrjun ýmist útá Skagaströnd eða norður á Sauðárkrók til þess að afla fiskjar til sumarsins. Entist sá fiskur oftast yfir árið til matar ásamt silungi sem veiddur var í lagnet í Svínavatni og nokkuð með ádrætti í fremri Laxá síðari hluta sumars. Eg hafði því alltaf nokkra löngun til sjómennsku auk þess sem eg taldi allmikla framavon að því að “róa suður”. Það var því skömmu fyrir jól 1889 þegar Hinrik að venju bað mig að vera hjá sér næsta ár að eg setti það að skilyrði fyrir ráðningunni að eg fengi að fara suður til róðra á yfirstandandi vetri. Gekk Hinrik að því ef eg útvegaði sæmilegan mann fyrir mig heima til krossmessu 14. maí. Eg var búinn að leitast fyrir um mann og átti hann vísan gegn fæði og sokkaplöggu sem hann fékk vel útilátin og án þess að þau væru færð mér til reiknings eða að neinu leyti dregið af þeim plöggu sem mér bar. Allt erfiðara gekk með farareyri. Var það ekki stór upphæð eða myndi ekki vera kallað það nú, 10 kr. þótti nægilegt. Eg átti að vísu nokkuð inni af kaupi mínu hjá húsbóndanum en svo var lítið um peninga að hann gat ekki látið mig fá einn eyri. Peningar fengust þá ekki fyrir vörur í verslunum. Þeir einu peningar sem bændur höfðu á milli handa vóru það sem þeir gátu fengið fyrir markaðsfé er Englendingar keyptu, sem vóru aðeins sauðir og hestar. Hinrik átti enga markaðssauði en seldi venjulega eitt til tvö trippi á ári og vóru það þeir einu peningar sem eg vissi til að hann fengi í búíð öll árin sem eg var hjá honum. Kaupafólki, sem oftast var einn karlmaður og ein kaupakona, var alltaf goldið allt kaupið í smjöri. Karlmanni 2½-3 fjórðungar á viku og kvenmanni venjulega 1½ fjórðungur á viku og þá stundum bætt upp með ull eða vaðmáli eða einhverju slíku.

Eg varð því að finna mér ráð til öflunar á farareyri suður. Fór eg þá til Jónasar Erlendssonar bónda á Tindum og bað hann um að lána mér 10 kr. til fararinnar. Jónas var stjúi móður minnar, seinni maður Helgu Jónsdóttur ömmu minnar. Var hún þá enn á lífi og vissi eg að ef eg fengi hana í lið með mér myndi eg fá krónurnar lánaðar því allir vissu að Jónas átti alltaf peninga. Eg þurfti ekki að leita til ömmu því Jónas var fús á að lána mér krónurnar. Þótti

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

honum mannsmót að er eg hafði hug á að fara suður til róðra og hvatti mig til þess, en eg varð að selja honum að veði tvævetra á fyrir láninu sem og sjálfsagt var. Var nú undirbúningur hafinn undir verferðina. Naut eg þar velvilja húsmóður minnar, Sólveigar Eysteinsdóttur. Var hún mér þá sem endranær hin nákvæmasta húsmóðir þó ýmsir teldu hana ekki við allra skap. Skar hún ekki við neglur sér nesti eða annan útbúnað og það fyrir mér er eg fór úr hlaði. Venjulega voru fjórir vermenn í hópi og einn þeirra fararstjóri. Þótti ekki ráðlegt að fleiri væru saman vegna gistingarstaða. Eg sammæltist við vanan verferðamann, Einar Stefánsson. Var hann sonur Stefáns Einarssonar sem ætíð var kenndur við Guðlaugsstaði í Blöndudal. Við vorum þrír vermennirnir sem lögðum á stað frá Orrastöðum á Ásum sunnudaginn í miðþorra 1890. Var ferðinni heitið suður á Suðurnes til vers. Fjórði maður í förinni var kvenmaður sem ætlaði að verða okkur samferða vestur í Miðfjörð að heimsækja skyldfólk sitt. Lögðum við á stað í dögum, í hægu veðri en þykku lofti. Var okkur öllum óskað fararheilla, ekki síst mér sem var heimilismaður, þá 16 ára gamall, í fyrsta sinn að halda úr átt högunum að leita mér fjár og frama. Flest heimilisfólk fylgdi okkur út á hlað og húsbóndinn, hygginn og gætinn, sagði að við mættum búast við að þyngdi að með snjókomu. Var því lítið sinnt, minnsta kosti af mér, því ferðahugurinn og útþráin var búið að hertaka mig og halda í mér glímuskjálfta frá því fyrir jól.

Þegar birta tók af degi fór að þyngja í lofti og uppúr hádegi, þegar við vorum komin vestur fyrir Húnavatn, var komin þreifandi logndrifa. Formaður fararinnar, Einar Stefánsson, sem fyrr er getið, þaulvanur verferðamaður, duglegur og gætinn og drengur góður, sagði okkur að nú skyldum við setjast litla stund og fá okkur bita. Húsmóðir mín hafði búið mig vel út með nesti, var það aðallega feitt kjöt bæði soðið og reykt, ásamt kæfu og vænum tréöskjum fullum af smjöri. Var það siður í þá daga að nesta ferðamenn að vetrarlagi með mat er lítið eða ekki fraus þó frost væri mikið. Brauð var aðeins haft í vetrarferðalög, litlar flatkökur bakaðar í feiti. Snæddum við nú þarna í skyndingu, var svo lagt af stað aftur vestur “þingið”. Er þar strjálbýlt og bjóst Einar ekki við að hitta bæi fyrr en við kæmum vestur í Víðidal. Hafði dagleiðin verið ákveðin að Auðunnarstöðum því þar bjó systir húsmóður minnar. Gengum við þannig að einn fór á undan og hinir gengu slóðina á eftir með nokkru millibili og gættu þess að sá er fyrstur fór héldi stefnunni beinni, kvenmaðurinn gekk síðastur. Leið okkar lá yfir sléttlendi, kennileitalaust að mestu, þar til Víðidalsháls tók við, sem átti að liggja þvert í leið okkar. Ef við næðum honum var að halda honum þar til við hittum bæi. Þegar fór að rökkva hafði einn okkar orð á því að við myndum vera komnir afvega því sér virtist við ganga á ísi. Hann hefði nú um stund ekki getað fundið til jarðar með broddstaf sínum. Var nú farið að rannsaka þetta og reyndist það vera rétt að við vorum staddir á vatni. Taldi Einar að við myndum vera komnir útá Miðhóp sem er lón út af Víðidalnum, all stórt um sig og nokkuð djúpt og liggur alla leið útað sjó. Fór nú heldur að óvænkast ráð okkar, farnir að lýjast, einkum kvenmaðurinn, og óvíst hvar við vorum staddir. Allir bárum við 3-4 fjórðungabagga, voru það föt okkar og nesti. Var það borið í svokölluðum “Helsingjabagga”, sem var þannig gerður að teknar voru sterkar hversdagsbuxur og saumað

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

saman haldið og klaufin. Buxurnar síðan fylltar inn um skálmarnar, skálmaendarnir bundnir saman og bagganum smeygt yfir höfuð sér. Fór þetta vel og var mun hægra að bera þennan bagga en annan jafnþungan sem borinn var á annarri öxlinni, enda var þessi umbúnaður almennt notaður af vermönnum. Kvenmaðurinn fór nú að verða okkur til tafar. Hafði verið frostlítið fyrirpart dagsins svo að pils höfðu blotnað að neðan (þá kunnu konur ekki þann sið að ferðast í buxum sem nú er farið að tíðkast til mikilla þæginda og öryggis í vondum veðrum). Með kvöldinu herti frost nokkuð svo pilsin frusu og óhægðu kvenmanninum gang. Var nú um að gjöra að ná vestur fyrir Hópið því þar er landlag hærra sem hægara var að rétta sig eftir, enda ekki mjög langt á milli bæja, svo líkur vóru til að ef við kæmumst vestur af Hópinu myndum við ná bæjum. Gengum við nú allengi og urðum engrar jarðar varir undir fótum okkar. Var nú komin allmikil ófærð sem tók okkur í hné en snjórinn var laus. Var nú farið að líða á vöku og lítil líkindi til að við myndum komast af flatneskjunni með sama áframhaldi. Töldum við nú víst að við myndum hafa að meira eða minna leyti gengið í hringi því ef svo hefði ekki verið áttum við fyrir löngu að vera komin vestur af Hópinu. Var nú það tekið til ráða að halda að mestu leyti kyrru fyrir og húa. Eftir nokkurn tíma heyrðum við hundgá nokkuð langt í burtu. Héldum við nú á hljóðið og hóuðum. Smáskýrðist hundgáin og eftir að við höfðum gengið stundarkorn sáum við ljós og nú var okkur borgið. Komum við í vökulok að bæ sem eg nú ekki man hvað heitir. Var okkur tekið þar með venjulegri íslenskri gestrisni. Sváfum við karlmennirnir þrír í einni flatsæng á baðstofugólfinu og þótti gott. Var það alvanalegt á ferðum í verið að menn svæfu 3-4 í sömu flatsænginni og var tekið með þökkum. Svona gekk nú fyrsta dagleiðin. Vorum við nálægt tveggja klukkutíma gang frá hinum fyrirhugaða náttstað en ekki nema sem svaraði klukkutíma gangi frá réttri leið. Sannaðist á okkur máltækið “að enginn ræður sínum næturstað”.

Daginn eftir var ferðinni haldið áfram yfir Miðfjarðarháls í góðu veðri en allmikilli ófærð. Í Miðfirðinum fréttum við að póstur væri væntanlegur að Stað í Hrútafirði næsta dag. Gistum við í Miðfirðinum og héldu svo næsta dag yfir Hrútafjarðarháls og að Stað. Þegar þangað kom var póstur ekki kominn en kom þó í vökulok að Stað. Sagði hann mikla ófærð á Holtavörðuheiði og ákváðum við því að verða honum samferða yfir heiðina. Kvaðst hann þá ekki fara suður yfir fyrir en á fimmtudag því hann þyrfti að hvíla hestana áður en hann legði á heiðina. Við gistum þessa nótt á Melum og héldum svo næsta dag að Grænumýrartungu og biðum þar eftir pósti. Á fimmtudagsmorgun í birtingu kom póstur. Hafði hann meðferðis 27 hesta, 14 undir póstflutningi en einum reið kona sem slegist hafði í för með honum. Hygg eg hún hafi verið úr Hrútafirðinum. Var hún að fara til Reykjavíkur að læra ljósmóðurstörf. Lausir hestar vóru 11 eða 12. Það kom fljótt í ljós að póstur hafði ekki sagt ofsögur af ófærðinni á heiðinni. Var jafnfallin “baggabraut” heiðarbrúna á milli en það var kölluð “baggabraut” í Norðurlandi þegar vel uppbundnar klyfjar námu við snjóbrún er hesturinn gekk slóðina. Snjóað hafði daginn sem póstur var um kyrrt á Stað svo engin not vóru slóðar þeirrar er hann lagði á norðurleið. Dag þennan var hægviðri og úrkomulaust og útlit fyrir að veður væri að ganga til þíðu sem og

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

reyndist síðar. Vóru nú lausu hestarnir látnir brjóta slóðina á undan og mjög oft skipt um fremstu hestana. Klyfjahestarnir komu svo í halarófu brautina á eftir. Síðust reið konan og var þá slóðin orðin svo góð að heita mátti að væri að ríða eins og eftir vegi á sumardegi. Póstur hafði einn fylgdarmann sér til hjálpar, reyndist það of lítið, svo við félagar fengum að leggja bagga okkar á öftustu klyfjahestana gegn því að hjálpa til að leggja slóðina og stjórna hestunum. Klyfin á póstflutningshestunum vóru ekki nema 40-50 pund á hlið. Gekk nú ferðin slysaust en seint.

Sunnan til á heiðinni er steinn eigi allstór sem kallaður er Hæðarsteinn. Mun oft sjá fyrir honum þó mikill snjór sé á heiðinni, svo var og í þetta skipti. Þar var að og hestunum gefið. Steini þessum fylgja þau ummæli, eða fylgdu þá, að hver sá er framhjá honum fer í fyrsta skipti skal teymdur á ónefndum lim þrjá hringi rangsælis í kringum steininn. Undan þessu má þó leysa sig með þriggjaþelafloösku af brennivíni. Þegar sest var að snæðingi, meðan hestum var gefið, var farið að athuga hvort nokkur væri í förinni sem ekki hefði áður farið framhjá Hæðarsteini. Kom þá í ljós að eg var sá eini sem ekki hafði farið þar um fyrr. Var mér nú tilkynnt hvað fyrir lægi. Bauð eg feitan bringukoll mér til lausnar en ekki kváðu samferðamenn mínir það heimilt að taka slíkt lausnargjald. Meðan þessu fór fram hafði póstur verið að hugsa um hesta sína. Var hann nú tilkvaddur og honum skýrt frá hvernig sakir stæðu. Gaf hann þann úrskurð að fullnægja yrði ummælum án undantekningar. Kvað hann ferðamönnum stafa óheill af ef útaf væri brugðið. Fór nú að óvænkast mitt ráð. Bað eg þá um að konan væri látin framkvæma aflausnina, en ekki var við það komandi. Sagði póstur, sem nú var orðinn æðsti dómari í þessu máli, að það væri á móti landslögum og rétti, þar sem líka konur vóru með öllu undanþegnar kvöðinni. Hafði eg því ekkert undanfæri. Tók eg nú að leita í bagga mínum og eftir nokkra leit dró eg upp þriggjaþelafloösku fulla af brennivíni. Var hún strax afhent pósti, sem lýsti því yfir að eg væri löglega leystur frá kvöðinni og myndi verða farsæll ferðamaður og áreiðanlega myndi mér ekki hlekkjast á á Holtavörðuheiði. Flaskan gekk nú á milli manna og var drukkið úr henni vel hálfri. Síðan tók póstur hana í sína varðveislu og sá eg hana ekki eftir það. Eftir nálægt klukkutíma dvöl við steininn var haldið áfram ferðinni. Fór nú færð batnandi og eftir að kom ofaní Norðurárdalinn var snjólétt. Héldum við að Fornahvammi og höfðum þá verið 12 klukkutíma bæja á milli.¹

Í Fornahvammi var okkur félögum borin spaðsúpa í trogi og urðum svo að bjarga okkur hver eftir því sem best gekk. Þar borguðum við gistinguna með 1 kr. fyrir manninn. Alla nóttina var póstur á ferli á milli hesta sinna. Lét hann sér mjög annt um líðan þeirra.

Í Fornahvammi skildu leiðir. Við héldum skemmstu leið yfir hálsinn yfir á Hvítársíðuna, gistum næstu nótt í Norðtungu. Þar bjó þá gamall maður, Jón Þórðarson að nafni. Var hann

¹Nákvæmlega 50 árum síðar, eða 12. febrúar 1940, fór eg yfir Holtavörðuheiði á bíl ásamt mörgum fleirum. Fórum við úr strandferðaskipinu Esju á Hvammstanga klukkan 10 að morgni og vorum komin í Borgarnes klukkan 2 síðdegis. Var heiðin þá svo snjólaus að aðeins var sporrækt á háheiðinni en alautt í byggð og vegir þurrir eins og á sumardegi.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

alblindur en eitthvert skemmtilegasta gamalmenni sem eg hefi fyrir hitt fyrr og síðar. Tók hann okkur með kostum og kynjum og vorum þó allir honum ókunnir. Þann sið hafði hann að láta Norðlinga þá er hjá honum gistu lesa húslesturinn á kvöldin. Kvaðst hann gera það vegna þess að flestir þeirra læsu mjög vel. Kom það í minn hlut að lesa lesturinn þetta kvöld. Þegar búið var að kveikja um kvöldið veitti eg eftirtekt unglingsstúlku, lítið eitt eldri en eg, mjög laglegri og föngulegri, veitti henni nokkra athygli um kvöldið og virtist mér að hún myndi vera annað hvort dóttir eða öllu heldur fósturdóttir gamla mannsins. Þegar farið var að lesa um kvöldið færði hún mér bækurnar. Hefði eg helst viljað að hún yrði alla nóttina að færa mér bækur. Hugsaði eg mér að vanda lesturinn því eg fann eg hafði löngun til að vaxa heldur í augum heimasætunnar. Þegar farið var að syngja, fór heldur að fara um mig, því þá settist stúlkan á eitt rúmið undir hliðina á einum piltanna, stórum og karlmannlegum manni og söng með honum á sömu bók. Sá eg strax, þótt eg væri lítt reyndur, að þar átti eg keppinaut svo eg hugsaði minna um stúlkuna eftir það. Eftir lesturinn kallaði bóndi mig fyrir sig og þakkaði mér lesturinn, spurði mig um aldur og ætterni, þuklaði mig allan og kvað mig stóran og föngulegan eftir aldri. Síðar um kvöldið fór hann með okkur fram í stofu og gat þess að það væri fallegasta stofan í sýslunni, enda var hún sú skrautlegasta stofa sem eg hafði þá séð. Þar skemmti karl okkur til klukkan tólf um kvöldið. Enga borgun þáði hann fyrir næturgreiðann.

Nú héldum við yfir þveran Borgarfjörð og komum að Grund í Skorradal síðari hluta dags í mjög miklu rigningarveðri. Var okkur boðin þar gisting því ófært þótti að leggja á Draghálss í því veðri. Þar sá eg fyrst orgel í heimahúsum. Lék húsbóndinn á það um kvöldið okkur til skemmtunar. Á leiðinni milli Skorradals og Hvalfjarðarstrandar fórum við framhá dys sem mér var sagt að kölluð væri Steinkudys. Hygg eg það hafi verið á Ferstikluhálsi þó eg sé ekki alveg viss um það. Var það siður Norðlinga þegar þeir fóru þar um til vers að kasta koparpeningum í dysina. Var talið að vermenn ættu að fá jafnmörg hundruð til hlutar og þeir köstuðu mörgum aurum í dysina. Vildi eg ekki vera minni en aðrir og kastaði tíu aurum að Steinku, en líklega hefur henni ekki líkað silfrið því eg fékk ekki nema þrjú hundruð til hlutar yfir vertíðina.

Við gistum í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Man eg ekki nafn prestsins en hann var allmjög við aldur. Var þar það fátæklegasta prestssetur sem eg hefi komið á, en fúslega og vel var okkur veittur næturgreiði. Prestshjónin sátu við tóskap á vökunni, en að því er eg held var það uppkominn sonur þeirra er skemmti okkur við spil um kvöldið.

Yfir Hvalfjörð fengum við flutning frá Saurbæ. Kostaði hann 3 krónur eða 1 krónu fyrir manninn. Héldum við svo sem leið liggur yfir Kjósina og útá Kjalarnes og gistum þar um nóttina. Næsta dag fengum við sjóvegsferð til Reykjavíkur. Eitthvað borguðum við [fyrir] farið en ekki man eg með vissu hve mikið. Hygg þó að það hafi verið 50 aurar fyrir manninn. Þá var nú komið til Reykjavíkur. Ekki fannst mér sérlega mikið til um stórleik bæjarins. Flest húsin voru að stærð og gerð lík húsum þeim er eg hafði séð í verslunarstöðum norðanlands. Virtist mér Reykjavík vera að flestu leyti lík þeim nema byggðin var miklu meiri, þó ekki þéttari en í

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

verslunarstöðunum nyrðra en náði yfir langtum stærra svæði. Strax og komið var í land var haldið til gistihúss sem þá var Hótel Reykjavík. Stóð það við enda Aðalstrætis þar sem nú stendur hús Hjalpræðishersins eða á þeirri lóð, rauðmálað hús. Var herbergi það sem við komum inni óvistlegt mjög, enda heyrði eg það kallað Svínastíu. Ekki var það ætlun okkar að gista á “Hótelinu” heldur fá gistingu í kotunum á heimilum er Einar Stefánsson þekkti. Nokkrir Reykvíkingar voru staddir þarna á knæpunni og fjölgaði eftir að við komum. Þegar þeir sáu að við vorum vermenn var farið að spyrja hvaðan við værum og hvort við værum óráðnir. Var lítið gefið útá það en sagt við ætluðum lengra suður með sjó sem og var áformið. Þarna hitti eg mann sem ættaður var norðan úr Húnavatnssýslu en þá búsettur á Seli í Reykjavík og stundaði einhverja útgerð. Hann bauð mér gistingu hjá sér og spurði hvort eg ekki vildi ráðast til sín yfir vertíðina. Tók eg því fjarri og sagði honum sem var að eg ætlaði að hlíta forsjá Einars félaga míns enda myndi hann vera búinn að hugsa mér fyrir skiprúmi. Bauð nú gestgjafi minn mér til drykkju og þáði eg það, ætlaði mér þó að passa mig að verða ekki drukkin. Mun þó hafa drukkið fullmikið þó ekki teldi eg það þá sjálfur og vel man eg enn þegar við gengum vestur að Seli, síðar eftir Vesturgötu, sem nú er, nokkuð af leiðinni. Man eg eftir húsum sem standa enn í dag. Þegar heim að Seli kom tók húsmóðirin mjög vel á móti mér. Var hún líka norðlensk og mjög kunnug foreldrum mínum. Átti eg þar mjög góða gistingu. Morguninn eftir fór húsbóndinn að ámálga við mig að ráðast hjá sér yfir vertíðina og sagði að eg hefði dregist á það við sig kvöldið áður. Eg tók því fjarri að svo hefði verið og sagðist vel muna hvað okkur hefði farið á milli. Þóttist eg nú sjá hvað tilefnið var til veitinganna á Hótelinu og hét því með sjálfum mér að vara mig á slíkum brellum framvegis og hugsaði mér að eg skyldi ekki smakka vín fyrr en eg kæmi heim að Orrastöðum aftur enda hélt eg það heit. Eg kvaddi svo þau hjón með þakklæti fyrir gistingu og skildum við öll í vinsemd. Fylgdi húsbóndinn mér áleiðis þangað sem við félagar höfðum ákveðið að hittast og bauð mér að taka með sér eitt staup á knæpunni að skilnaði um leið og við gengum þar hjá en eg afþakkaði. Bauð hann mér að koma við hjá sér þegar eg færi heimleiðis um vorið sem eg kvaðst myndi gera ef eg færi þessa sömu leið til baka. Af því varð þó ekki vegna ástæðna sem síðar mun verða getið. Nú lagði Einar leið sína fram á Álftanes, ekki vegna þess að hann hugsaði til skiprúms þar fyrir neinn af okkur félögum, heldur til þess að hitta kunningjafólk sitt, sem árlega var í kaupavinnu fyrir norðan á sumrum. Gistum við í Halakoti og þar sá eg í fyrsta sinn sumt af því fólki er eg kynntist síðar.

Næsta dag var svo haldið til Hafnarfjarðar. Þar réði Einar mig hjá Vigdís, ekkju Björns, sem bjó í Þórukoti í Ytri-Njarðvík. Átti hún þá enn Þórukotið. Þar stóð allstórt timburhús sem hún leigði út sem verbúðir. Hélt hún út þriggjamannafari á vertíðinni. Eg var ráðinn fyrir 50 krónur fyrir vertíðina, frítt fæði, sjóklæði og sjóvettlinga, þótti það sæmilegt kaup. Vigdís bjó í húsi Ragnheiðar yfirsetukonu dóttur sinnar í Hafnarfirði. Bjuggu þær saman með tveim dætrum Ragnheiðar, Vigdís sem mun hafa verið 17-18 ára og Vilborgu sem var innan við fermingu. Hún (Vilborg) giftist Sveini Árnasyni yfirfiskmatsmanni. Í Hafnarfirði voru þá tvær

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Góðtemplarastúkur, Daníelsher Nr. 4 og Morgunstjarnan 11. Vigdís yngri var meðlimur í Daníelsher. Við urðum brátt samrýmd og atvikaðist það þannig að hún var leynilega trúlofuð pilti þar í firðinum og var eg henni oft hjálplegur með að ná fundi unnustans. Þegar hún vissi að eg neytti ekki áfengis lagði hún að mér að ganga í stúkuna sem hún var í, en eg taldi rétt að kynnast þeim málum nánar áður. Formaður minn hét Sigmundur Jónsson og var hann lærður stýrimaður, hann var meðlimur í stúkunni Daníelsher. Verður að því vikið síðar. Um þrjár vikur liðu frá því eg kom til Hafnarfjarðar þar til við fórum til vers suður að Þórukoti þar sem við lágum við yfir vertíðina. Var beðið eftir þriðja manningum sem líka var norðlenskur, Björn Jónsson linjumenni enda var hann heilsulinur. Það mun hafa verið komið fram yfir miðjan marsmánuð er við fluttum til vers að Þórukoti. Í verbúðinni, sem við höfðum, sem var hið áður áminnsta hús er Vigdís húsmóðir mín átti, voru að minnsta kosti 6 skipshafnir. Man eg eftir fjórum þriggjamanna förum. Vóru formenn þeirra þessir:

1. Sigmundur formaður minn
2. Guðmundur frá Skál í Reykjavík þá kominn um eða yfir sjötugt
3. Helgi, sonur Guðmundar, held eg hann hafi verið formaður, annars voru þeir tveir bræður á þeim bát
4. Jón skipasmiður úr Reykjavík, alltaf kallaður Jón “skipi”. Var það prýðilegur karl og hafði mikið dálæti á mér, kallaði mig alltaf “Norðlinginn sinn”.

Auk þessara töldu þriggjamanna fara voru að minnsta kosti tvær skipshafnir sem lágu við í sama húsinu niðri. Vóru það hvorutveggja sexæringar. Á öðrum þeirra var formaður Guðmundur Ásbjarnarson, hálfbróðir Guðmundar Ásbjarnarsonar fríkirkjuprests á Eskifirði. Var hann síðar um mörg ár formaður á bátum í Mjóafirði og víðar á Austfjörðum. Allir höfðu þessir viðleguvermenn svokallaðan “skrínukost”, þ.e. höfðu allan mat hjá sjálfum sér, en fengu soðna soðningu og eldaðan graut einu sinni á dag inni bænum hjá húsbóndanum þar er hét Þorleifur. Hafði hann til þess starfa gamla og geðilla kerlingu sem mallaði þetta á hlóðum í útihúsi við lélegan eldivið (þurrkað þang) og slæma aðbúð að öllu leyti. Fyrir þessi hlunnindi var einhver þóknun greidd sem eg man ekki hve mikil var af hverjum báti enda greiddi útgerðareigandi það. Vertíðinni er ekki ástæða til að lýsa. Hún gekk með öllu slysalaust hjá okkur, en var allerfið. Við notuðum allar tegundir veiðarfæra: handfæri, lóð og þorskanet. Auk þess höfðum við alltaf eftir að leið á vertíð grásleppunet liggjandi til að afla til beitu á handfærin, sem var hrogn og garnir grásleppunnar. Vóru það kölluð “ræksni”. Grásleppan var söltuð en rauðmagann notuðum við að mestu til matar. Afli varð alls til loka 300 hlutir af þorski, ýsa var ekki talin enda aflaðist lítið af henni.

Um páskana gengum við heim til Hafnarfjarðar og suður aftur á annan í páskum. Munum við hafa farið inneftir á skírdag. Var þá grenjandi norðanstormur og hríðarveður. Mér þótti munur aðbúnaðar mikill hjá Vigdísí gömlu eða sá sem við urðum að hlíta í verinu, sérstaklega þó matarhæfi. Var auðséð á öllu að Vigdís hafði verið myndarkona og kvenskörungur hinn mesti. Í

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

páskafríinu ámalgaði Vigds yngri að eg gengi í stúkuna. Sagði eg henni að ekki myndi eg gera það, því eg hefði grun um að ekki myndu allir félagar halda heit sitt tryggilega. Spurðist hún þá fyrir um hvort formaður minn mundi hafa drukkið á vertíðinni. Gaf eg lítið útá það en sagði að mér virtist hann bera litla virðingu fyrir stúkunni eða heiti því sem hann hefði unnið. Rétt fyrir lokin sigldum við heim til Hafnarfjarðar. Var þá fenginn teinahringur (tíæringur) lánaður hjá Linnet kaupmanni til þess að sækja vertíðaraflann á og flytja til Hafnarfjarðar því þar var allur aflinn verkaður. Var fenginn fjórði maður okkur til hjálpar, Pétur Þorláksson, norðlenskur að ætt, er löngu síðar flutti til Norðfjarðar og dó þar. Var hann vínhneigður.

Við lögðum á stað úr Hafnarfirði klukkan 3 um nótt í hægu landsunnan leiði. Formaður sat við stýri en eg passaði forseglin (fokku og klýfi), Pétur var afturí hjá formanni. Þegar við komum útfyrir Hvaleyri tók Pétur upp flösku og bauð formanni að súpa á en hann færðist undan. Segir Pétur þá eitthvað á þá leið “hvort hann sé hræddur við strákinn að hann segi frá því”. Formaður ansaði því engu, en mér rann í skap og segi að ekki muni húsmóðir okkar hafa útvegað fjórða mann til hjálpar til þess að hella okkur fulla áður en ferðin sé byrjuð. Reiddist þá Pétur og stökk frammi og keyrði mig á hausinn fram í barka. Kallaði þá formaður til hans og skipaði honum að koma strax afturí sem hann og gerði, en ekki var flaskan tekin upp aftur á leiðinni suður. Þegar suður kom var háfjara. Var skipinu beint nokkuð upp í vörina og fiskurinn allur borinn í það. Var fiskurinn í grjótbyrgi rétt á sjávarbakkanum því annað söltunarpláss höfðum við ekki. Urðum við að geyma salt ásamt fiskinum í þessu opna byrgi alla vertíðina og höfðum ekki annað til að verja það mót snjóum og rigningum en lélegar seglatuskur. Gengum við nú af kappi að því að bera fiskinn í skipið og var því lokið áður en fallið var undir það. Þegar skipið flaut voru sett upp segl, því lítið myndum við hafa komist á árum á svo stóru skipi. Þegar við komum inn á móts við Voga gekk vindur meira til vesturs svo við gátum siglt einn bóg alla leið án þess að venda. Á inneftirleiðinni tók Pétur upp flöskuna og drakk þá Sigmundur með honum. Gaf eg mig ekkert að því en einhverntíma á leiðinni kom Sigmundur frammi til mín og var þá auðsjáanlega orðinn “hreifur”. Spjallaði hann lengi við mig og sagði meðal annars að sér hefði líkað vel við mig yfir vertíðina og að við skyldum alltaf verða vinir og annað því um líkt. Eg mun litlu hafa svarað en sagðist ekki hafa yfir neinu að kvarta frá hans hendi. Fiskflutningur gekk vel en endaði þó með því að báðir urðu þeir útúrfullir um nóttina við að afferma skipið, formaðurinn og Pétur. Daginn eftir fór Sigmundur inn til Reykjavíkur og réðist þar sem stýrimaður á fiskikúttar. Hitti eg hann um kvöldið og var hann þá mikið drukinn. Þetta voru fyrstu kynni mín af Templurum og fékk eg hálfgerðan ýmugust á reglunni við þessa kynningu, sem auðvitað var ástæðulaust að saka regluna um framkomu einstakra meðlima hennar.

Nú var kominn lokadagur og hlakkaði eg til heimfararinnar engu minna en eg hafði hlakkað til fararinnar að heiman. Húsmóðir mín borgaði mér kaupið í peningum 50 krónur og þótti mér allhá upphæð. Auk þess gaf hún mér nokkurt nesti til heimferðarinnar. Eg kvaddi þær Vigdísirnar með þakklæti fyrir samveruna. Þá eldri sá eg aldrei síðar en þá yngri hitti eg

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

einusinni allmörgum árum síðar um borð í skipi á Norðfjarðarhöfn. Var hún þá að fara í kaupavinnu norður á firði.

Snemma að morgni hins 12. maí lagði eg á stað úr Hafnarfirði inn til Reykjavíkur. Hafði eg ætlað að bíða eftir Einari ferðafélaga mínum og verða honum samferða en heimþráin var orðin svo mikil að eg lagði einn á stað, enda var maður sá er eg hafði fengið í stað minn á Orrastöðum laus 14. maí en eg vissi að full þörf var orðin fyrir vinnu mína þar og mér var skylt að leggja kapp á að komast heim sem fyrst.

Til Reykjavíkur kom eg laust fyrir hádegi. Var eg þá svo heppinn að hitta þar bát af Akranesi sem var á förum uppeftir. Falaði eg far með honum og gekk það greiðlega. Kostaði farið eina krónu. Það varð því ekkert úr því að eg hitti Jón á Seli, gistivin minn frá því um veturinn og hefði eg þó viljað það ef ástæður hefðu leyft. Ferðin til Akraness gekk að óskum. Formaður bátsins hét Árni og átti heima í Sýruparti. Bauð hann mér heim og gaf mér kaffi. Þegar þangað kom voru þar fyrir menn sem ætluðu samdægurs uppí Borgarnes. Útvegaði Árni mér far með þeim og síðari hluta dags var lagt á stað. Gekk sú ferð slysalaust en nokkuð seint að mér fannst, því róa varð alla leið. Þegar til Borgarness kom var komið fram yfir háttatíma. Tók eg þá “Helsingjabagga” minn á bak mér og labbaði á stað. Eg var alókunnugur leiðinni að Fornahvammi en nótt var orðin björt og eg kveið engu. Eg fór um á forna höfuðbólínu Borg. Veitti eg því eftirtekt að mér fannst kirkjan þar snúa þvert við það sem eg hafði áður vanist eða frá suðri til norðurs. Sá eg að annað tveggja var eg áttavilltur eða kirkjan sneri öfugt við aðrar kirkjur. Eg áleit að það væri kirkjan en ekki eg sem væri áttavillt og með það þrammaði eg á stað. Eg gekk það sem eftir var nætur og þar til síðarihluta dags, var eg þá kominn að Hvammi í Norðurárdal. Þar var þá prestssetur. Bað eg þar um að fá að leggja mig nokkra stund til svefns, sem var greiðlega veitt. Mun eg hafa sofið þar fram um náttmál en þá lagði eg til göngu aftur og hélt nú án þess að gista að Auðunnarstöðum í Víðidal. Þangað kom eg að kvöldi þess 14. maí og gisti þar í besta yfirlæti hjá Ingibjörgu Eysteinsdóttur og manni hennar, sem eg ætlaði að gista hjá um veturinn en fórst fyrir af orsökum sem áður er skýrt frá. Heim að Orrastöðum kom eg nálægt miðjum aftni þann 15. maí eftir tveggja og háls sólarhrings ferð frá Hafnarfirði. Mér var fagnað af húsbændum mínum og börnum þeirra, sem eg færði sinn kandísmolann hverju. Þótti þeim það síst minna sælgæti en börnum nú á tímum þykir hinn svonefndi brjóstsýkur. Alla leið fékk eg þurrt og bjart veður en sólfar var ekki mikið. Eg var ánægður yfir að vera kominn heim og mér virtist allt heimilisfólkið einnig vera það. Eg gat greitt Jónasi á Tindum tíu krónu peninginn og rollan var leyst úr veðböndum. Eg hefi oft hugsað um það á síðari árum hvort að ungmenni þau sem nú á tímum sækja eins til tveggja vetra nám á hina ágætu héraðsskóla okkar komi þaðan með meiri reynsluförða heldur en eg á 16. ári kom heim með úr þessari verferð minni. Eg veit það ekki. Eg játa það, að þeir fá allir meiri lærdóm í bóklegum fræðum og máski í þekkingu í nútíma viðhorfum á ýmsum efnum, en hitt veit eg að sú lífsreynsla sem eg fékk í þessari fyrstu för minni úr áttögunum hefir orðið mér heilladrjúgt veganesti á lífstíðinni. Að

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

veita unglíngunum hina bóklegu þekkingu, það er það sem ber að gera en hitt ekki ógert að láta.

Fyrsta koma mín til Norðfjarðar

Árið 1891 í júnímánuði kom eg fyrst til Norðfjarðar. Við þá komu mína kom fyrir atvik sem eg minnst vel. Eg kom til Eskifjarðar með „Thyra“ sem þá var einasta strandferðaskipið hér við land, þó þannig að skipið kom frá útlöndum ýmist til Reykjavíkur eða Austfjarða (Eskifjarðar) og fór svo norður fyrir land og til útlanda. Innanlandsferðir voru þá engar milli Austfjarða og Reykjavíkur fyrr en Otto Wathne og Thorefélagið litlu síðar fóru að senda skip vor og haust, aðallega til þess að flytja fólk til og frá Austfjörðum, sem sótti þá margt atvinnu til Austfjarða og varð þó fleira síðar. Verður þeirra flutninga máski minnst síðar.

Þegar eg kom til Eskifjarðar með Thyru var þar fyrir Pálmi bróðir minn með þrjá hesta til þess að sækja mig ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sem þá kom einnig norðan úr Húnavatnssýslu og ætlaði til Einars hreppstjóra á Ekru. Þetta var síðla dags og ætluðum við að leggja strax á stað yfir Oddskarð til Norðfjarðar. Þegar átti að leggja af stað kom það í ljós að tveir af hestunum voru horfnir og var talið líklegast að þeir myndu hafa lagt til stroks til Norðfjarðar. Var nú afráðið að eg legði á stað með þann eina hest sem vís var og nauðsynlegasta farangur okkar Guðmundar í hnakknum. Annar farangur átti að koma með seglskútu frá C.D. Tuliniusi, “Mandal”, sem skömmu síðar átti að fara til Norðfjarðar með salt. Þeir Pálmi og Guðmundur fóru beint upp fjall uppá Lambeyrardal til að leita hinna týndu hesta, en eg átti að huga að þeim meðfram veginum og bíða þeirra við Svínaskálaland. Hinir týndu hestar voru rauð hryssa sem Einar hreppstjóri átti og önnur hryssa rauð, sem Stefán Oddsson, þá í Skálateigi, átti og hafði lánað Pálma. Hélt eg nú eftir veginum út og upp fjallið með rauðan klár í togi undir föggum okkar Guðmundar. Mun þá hafa verið komið fram yfir náttmál er við lögðum af stað í mjög fögru veðri. Gekk ferð mín vel og mér þótti ferðalagið hið skemmtilegasta. Útsýn hin fegursta útyfir Reyðarfjörð og Skrúð og suður til Hólmatinds og suðurfjallanna. Þegar eg kom útfyrir Hólgerðarfjall að læk þeim er eg ætlaði vera Svínaskálalind, eftir tilvísun Pálma, sem og var, stansaði eg þar og tók trússin úr hnakknum til þess að bíða þar þeirra félaga minna. Hafði eg litast um meðfram veginum eftir hinum týndu hestum en einskis orðið vísari og hvergi orðið var við ný hestaför á veginum, sem bentu til þess að þeir hefðu haldið eftir honum. Gekk eg því næst upp á hæð dálitla sem er til vinstri handar við veginn þegar til Norðfjarðar er haldið til þess að horfa eftir hestunum en varð einskis vísari. Varð mér þá litið uppí fjallið (Hólgerðarfjall) austan megin og sé þá strax að tveir rauðir hestar standa í neðstu rák kletta þeirra sem efst eru í fjallinu. Höfðu [þeir] farið inní rákina sem er nokkuð breið að vestanverðu og haldið svo norður eftir henni þar til þeir komu að litlu gili sem sker rákina sundur. Er rákin orðin þar nokkuð þröng og höfðu þeir ekki treyst sér til að snúa við í rákinni til þess að fara sömu leið til baka, né heldur til þess að stökkva fram af klettabrák sem mun hafa verið allt að tvær álnir á hæð ofan í hið áður nefnda gil. Var það jafnsnemma að eg ákvað að fara upp til hestanna og freista þess að ná þeim og að þeir komu á brúnina á fjallinu þeir Pálmi og Guðmundur. Höfðu þeir rakið för

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

hestanna eftir melum inná fjallinu allt að rákarbyrjun, en nú leist þeim ekki að halda eftir rákinni og bjuggust við að hestarnir myndu vera hrapaðir framaf. Eg reyndi að kalla til þeirra og gera þeim skiljanlegt að hestarnir stæðu í rákinni en það bar ekki árangur. Þeir sneru við og hurfu innaf fjallsröðinni. Eg lagði því á stað upp til hestanna og gekk förin mjög greiðlega. Var eg á íslenskum skóm, hafði þá enn ekki eignast “danska” skó, svo mér gekk vel að komast uppí rákina til hestanna. Sá eg strax að hryssurnar vóru orðnar hræddar, einkum sú sem var síðar, þ.e. vestar í rákinni því hún skalf en veður var mjög hlýtt. Ætlaði eg nú að reyna að koma þeim sömu leið til baka, en það reyndist ekki hægt vegna þess að eg gat ekki snúið síðari hryssunni við í rákinni nema með stimpingum sem stafaði af því hve hrædd hún var orðin. Óttaðist eg að ef eg færi að stimpast við að snúa henni við þarna í rákinni án þess að hún væri fús til þess sjálf, gæti það orðið til þess að eg missti hana fram af klettabrúninni, sem var nokkuð há og gæti það valdið slysi eða dauða hryssunnar. Eg tók því það ráð að reyna að lokka þá sem á undan var til þess að stökkva fram úr rákarendanum á eftir mér ofan í gilið. Lukkaðist það á endanum, eftir að eg var búinn að spekja hana með því að strjúka hana alla og kjassa og sjálfur búinn að fara fram af klettabríkinni tvisvar, þrisvar og upp aftur. Kom þá hin tafarlaust á eftir. Í gilinu var mikið lausagrjót en ekki mjög stórt. Óttaðist eg að hryssurnar myndu meiðast nokkuð á leggjum þegar þær stykkju fram af brúninni, en ekki kom það að sök. Að vísu blæddi nokkuð úr framfótum, sérstaklega á annarri, en það vóru lítil sár og hvorug þeirra var hölt. Teymdi eg svo aðra niður skriðuna en hin kom sjálf á eftir og gekk allt vel. Beið eg nú þarna við lindina nokkra stund þar til þeir komu félagar mínir. Þóttust þeir þá heimt hafa hryssurnar úr helju því þeir hefðu búist við að þær væru báðar hrapaðar, þegar þeir hefðu séð för þeirra liggja útí rákina. Tóku þeir nú báðar hryssurnar og fóru með þær ofan á Eskifjörð og sóttu hnakkana en eg lagði mig fyrir hjá gamla Rauð og sofnaði. Eftir hæfilegan tíma komu þeir svo aftur ríðandi. Skiptum við svo trússunum á hnakkana og riðum allir norður yfir. Þegar við komum norður fyrir skarðið var glaðasólskin og þótti mér þá Norðfjörður fagur yfir að líta og því fegurri sem nær kom, enda hefir hann æ síðan verið fagur í mínum augum. Eftir fótaferð komum við að Kirkjubóli til Símonar frænda og fengum bestu viðtökur. Þetta var mín fyrsta ferð yfir Oddsskarð. Síðan hef eg marga ferð farið yfir það bæði að sumri og vetri, bæði í björtu og dimmu og aldrei orðið fyrir verulegum hrakningum eða villu.

Býli á Nesi 1891

Pegar eg kom fyrst til Norðfjarðar 22. júní 1891 þá fluttist eg til Pálma bróður míns sem þá bjó í Naustahvammi á býli sem nefnt var Grund. Var það nokkru ofar en svonefndur Arabær. Eru þar nú aðeins fjárhús þar sem íbúðarhúsið stóð. Var það timburhús í tóft með timburþili á suðurhlið og íbúðarhæft á lofti, með fjósi á bakvið og var hlaðinn oddmyndaður grjótt og torfveggur þar á bakvið. Vísaði oddurinn móti fjallinu og var veggur þessi hlaðinn til þess að snjóflóð skyldu klofna á honum og íbúðarhúsið verjast betur ef snjóflóð kæmu. Árið 1885 hlupu snjóflóð mikil á Naustahvamm. Tók þá af bæ þennan og annan nokkru utar og fórust tvær manneskjur á Grund en tveimur var bjargað úr rústum. Á hinum bænum fórst enginn maður en fólkið var mjög hætt komið og var grafið uppúr fönninni eftir marga klukkutíma, þar á meðal Jón Einarsson, sem nú, 1939, býr í Naustahvammi og móðir hans Þorbjörg og bróðir, Guðjón, sem bæði eru löngu dáin en sluppu þá ómeidd úr snjóflóðinu.

Pegar eg kom til Norðfjarðar fyrst, var þar allmikið öðruvísi umhorfs en nú er. Á því svæði sem Neskaupstaður nú nær yfir bjuggu þá aðeins rúmí 70 menn og í allólíkum húsakynnum en nú eru þar, þó léleg þyki. Samt voru húsakynni á Nesi alls ekki lakari en þá gerðist almennt og víðast mun betri en í sveitinni innar, nema á Skorrastað. Þar voru þau allgóð eftir því sem þá var talið, stór alþiljuð baðstofa á gólfi og timburhús framan við, hvorttveggja nú fyrir skömmu rífið og steinhús komið í staðinn. Vil eg lýsa býlum á Nesi eins og þau voru 1891 og geta íbúatölu eftir því sem eg man best. Getur þó einhverju skakkað um íbúatöluna en vart mun það vera mikið.

1. Bakki: Þar bjó Halldór Stefánsson.

Torfbáðstofa 4 stafgólf öll þiljuð, fjós undir palli. Timburhús í tóft með þilvegg á suðurhlið, 12 álna langt, ekki með porti, í því tvær stofur málaðar. Þótti myndarlegt hús, oft dansað í annarri stofunni. Milli hússins og baðstofunnar var búr og eldhús. Heimilisfólk var þar 12 menn.

2. Útbær (á Nesi): Sveinn Sigfússon borgari.

Þar var stórt timburhús með verslunarbúð í vesturenda. Það hús stendur enn, nú kallað Gamla Lúðvíkshús. Var það að vísu nokkuð öðruvísi en það er nú. Þá voru engir kvistir á því en skúrbygging meðfram allri norðurhlið, 5 álna breið. Var í austurenda þeirrar byggingar búr og að nokkru leyti eldhús, en í vesturenda var vörugeymsla. Síðar voru settir kvistir á húsið og nokkru seinna var skúrinn rífinn frá norðurhlið þess og stendur með þeim ummerkjum síðan. Hús þetta, eða aðalviðir þess, er orðið mjög gamalt. Var það um 1880 flutt frá Noregi og sett upp sem síldveiðahús á Nesströnd þar sem nú eru sjóhús Gísla Bergsveinssonar, þá kallað "Hansens-hús". 1885 keypti Sveinn Sigfússon það og flutti þangað sem það nú stendur og byrjaði verslun í því og verslaði þar þar til 1894 að hann byggði núverandi verslunarhús Sigfúsarverslunar. Var það fyrsta verslun sem

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

kom á Nesi og var sveitaverslun þar til 1895 að löggilt var fyrsta verslunarlóð á Nesi frá Neslæk að Ekrulæk, 30 faðma frá sjó. Heimilisfólk hjá Sveini held eg að hafi þá verið 11 menn.

3. Frambær (á Nesi): Þar bjó Pétur Björnsson (þá lagstur rúmfastur vegna langvarandi vanheilsu).

Baðstofa 4 stafgólf, fjós undir lofti á þremur stafgólfum, en eitt stafgólf var á palli og var það allt úr timbri, utan og innan. Var það fyrsta timburhús sem reist var á Nesi og hefi eg nokkuð lýst því á öðrum stað. Á Frambæ var þá komið timburhús framan við baðstofuna. Var tóft að því á þrjá vegu upp að porti. Hefi eg einnig nokkuð lýst því annarsstaðar. Pétur hafði ekki húsið til afnota. Heimilismenn 5.

Á Neseyrinni voru þá aðeins þessar byggingar: Fyrir utan Neslækinn var aðeins einn stór timburskúr 24+12 álnir, þiljaður sundur í sex herbergi og allur panelaður innan, til íbúðar fyrir Færeyinga sem þá reru á bátum frá Nesi og seldu Mortensen kaupmanni í Trangisvaag fiskinn blautan. Guldu þeir 1/10-1/12 part fyrir hús og uppsátur og var mjög sóttst eftir að fá Færeyinga til þess að leigja kofa sem menn áttu og voru ekki allir merkilegir. Skúr þessi var þá nýbyggður einungis til þess að leigja hann Færeyingum. Áttu þeir hann í félagi Sveinn Sigfússon og Þorsteinn Jónsson frá Kirkjubóli. Ýmsir fleiri byggðu skúra til að leigja Færeyingum á þeim árum, en flestir létu sér nægja að laga til gamla sjóskúra og jafnvel fjárhús til þess að leigja þeim og höfðu oft mikla peninga uppúr. Annar skúr var þar rétt hjá sem Sveinn Sigfússon átti og notaður var fyrstu verslunarár hans til að geyma í þurran saltfisk. Fyrir framan lækinn var fyrst lítill fiskiskúr sem fylgdi Frambæ. Þá kom litlu vestar gríðarstór skúr sem Mortensen átti. Var hann 12 álnir á breidd og allt að 30 álnir á lengd, ósundurþiljaður og notaður til að salta í fisk þann er Mortensen keypti af Færeyingum og til að geyma í salt. Var hann ætíð að mestu tómur á vetrum og þá oft notaður til dansleiks og til þess að sýna þar sjónleik. Fyrir kom og að haldnar voru í honum brúðkaupsveislur. Man eg eftir einni slíkri 1891 um haustið þegar þau giftust Gísli Þorláksson og Ingibjörg Brynjólfsdóttir og Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Una Ormarsdóttir. Héldu þessi tvenn brúðhjón sameiginlega stórveislu í Mortensensskúrnum. Var talið að í henni hefðu verið á þriðja hundrað boðsgesta. Var það alsíða þá að brúðhjón héldu stórveislu þó fátæk væru og öll aðstaða með slík veisluhöld erfið. Eftir að eg kom til Norðfjarðar fóru þó stórveislur mjög minnkandi og lögðust skömmu síðar með öllu niður.

Lítið eitt vestar en Mortensensskúrinn stóð svokallað Eyrarhús, gamalt síldveiðihús er Norðmenn áttu. Var það nokkru síðar keypt af Sveini Sigfússyni og flutt fram að Ekrulæknum og stendur þar enn, þó í slæmu formi. Beint niður af Ekru stóð skemma sem tilheyrði Ekru. Voru að henni torfveggir en timburstofa er sneri að sjónum. Var hún rifin 1893 þegar Sveinn Sigfússon fór að undirbúa byggingar þar.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

4. Ekra: Einar Jónsson hreppstjóri.

Þar var 4 stafgólfa baðstofa með fjósi undir lofti og lítið hús fram á hlaðið með torfveggjum á þrjá vegu en timburhlið móti suðri. Þar voru 7 heimilismenn.

5. Porkelshús: Porkell Jónsson Færeyingur.

Timburhús grafið inn í mel með grjótveggjum á tvo vegu en timburveggir á hina með skúr við suðurstafn. Járnlætt timburþak. Var það þá eina húsið á Nesi sem var með járnvörðu þaki, hin húsin öll voru með pappavörðum þökum. Þetta hús stendur enn. Heimilismaður einn.

Annað hús átti Porkell fast austan við íbúðarhúsið. Var það í grjóthlaðinni tóft með timburvegg að sunnan og torfþaki, kallað “Ráðagerði”. Það var aðallega notað til íbúðar fyrir Færeyinga. Þó kom fyrir að búið væri í því á vetrum. Austan við “Ráðagerði” stóð svonefnt “Jóns Magnússonarhús”. Voru að því grjótveggir á allar hliðar en þak og stafnar fyrir ofan tóftina úr timbri pappklætt. Var hús þetta “anleggshús”, sem svo var nefnt, frá verslun Jóns Magnússonar á Eskifirði. Var húsið niðri notað fyrir saltgeymslu og til fiskitöku en uppi voru geymdar aðrar vörur, svo sem ull og þessháttar og stundum lítilsháttar af erlendum vörum. Var send “jakt” frá Eskifirði tvisvar til þrisvar á sumri með salt og matvöru til viðskiptamannaverslunarinnar og til þess að taka ull og fisk til baka. Einnig keypti verslunin stundum blautan fisk af mönnum og lét salta hann í húsinu en það var með öllu niðurlagt þegar hér var komið. Hafði Sveinn Sigfússon verið einskona verslunarstjóri fyrir þessa verslun áður en hann byrjaði að versla sjálfur. Nokkru austar en “Jónshúsið” var sjóhús frá Bakka, grjóttóft með timburþaki, fremur lélegt. Fyrir austan litla lækinn stóð timburskúr eigi alllítill kallaður “Svenskara skúr”. Munu sænskir menn hafa byggt hann til fiskkaupa, en eigi þekki eg þá sögu. Skúr þessi var seldur skömmu seinna og rifinn.

6. Kvíaból: Ormar Guðmundsson.

Þar var torfbær, heldur þrifalegur. Skemma niður við sjóinn, vel um gengin og með góðri hurð og læsingu fyrir, sem þá var fremur ótítt með sjóskúra hér. 5 menn.

7. Þiljuvellir: Brynjólfur Einarsson og Gísli Þorláksson.

Þar var torfbaðstofa með timburstafni, fjós ekki undir palli heldur sérstakt nokkuð til hliðar. Önnur bæjarhús öll úr torfi. Hús öll á Þiljuvöllum tók af að mestu í snjóflóði veturinn 1894. Þó fór baðstofan ekki alveg en skekkist og brotnaði. Manntjón varð ekki en um 30 kindur og einn hestur fórust í snjóflóðinu. Þar hefir ekki verið byggð síðan. Heimilisfólk 1891 6 menn.

8. Adamsborg: Adam Sveinsson.

Þar var hús með torfveggjum á þrjá vegu og torfþaki en timburþil á suðurhlið. Stóð hús þetta þar sem nú stendur verslunarhús Konráðsverslunar. 3 heimilismenn.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

9. Frambæjarstekkur: Ólafur Hansson.

Torfbær sem stóð nokkru neðar en nú stendur Goodtemplarahúsið. 2 menn. Nálægt því sem nú stendur húsið sem nú er kallað “Brenna” var þá nýbyggt lítið hús sem kallað var “Sáluhjálpin”. Höfðu þeir byggt það séra Jón Guðmundsson og Þorsteinn Jónsson frá Kirkjubóli til þess að leigja það Færeyingum. Þetta hús var skömmu síðar selt og rífið.

10. Jóhansenshús: Þorsteinn Jónsson.

Hús þetta var stórt tvílyft timburhús. Íbúð á efri hæð en neðri hæð notuð aðallega fyrir salt og aðra geymslu. Sig. Johansen, sem síðar var á Seyðisfirði og Vopnafirði, bróðir Rolf Johansen á Reyðarfirði, byggði hús þetta skömmu eftir 1880 sem síldveiðahús, en um þessar mundir hafði Þorsteinn Jónsson eignarrétt á því. Síðar var húsið selt og flutt til Reyðarfjarðar og sett þar upp til notkunar við síldveiðar. Það stóð þar sem nú standa hin gömlu verslunarhús Stefáns Stefánssonar. Heimilismenn voru 2.

Nokkru innar í vikinni stóð lifrabræðsluhús sem Þorsteinn Jónsson átti. Það var síðar rífið og flutt útað Nesi, sett niður lítið eitt ofar en Haugstaðir standa nú, fast við lækinn. Það brann til kaldra kola haustið 1894.

Á Tröllanesinu stóð “anleggshús” sem C.D. Tulinius á Eskifirði átti, sama stærð og hús Jóns Magnússonar, sem áður hefir verið lýst. Byggt nákvæmlega á sama hátt og notað til hins sama. Hús þetta keyptu þeir Ólafur Ásgeirsson og Páll Markússon 1896 og byggðu við suðurhlið þess íbúðarhús það sem Páll býr í nú. Var það fyrsta íbúðarhúsið sem byggt var á Tröllanesinu.

11. Bjarnaborg: Vilhelm Eyjólfsson.

Torfbær fremur lélegur. Heimilismenn 6.

12. Skriða: Friðrik Jóhannsson.

Lítið hús í tóft úr torfi og grjóti, með torfþaki og timburþili á suðurhlið. Hús þetta var síðar stækkað í það form sem nú er eldri hluti af húsi Margrétar Jóhannsdóttur.

Heimilismenn voru þar 2.

13. Hrapandi: (Þá var ekki búið í kofanum en Jónas Þorsteinsson flutti í hann að mig minnir um haustið).

Torfkofi er stóð á sama stað og hús Jóns Einarssonar stendur nú.

14. Hali: Þorbjörg Jónsdóttir.

Torfbær með timburstafni móti suðri. Stóð hann þar sem heyhlaða Hinriks Þorsteinssonar stendur nú. Heimilismenn 3.

15. Naustahvammur I: Ari Marteinson.

Torfbær með timburþili á suðurhlið, svipaður ýmsum þeim sem eg hefi áður lýst, lítið eitt vestar og ofar en hús Þorleifs Ásmundssonar stendur nú. Heimilismenn 6.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

16. Naustahvammur II: Sveinn Stefánsson

Torfbær í sama stíl. Stóð hann á hól þeim er nú er efst í túni Jóns Sveinssonar.

Heimilismenn 3.

17. Naustahvammur III (Grund): Pálmi Pálmason.

Er því áður lýst hér að framan.

Eg hefi þá lýst öllum býlum á því svæði sem Neskaupstaður nú nær yfir og getið tölu heimilisfólks á hverju býli, eftir því sem eg man best. Getur að vísu einhverju skakkað um íbúatölu en mikið er það ekki. Auk þess hefi eg getið allra bygginga á þessu svæði annarra en gripahúsa, og geta menn glögglega gert sér í hugarlund hvernig byggðinni var háttað þó lýsing þessi sé ekki eins fullkomin og hún hefði mátt vera ef uppdráttur hefði fylgt, en það ætti að vera mögulegt að gera uppdrátt allgreinilegan eftir þessari lýsingu þó eg búist ekki við að eg leggi í það. Aðeins vantar lýsingar á örfáum sjóhúsum, sem flest voru lítilfjörleg og nokkrum kindakofum sem minna máli skiptir um.

Ari Marteinson átti myndarlegasta sjóhúsið sem þá var, enda var það þá notað fyrir Færeyinga. Stendur það enn óbreytt að formi en hefir verið bætt að nokkru að viðum. Sveinn Stefánsson átt líka sjóhús sem stóð í fjörunni við austur takmörkin á túni hans, grjóttóft með timburþaki og timburstöfnum.

Tíðarfar

Harðinda- og ísaárin sem gengu yfir Norður- og Austurland um og eftir 1880 voru farin að strjálást um 1890. Þó komu snjóá- og ísaár á milli og yfirleitt voru þá snjóalög á Austurlandi allmikið meiri en á fyrrihluta 20stu aldarinnar. 1892 var mjög hart vor á Austurlandi. Veturinn var nokkuð snjóþungur frá nýári þar til í góulok. Þá gekk til þíðviðris og allan einmánuð var góð tíð, svo að snjólaust var með öllu í lágsveitum um sumarmál. Þá brá til norðan- og norðaustanáttar og frosta og um krossmessu var kominn svo mikill hafís að 3. maí gekk krossmessufólk á ísi frá Barðsnesi yfir Norðfjörð að Nesi. Hélt sú veðráttá fram yfir hvítasunnu. Þá fór tíð að hlýna. Þó voru allir firðir fullir af ís til 20. júní. Hvarf ísinn þá eins snögglega eins og hann kom og fiskafi varð strax sæmilegur. Þetta vor báru allar ær í húsum, er það sá erfiðasti sauðburður sem eg man eftir, þó oft hafi gengið erfiðlega. Sérstaklega voru erfiðleikar miklir með húsrúm því hlöður voru þá fáar. Fjáfellir varð ekki mikill þetta vor en lambatjón allverulegt.

Veturinn 1892-1893

Vetur þessi var allsnjóþungur hér austanlands, einkum snjóaði mikið á föstunni. Var þá allmikill uggur í bændum um afkomu búpenings því nú voru engar fyrningar frá árinu áður. Óttuðust margir að á eftir snjóþyngslunum myndi koma hart vor og alltaf óttuðust menn landsins forna fjanda, hafísinn, og ef hann kom var ekki að sökum að spyrja. Óttuðust bændur í Norðfirði að sömu vorharðindi myndu dynja yfir og vorið áður. Voru því nokkrir bændur sem skáru af fódurum í vikunni fyrir páska nautgripi og hrúta. En uppúr páskum gerði góðan bata og voraði vel svo öllu reiddi vel af.

Veturinn 1893-1894

Vetur sá var mjög snjóþungur frá janúar til páska, sá snjóþyngsti af þessum þrem vetrum. Snjóaði þá hér í fjörðum látlaust hvern dag í 3 vikur. Þá gekk mjög skæð inflúensa um allt Austurland og dó mesti fjöldi af fólki úr veikinni, einkum eldra fólk. Var þá víða mjög erfitt á heimilum með skepnuhirðingu. Kom það fyrir að fé varð að standa málþola svo dögum skipti því enginn var svo rólfær að hann gæti sinnt gripum. Víða voru miklir erfiðleikar á að koma líkum til grafar og hér í Norðfirði stóðu uppi 7 lík um tíma vegna þess að ekki var hægt að koma þeim til grafar sökum mannleysis og þess að ófært var um sveitina vegna fannkyngis.

Alla þessa vetra var mikið um snjóflóð hér á Norðfirði en ekki öllu þau tjóni sem teljandi var nema 1894. Þá var engin byggð innar en í Krossskálavík að undanteknum tveim býlum, Bjarnaborg og Skriðu, fyrr en í Naustahvammi.. Á Skriðu bjó Friðrik Jóhannsson með móður sinni en á Bjarnaborg bjó Vilhelm Eyjólfsson og kona hans, Sigríður Bjarnadóttir, með börn sín. Voru þar léleg húsakynni. Voru þau hjón ásamt börnunum alla veturna flutt útað Nesi vegna

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

snjóflóðahættu. Ekki grandaði snjóflóð kofunum samt, en 1894 hljóp feiknamikið flóð úr Tröllagilinu og fór nokkur hluti þess yfir kofana á Bjarnaborg en ekki skemmdust þeir til muna því aðalflóðið fór utar og langt í sjó fram. Var flóðið svo þykkt þar sem sjórinn braut framan af því í fjörunni að það var talið 18 álnir á þykkt.

Alla þessa vetur, á meðan snjóflóðahætta var, var aldrei farið á milli Naustahvamms og Ness nema á fjöru, enda var lítt fært vegna snjóþyngsla eftir ströndinni. Var stillt svo til að fara þessa leið helst á fjarandi sjó, því menn höfðu þá trú að meiri hætta væri á að snjóflóð féllu með flæðandi sjó. 1894 féll eina snjóflóðið á þessum árum sem olli verulegu tjóni, þó á hverjum vetri féllu snjóflóð í sjó fram. Þetta flóð sem tjóninu olli féll úr Drangaskarðsgilinu og kinninni að vestan, alla leið ofan úr fjallsegg. Féll það yfir bæ og útihús á Þiljuvöllum og drap um 30 kindur og einn hest, tók af útihús nær öll, mikið af heyi og féll úti sjó eftir Kvíabólslæknum en sakaði ekki hús til muna á Kvíabóli. Manntjóni olli það ekki og skall þó þar hurð nærri hælum. Gísli Þorláksson, sem þá bjó á Þiljuvöllum, var, ásamt tengdaföður sínum Brynjólfi Einarssyni, í snjóhúsi sem byggt hafði verið yfir vatnsból í gilinu fyrir vestan bæinn. Vóru þar fleiri mannhæðir frá yfirborði niður að vatni og snjótröppur sem gengið var eftir, en op snjóhússins um það bil jafnhátt gilbarminum. Gísli var staddur neðarlega í brunnhúsinu þegar snjóflóðið féll en Brynjólfur nokkru ofar. Ekki fylltist brunnhús alveg til botns og stóð Gísli í nokkru rúmi sem ekki fylltist af snjó. Vildi það þeim til lífs að Gísli var með góða skóflu í höndum. Tók hann nú að grafa sig með skóflunni upp eftir snjóhúsinu. Sóttist honum það sémilega því að vegna auða rúmsins sem var neðst gat hann mokað snjónum niður fyrir sig. Þegar hann hafði grafið sig nokkuð upp eftir tröppum hitti hann á Brynjólf sem lá þar umþakinn snjó. Var Brynjólfur þá orðinn meðvitundarlaus. Nú torveldaðist moksturinn fyrir Gísla því hann þurfti, jafnframt því að grafa sig áfram, að flytja Brynjólf meðvitundarlausan með sér. Loks tókst honum að ná gati uppúr og komast á yfirborð skafslins og tókst honum þá von bráðar að bjarga Brynjólfi upp. Þá tók litlu betra við. Snjóflóðið hafði farið yfir bæinn og var hann að miklu leyti í kafi, en kona Gísla sem verið hafði í baðstofunni þegar flóðið féll var þá langt komin að grafa sig útum stafnglugga sem sneri undan brekkunni. Baðstofan stóð. Að vísu brotnuðu í henni sperrur og hún skekkist, en fólkið sem í henni var sakaði ekki. Komu nú menn brátt að, því þetta var um miðjan dag. Var öllu fólkinu bjargað og það flutt á örugga staði. Brynjólfur hresstist fljótt og lifði mörg ár eftir þetta. Til marks um hve flóðið var mikið má geta þess að það tók 30 hesta hey sem stóð ofarlega á túninu alveg við tóft og spýtti það kollinum af heyinu alla leið ofan á melinn fyrir utan Kvíabólslækinn þar sem nú stendur húsið Laufás. Þar stóð efrihluti heysins með öllu torfi óhöggðu eftir flóðið og mátti nota mikið af heyinu sem undir var á melnum.

Næstu ár eftir 1894 vóru vetrar snjóléttari og ekki kom hafís að Austfjörðum svo teljandi væri fyrir en 1902. Þá rak allmikinn hafís suður með Austfjörðum síðustu daga janúarmánaðar. Var sá ís á hrakningi úti fyrir fjörðunum en ekki hindraði hann þó með öllu skipagöngur. Um mánaðamótin janúar og febrúar kom gufuskipið Egill til Seyðisfjarðar. Var það skip eign Otto

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

kaupmanns Wathne. Hélt skipið svo norður fyrir land til Eyjafjarðar og komst slysalaust norður, en á Eyjafirði í bakaleið lenti skipið í íshrakningum og sat loks fast í ísnum utarlega í Eyjafirði 3-4 vikur. Urðu skipverjar matarlitlir og náðu einhverjum matvælum úr landi á ísi. Loks komst skipið lítt skemmt útúr ísnum og hélt til Noregs. Fyrstu daga aprílmánaðar fylltust allir Austfirðir norðan Gerpis með ís. Vóru þá frost allmikil og fraus ísinn svo saman að hann var genginn frá Nesi og að Stuðlum. Á þriðja í páskum fór eg sem þetta rita með [heyski] á sleða frá Hellisfirði að Nesi og gekk vel. Var Vilhjálmur Stefánsson, sem enn er á lífi 1946, með mér og getur vottað frásögn þessa.

Þegar við fórum suður um morguninn, varð Einar Jónsson hreppstjóri okkur samferða suður fyrir Hellisfjarðarnes. Hélt hann svo suður yfir firðina að Stuðlum og kom aftur sömu leið til baka síðari hluta dags.

Vorið 1901 byggðu fyrstu hvalveiðamennirnir hér eystra: H. Ellefsen á Asknesi við Mjóafjörð og M.C. Bull á Sveinsstaðeyri við Hellisfjörð. Byrjuðu þeir einnig hvalveiðar það ár, en ekki gátu þeir hagnýtt hvalinn að fullu vegna þess að verksmiðjur vóru ekki fullgerðar. Hirtu þeir aðeins spikið en fluttu svo hvalskrokkana á haf út og slepptu þeim þar. Hröktust svo þessir hvalskrokkar víða um og rak nokkra á land hingað og þangað um Austfirði öllum til óþurftar nema hákarlinum. Sögðu sjómenn, sem hittu þessa skrokka á hafi úti, að þeim hefðu fylgt fleiri tugir hákarla. Vóru þess dæmi að sjómenn á róðrabátum dræpu svo mikið af hákarli með lélegum áhöldum við hvalgrindurnar að þeir fylltu báta sína af lifur. Gafst þeim best að skjóta hákarlinn og vinna hann svo með sínum lélegu tilfæringum, sem vart munu hafa verið annað en venjulegir sjóhnífar og ífærur. Þennan vetur, 1902, ætluðu hvalveiðamennirnir að flytja upp til landsins vélar og hús til að fullgera verksmiðjur sínar. Minnir mig að Ellefsen kæmi skipi sínu til Mjóafjarðar í marsmánuði áður en allir firðir fylltust af ís, en M.C.Bull komst ekki með skip sitt lengra en að ísbrúninni fyrir utan land og lá þar fram í maí að ísinn leysti af fjörðunum.

Seinni hluta sumars 1901 kom til Austfjarða norskur hvalveiðamaður, Otland að nafni, þeirra erinda að tryggja sér lóð undir hvalveiðastöð. Mun hann hafa leitað fyrir um stöðvarpláss í Mjóafirði en sagt var að Ellefsen hefði verið búinn að taka á leigu fyrir annan Norðmann, Berg, lóð undir hvalveiðastöð sem byggð var 1903 inn við botn Mjóafjarðar. Kom nú Otland til Norðfjarðar og leigði lóð á Nesströndinni á svo nefndum Foynsgrunnum. Setti hann norskan mann til þess að byggja grunn undir verksmiðju- og íbúðarhús. Vann Norðmaður þessi að því starfi um veturinn ásamt nokkrum Íslendingum. Vóru grunnarnir að mestu eða öllu tilbúnir í marsmánuði. En þegar Otland kom á skipi sínu með efni til húsa og vélar í verksmiðjuna vóru allir firðir fullir af ís og hann komst ekki nema að ísbrúninni sem lá nokkrar mílur frá landi. Þegar ísinn var orðinn landfastur og samfrosinn, gerði hér stillur og bjartviðri. Sáust skip þeirra Bulls og Otlands úr landi liggja við ísbreiðuna. Þar hittust þeir og töluðust við hvalveiðimennirnir. Bar Otland sig illa yfir að geta ekki komist inn með skip sitt og byrjað á byggingu stöðvarinnar. Taldi Bull líklegt að ísinn lægi fram í júnímánuð. Leist Otland þá ekki á

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

að bíða allan þann tíma. Varð það að samningum milli þeirra að þeir hefðu skipti á grunnum. Otland fengi grunn og lóð þá sem Bull átti vestur í Jökulfjörðum og hafði haft hvalaveiðastöð þá sem hann var nú búinn að flytja til Hellisfjarðar, en Otland afhenti svo Bull aftur í þess stað grunna og lóð á Nesströndinni. Bundu þeir þessi skipti föstum skriflegum samningum og sigldi svo Otland skipi sínu vestur á Jökulfirði en Bull beið rólegur. Eftir fáa daga lónaði svo ísinn frá landi og Bull kom skipi sínu til Hellisfjarðar og fullgerði stöð sína þar. Í fimm ár borgaði svo Bull leigu eftir lóðina á Nesströndinni en aldrei byggði hann neitt á þeirri lóð enda mun það aldrei hafa verið meining hans.

Fyrsta tug aldarinnar voru vetur ekki harðir á Austurlandi þó snjóalög væru oft töluverð en oft voru vor fremur köld og gróður kom seint. Þó komu ágæt vor á milli, t.d. aldamótavorið og vorið eftir. Ís kom ekki til muna fyrir Austfirði, þó nokkur íshrakningur væri sum vorin svo sem 1905 o.fl. 1901 var snjóavetur allmikill. Þó var ekki eins snjópungt þá og t.d. 1894, en vorið varð þó allerfitt víða hér í fjörðum. Árið 1911 kom hér nokkur ís rétt fyrir sumarmál en fór fljótt aftur og vorið var sæmilegt. 1914 og 1916 voru snjóavetrar og vorin erfið, einkum 1914, en ís kom þá ekki. Veturinn 1917-18 var sá harðasti sem komið hefir á þessari öld. Um hátíðar lagði að með frosthörkum og í janúarlok voru allir firðir norðan Gerpis orðnir fullir af hafís. Fraus hann fljótt saman og var genginn víða, enda voru þá frost óvenjumikil, yfir 20 gr. á Celsius oft hér í fjörðum og miklu meiri til landsins, allt uppundir 30 gr. á Grímsstöðum á Fjöllum. Ekki lá þessi hafís mjög lengi. Rak hann hér út af fjörðunum að mestu síðast í febrúar og gerði bærilega tíð í marsmánuði. Í byrjuðum apríl var farin að koma gróðurnál í velræktuð tún, en þá gekk aftur í ógurlegt kuldakast. Komst frostið þá uppí 30 stig, einnig hér í fjörðunum. Þá kól tún svo víðast hvar, að þau náðu sér ekki aftur fyrr en eftir 3-4 ár. Var það víða að ekki fékkst nema 1/3 af töðu af túnnum miðað við meðalár og hrein undantekning var það ef tún sást óskemmt af kali um vorið. Vorið var erfitt, gróður kom seint og grasspretta alls staðar mjög rýr. Helst voru það engjar til fjalla sem voru sæmilegar, en heyskapur varð yfirleitt hörmulega lélegur.

Síðasti snjóavetur það sem af er þessari öld var 1919-1920. Var þó sá vetur ekki neitt aftaka harður en vorið varð bændum víða erfitt vegna fóðurskorts. Mun því hafa valdið meira grasleysi undanfarandi sumra en það að veturinn og vorið væri óvenju hart. Ekki varð skepnufellir neins staðar hér austanlands, en mikið var peningi bjargað með kornmatargjöf. Voru kornmatarbirgðir nægar í kaupstöðum og hægt að koma korni til heimila víðast hvar þó mikla erfiðleika kostaði það víða. Urðu kornmatarkaup bænda þeim mjög dýr og munu bændur margir hafa komist í allmiklar skuldir vegna þeirra, því verðlag á allri útlendri vöru var þá enn mjög hátt eftir styrjaldarárin. Urðu þessi fóðurbætiskaup mörgum bónda fjötur um fót næsta áratuginn, með því líka að verð á landbúnaðarafurðum fór þá mjög tilfinnanlega lækkandi en erlendum varningur lækkaði ekki að sama skapi.

Þó vetur gætu ekki talist harðir frá 1894 til aldamóta voru þeir þó allmiklu þyngri en verið hefir síðustu áratugi. Oft lögðust vetur þá miklu fyrr að en verið hefir nú um skeið. T.d. haustið

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

1896, þá gekk í stórhrið austan- og norðanlands 3. október. Urðu fjárskaðar allmiklir bæði austanlands og norðan. Snjó þennan tók aldrei upp að fullu um haustið, en tíð mátti þá heita sæmileg, og vetur ekki sérlega harður.

Þetta haust giftust þau Guðbjörg Guðmundsdóttir og Níels Finnsson á Hafranesi við Reyðarfjörð. Fór hjónavígslan fram í Kolfreyjustaðarkirkju á laugardag. Var svo haldið norður Staðarskarð að Hafranesi, þar stóð brúðkaupsveislan. Var hún mjög fjölmenn, um 200 manns. Veislugestir voru flestir komnir skömmu eftir miðaftan. Á laugardaginn var mjög gott veður en þegar kom nokkuð fram yfir miðnætti og veislugleðin stóð sem hæst, skall á með norðaustan stórhrið með ofsavæðri og feikna fannkomu. Fór þá mörgum gestanna ekki að lítast á um heimkomumöguleika og strax og fór að birta af degi drifu flestir karlmenn sig á stað til heimferðar. Af suðurbyggð Reyðarfjarðar komust flestir heim á mánudag og karlmenn sem áttu heima fyrir sunnan fjall brutust einnig heim þann dag. En allir þeir sem áttu heima norðan Reyðarfjarðar og allmargt af kvenfólki úr Fáskrúðsfirði gat hvergi komist. Allan mánudaginn og þriðjudag hélst sama foráttuveðrið og alltaf versnaði umferðin því snjócoma var feikilega mikil allan tímann. Sátu um 60-70 af veislugestunum allan þennan tíma á Hafranesi. Á miðvikudag var veður nokkru vægara og frostlaust en snjócoma allmikil. Voru þá mannaðir út bátar og allir karlmenn og það hraustasta af kvenfólki, sem heima átti norðan Reyðarfjarðar flutt norður yfir fjörðinn að Breiðuvík og Helgustöðum, en samt var þá eftir af veislugestum milli 20 og 30 manns, mest kvenfólk og unglingar. Allt komst það þó slysalaust heim á endanum, samt ekki fyrir en eftir hálfan mánuð, nema einn gamall klár sem dagaði uppi á Hafranesi og var honum lógað og hann notaður í hákarlabeitu, því þá var Seleyjarútgerð enn í fullum blóma.

Eg var einn þeirra er fluttur var norður yfir Reyðarfjörð á miðvikudaginn. Hélt eg þann dag inn að Sellátrum. Þar átti eg geymdan hest sem eg kom á yfir Oddsskarð á föstudaginn fyrir brúðkaupsveisluna. Nú var ekki einungis ókleift að komast með hestinn yfir fjallið, heldur mátti líka telja ófært gangandi manni nema á skíðum. Eg gisti á Sellátrum um nóttina. Á fimmtudagsmorgun var austan hægviðri, nokkur úrkoma sem var að mestu rigning í byggð, en snjóslydda til fjalla. Eg fékk lánuð skíði og lagði svo til fjalls tímanlega um morguninn, en færðin reyndist mjög erfið. Skíðin sátu föst vegna bleytu úrkomunnar en án skíðanna var botnlaus ófærð. Var eg fimm klukkutíma frá Sellátrum og uppá Oddsskarð. Eftir það gekk betur undan brekkunni, þó fékk eg varla svo bratta brekku að skíðin rynnu sæmilega en hægt var að þræla þeim áfram undan brekkunni og eftir átta klukkutíma komst eg útað Skálateigi til Jóns Þorleifssonar og Guðríðar. Þar fékk eg hressingu og hvíldi mig um tíma, hélt svo heim um kvöldið.

Sex hestar úr Norðfirði tepptust fyrir sunnan Oddsskarð í þessu áfelli. Þar á meðal tveir sem Björn Jónsson í Miðbæ átti. Voru þau hjónin Björn og kona hans Helga Hildibrandsdóttir, að koma ofan af Fljótsdalshéraði og voru komin til Eskifjarðar þegar veðrið skall á. Var ekki hægt að koma hestum þessum yfir fjallið fyrir en á jólaföstu. Þá lögðum við Björn á stað til þess að

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

reyna að koma þeim norður yfir, tókst það slysaust. Við lögðum upp snemma morguns frá Sellátrum með sjö hesta. Einn átti Jón Magnússon kaupmaður á Eskifirði, var hestur sá sendur í fóður til Norðfjarðar. Allir voru hestarnir ójárnaðir nema hestar Björns, þeir voru báðir skafaljárnaðir. Var Helga kona Björns með í förinni því hún hafði enga skipsferð getað fengið, en var fötluð á fótum svo hún gat ekki gengið neitt að ráði. Reið hún alla leið í slóð hestanna til skiptis á járnúðu hestunum. Við gátum mikið rakið okkur eftir auðum rindum að sunnanverðu uppundir Magnúsarskarð en þegar norðuryfir kom var færð mjög erfið og hvergi hægt að rekja auða rinda. Skiptum við þétt um hesta til að brjóta slóðina en konan reið aftast í slóðinni. Gekk svo norður fyrir ytri Blóðbrekkur. Voru þá hestarnir orðnir lúnir og hungraðir, því við höfðum aðeins lítið eitt af heyi með okkur. Þá var komið rökkur. Skildum við fimm hestana þar eftir, höfðu þeir þar nokkra snapajörð, en héldum með annan hest Björns, þann sem konan reið á, og þann brúna minn, áfram og var færð allgóð eftir að kom niður fyrir Bröttubrekku. Hélt Björn með konu sína að Seldal, en eg hélt heim með þann brúna um kvöldið.

Verslunarþróun á Nesi

Allt fram um aldamótin 1800 voru ekki nema þrjár verslunarstaðir á Austurlandi: Vopnafjörður (Kolbeinstangi), Reyðarfjörður (Breiðavík) og Berufjörður. Verslun við Berufjörð mun fyrst framan af hafa verið við Skála, norðan megin fjarðar innanlega, en fluttist svo til Djúpavogs en verslunarstaðurinn var alltaf, af Dönum, kallaður Berufjörð. Um 1800 fluttist verslunarstaðurinn við Reyðarfjörð inn til Eskifjarðar. Konungur gaf þar lóð til tjaldstæða fyrir þá sem þangað sóttu verslun. Var lóð sú kölluð frílóð og byggðist síðar all mikið á henni bæði af íbúðarhúsum og verslunarhúsum. Hafa þau hús staðið lóðargjaldalaust til skamms tíma og standa máski enn. Sókn til verslunarstaða hefir því verið all misjöfn á Austurlandi, sem annarsstaðar á landinu, eftir því hve byggðir lágu langt frá verslunarstað. Má segja að Norðfjörður hafi frá því fyrsta, að verslun kom í Reyðarfjörð, haft mjög haganlega aðstöðu til verslunarsóknar, því ekki er nema 4-5 klukkutíma lestangur, hvort heldur farið er til Breiðuvíkur eða Eskifjarðar. Leiðirnar eru viðlíka langar úr norðurbyggð Norðfjarðar, annars nokkru lengri frá Suðurbæjum Viðfirði og Sandvík til Eskifjarðar en til Breiðuvíkur. Það virðist líka, að þeim sem ráku verslunina í Breiðuvík hafi líkað allvel verslunarviðskiptin við Norðfirðinga. Til þess bendir prédikunarstóll sem enn er í kirkjunni á Nesi og á er letrað GUD TIL ÆRE OG KÆRKEN TIL ZIRAT ER D. PSTOL GIVET NERODEFIORDS HANDELSTED. Prédikunarstóll þessi var fluttur úr Skorrastaðarkirkju þegar hún fauk 1895 og kirkjan var flutt og byggð að nýju á Nesi 1896. Árið 1896 gaf Þórarinn Tulinius stórkaupmaður altarástöflu í hina nýbyggðu kirkju á Nesi.

Eftir að Vestur-Evrópuþjóðir fóru að stunda fiskveiðar hér við land, fyrst Hollendingar og síðar Frakkar, munu verslunarviðskipti nokkur hafa átt sér stað milli þessara erlendu fiskimanna og Norðfirðinga, því gildar sannanir eru fyrir því að skip þessi sigldu mikið á Norðfjörð. Óræk vitni þess eru grafreitir þeir sem fundist hafa á síðari árum og sumir þeirra áður þekktir og víst er um að eru grafreitir hollenskra og franskra fiskimanna. Í einum þeirra, á svo nefndum Frakkamel, voru sjómenn af frönskum fiskiskipum grafnir fram undir síðustu aldamót. Eftir að verslun kom á Seyðisfjörð munu viðskipti Norðfirðinga að einhverju leyti hafa færst þangað, einkum þeirra er hákarlaveiðar stunduðu. Eru sannanir fyrir því að Norðfirðingar seldu hákarlalýsi sitt til Seyðisfjarðar og eru fyrir því mjög eðlilegar ástæður. Sjóleiðin til Seyðisfjarðar er mjög mikið styttri en til Eskifjarðar (og betri). Því hafa þeir flutningar sem fram þurftu að fara á sjó eðlilega færst þangað. Eftir að farið var að salta fisk, sem ekki mun hafa verið neitt að ráði fyrr en um eða eftir 1870, hefir saltflutningur átt sér stað frá Seyðisfirði að minnsta kosti að einhverju leyti. Þessu hafa verslanir á Eskifirði sem enn héldu aðalviðskiptum Norðfirðinga ekki viljað una, að verslunarviðskiptin færðust til Seyðisfjarðar og því er það að á árunum eftir 1875 að verslanirnar á Eskifirði, sem þá eru tvær – C.D. Tuliniusarverslun og Jóns Magnússonarv, Útkaupstaður og Framkaupstaður eins og þær voru kallaðar – tóku sig til og byggðu hin svokölluðu “Anleggshús”, sitt húsið hvor. Stóðu hús þessi annað útá Nesi þar sem nú er

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

útgerðarlóð Bergs Eiríkssonar og átti verslun Jóns Magnússonar það, kallað “Jónshús”, en hitt stóð inná Tröllanesi og átti Tuliniusarverslun, það kallað “Tuliniusarhús”. Hús þessi voru byggð þannig að hlaðnar voru grjóttóftir úr óhöggnu grjóti tæplega mannhæðar háar, voru veggir tvíhlaðnir og fyllt með mól á milli. Ofaná þessar tóftir var sett timburþak pappaklætt með fremur lágu risi (krossris) og timburloft úr óplægðum bordum. Bæði voru húsin nákvæmlega eins byggð. Var saltgeymsla í húsunum niðri og þar tekið á móti blautfiski og hann saltaður ef menn vildu selja fiskinn ósaltaðan. Annars var einnig tekið á móti fiskinum söltuðum ef því var að skipta en flestir sem söltuðu fisk sinn sjálfir munu einnig hafa fullverkað hann eða fullþurrkað eins og þá var kallað, en all mjög mun þeirri verkun hafa verið ábótavant eftir því sem síðar varð. Á loftinu var geymd smávara, en mjög var hún af skornum skammti og mundi nú ekki vera talin fjölbreytt. Voru það helst rúsínur og hagldabrauð og eitthvað lítilsháttar af veiðarfærum, línur og önglar og því um líkt. Þar var einnig tekið á móti ull. Verslanirnar sem áttu anleggshúsin sendu svo jaktir tvisvar á sumri með salt og vörur til sölu og til þess að sækja vörur þær sem keyptar voru sem aðallega var ull og fiskur. Gátu bændur stundum fengið flutta matvöru með jöktum þessum og var hún þá afhent við skipshlið. All mikil verslunarbót þótti verða við byggingu þessara anleggshúsa og vegna þeirra minnkuðu viðskipti Norðfirðinga við Seyðisfjörð. Þó héldust samgöngur á róðrabátum og nokkur viðskipti milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar allt fram um aldamót 1900. Síðari hluta aldarinnar fór mjög vaxandi áhugi landsmanna um að koma versluninni á hendur Íslendinga sjálfra, einkum þó eftir 1874. Mun sú alda einnig að einhverju leyti hafa náð hingað til Austfjarða / Gránufélagið.

Á áratugnum milli 1870-80 byrjuðu Norðmenn síldveiðar hér á Austfjörðum og um eða eftir '80 voru Norðmenn sestir að til síldveiða á öllum fjörðum frá Seyðisfirði til Fáskrúðsfjarðar að þeim báðum meðtöldum og ráku þar síldveiðar, ásamt innlendum mönnum að nokkru, fram um og yfir aldamót á öllum fjörðunum nema Norðfirði. Þar gáfust síldveiðar með lagnót mjög illa aðallega vegna þess hve fjörðurinn er stuttur og ókyrrð mikil við ströndina. Að vísu settust þrjú nótalög að á Norðfirði og byggðu all stór hús, sem voru notuð til íbúðar uppi en til síldarsöltunar niðri. Eitt þeirra var byggt á ströndinni nálægt því sem útgerðarstöð Gísla Bergsveinssonar stendur nú. Var það kennt við aðaleiganda stöðvarinnar og kallað Hansenshús. Annað byggði Sigurður Johansen (bróðir Rolf Johansen, sem lengi rak verslun í Reyðarfirði). Það stóð í Krossskálavíkinni og var kallað Johansenshús. Hið þriðja var byggt á eyrinni nokkru fyrir framan Neslækinn út og niður af Ekru. Var það alltaf kallað Eyrarhús og er mér ekki kunnugt um nafn þess er það byggði. Mun það hafa verið félagseign og stóð rekstur þess stuttan tíma, svo sem og hinna. Öll eru þessi hús nú horfin fyrir löngu af þeim stöðum er þau áður stóðu og sum fyrir fullt og allt. Hansenshús keypti Sveinn Sigfússon og flutti það útað Nesi og reisti það þar um 1885 og byrjaði þar verslun. Var það fyrsta verslunin á Nesi. Hús þetta stendur enn með sömu ummerkjum nema að settir voru á það kvistir tveir eftir 1890 og er það nú kallað gamla Lúðvíkshús. Johansenshúsið, sem upphaflega var byggt í Noregi um 1870, var lengi í eigu

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Þorsteins Jónssonar frá Kirkjubóli en var loks selt og flutt til Reyðarfjarðar um 1896 og reist þar en ekki er mér kunnugt um afdrif þess með neinni vissu – hygg þó að það hafi brunnið.

Eyrarhúsið keypti Sveinn Sigfússon og flutti það 1894 fram að Ekrulæknum. Þar stóð það fram yfir 1940 að Bergur Eiríksson keypti það og notaði allmikið af viðum þess í hús það sem hann byggði handa Ásgeiri syni sínum árin 1941-42.

Með byggð Norðmannanna fluttist verslun á alla firðina. Sumar þeirra ráku Norðmenn sjálfir en smám saman risu upp innlendar verslanir við hlið þeirra, þó verslunin væri að mestu á höndum Norðmanna á Seyðisfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði fram um aldamót.

Eftir 1880 kemur fram á sjónarsviðið hér á Nesi brautryðjandi í verslun. Var það Sveinn Sigfússon. Hann var sonur Sigfúsar bónda Sveinssonar sem lengi bjó í Útbæ sem svo var kallaður á Nesi. Sveinn lærði beykisið og var um nokkurra ára skeið verslunarmaður við Framkaupstaðarverslun á Eskifirði (verslun Jóns Magnússonar). Nokkru eftir 1880 fluttist hann að Nesi og tók við ábúð jarðarinnar af föður sínum og hafði um stuttan tíma eftirlit og umsjón með “anleggshúsi” Jóns Magnússonar sem áður er um getið. Um 1885 keypti hann Hansenshúsið og flutti það útað Nesi, leysti síðan borgarabréf og byrjaði hér sveitaverslun, því þá var ekki löggiltur verslunarstaður hér, og var kallaður Sveinn borgari. Á þessu árabili sóttu Færeyingar all mikið fiskveiðar hingað til Austfjarða. Tóku þeir upp þann sið að liggja á skútum sínum, sem margar voru fremur lélegar, hér inná Norðfirði, einkum síðari hluta sumars, og róa frá þeim á smábátum og salta í skútunum. Þá var fiskveiði lítið stunduð hér af Norðfirðingum sjálfum og alls ekki nema fyrir og eftir slátt, en nokkrir stunduðu hákarlaveiðar að vetri til. Þegar þessar veiðar Færeyinga frá skútum þeirra heppnuðust vel, fóru ýmsir þeirra að falast eftir aðstöðu hjá bændum í landi að halda þar út bátum sínum fyrir eigin reikning, því þeir sem réru frá skútunum voru ráðnir hásetar á þær og höfðu hlut sem slíkir en báru mikið minna frá borði en ef þeir áttu bátana sjálfir. Sáu bændur sér hag í því að leigja Færeyingum uppsátur og húsnæði sem oftast var mjög lélegt til að byrja með. Greiddu Færeyingarnir 1/10-1/12 part af aflanum fyrir uppsátur og húsnæði. Voru ekki fá dæmi þess að húsnæðið var fjárhús eða ámóta kofar, en síðar byggðu ýmsir bændur skúra og löguðu smáhús til að leigja Færeyingum og höfðu um nokkurt skeið góðan hagnað af. Varð þetta um tíma almennur atvinnuvegur bænda á Austfjörðum að leigja Færeyingum og var talið að sumir efnuðustu bændur Austurlands hefðu fengið allmikinn hluta af efnum sínum með þeim hætti. Má þar til nefna Sigurð Jónsson bónda á Brimnesi í Seyðisfirði og Eirík bónda Björnsson í Karlskála. Þegar nú Færeyingar fóru að stunda fiskveiðar hér frá landi reis upp vandamálið um sölu fisksins. Þeir höfðu sjálfir enga aðstöðu til að verka fiskinn og vildu því og urðu að selja fiskinn blautan, en þá vantaði kaupendur. Eins og áður er að vikið höfðu verslanirnar frá Eskifirði báðar hér anleggshús, og tóku lítilsháttar af blautum fiski uppí viðskipti ef því var að skipta, en Færeyingar þurftu að fá peninga fyrir sinn fisk en peningaverslun þekktist hér þá ekki. Var það svo að bændur gátu ekki fengið peninga uppí opinber gjöld hjá kaupmönnum þó þeir stæðu sig sæmilega í reikningi sem kallað var. Hélt sú

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

regla hjá kaupmönnum almennt fram yfir aldamót. Fisksölumál Færeyinga, þeirra er fiskuðu frá Norðfirði, leystist þannig að Mortensen kaupmaður á Tvøroyri² á Suðurey byggði gríðarmikinn skúr, 30 álna langan og 12 álna breiðan, skammt fyrir vestan Neslækinn, flutti þangað salt og tók þar á móti fiski Færeyinga og sá um söltun á honum og flutti hann síðan til Færeyja og þar var hann verkaður. Ekki hafði Mortensen verslunarréttindi hér á landi. Hét það svo að Færeyingar söltuðu sjálfir fiskinn, en Mortensen annaðist bara söltun og flutning á þeirra reikning. Skúr þessi stóð í nokkur ár en var rifinn skömmu eftir 1890. Á vetrum var skúr þessi oft fenginn lánaður til dansleika og nokkrum sinnum vóru sýndir í honum sjónleikir. Fyrir kom það og að haldnar vóru í honum fjölmennar brúðkaupsveislur. Var hann þá skilrúmaður sundur með seglum og þótti virðulegur veislusalur. Um haustið 1891 var haldin þar mjög fjölmenn brúðkaupsveisla (um eða yfir 200 manns) er tvönn hjón giftu sig. Vóru það hjónin Gísli Þorláksson og Ingibjörg Brynjólfsdóttir og Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Una Ormarsdóttir. Brátt komu til sögunnar fleiri fiskikaupmenn svo sem Patterson, enskur, er keypti hér og víðar á Austfjörðum blautan fisk og lét salta og flutti út óverkaðan. Sú verslun stóð ekki nema eitt ár og urðu úr málaferli því Paterson fór með fiskinn án þess að borga hann að fullu og var talið að Íslendingar og þó einkum Færeyingar hefðu tapað tugum þúsunda af andvirði fisksins sem aldrei fékkst greitt. Nokkru síðar byrjaði Mr. Pike Ward á fiskkaupum hér eystra og keypti aðallega smáfisk og verkaði hann á annan hátt en þá tíðkaðist (Wardsfiskur, síðar Labradorfiskur). Gáfust þau viðskipti vel og stóðu nokkuð framyfir aldamót. Bættu þau mikið verslunarmáta hér austanlands, bæði að því er fiskverð snertir og einkum að því leyti að fiskurinn var allur greiddur í peningum. Síðar tóku innlendir menn að kaupa blautan fisk, bæði nýjan og saltaðan, einkum þó af útlendingum: Færeyingum blautfisk en Norðmönnum saltfisk. Verður vikið að því síðar.

Verslun Sveins borgara var í fremur smáum stíl fyrstu árin en óx bráðlega og innan fárra ára hafði hann náð nær því allri verslun Norðfjarðarhrepps. Nokkrir bændur fóru með ull sína til Eskifjarðar fyrstu árin en það minnkaði árlega og vóru um 1890 svo að segja öll viðskipti við Eskifjörð horfin. Útlend fiskiskip sigldu þá á þeim árum mjög mikið á Norðfjörð, einkum Frakkar. Sveinn var frönskumaður allgóður eins og fleiri Norðfirðingar á þeim árum. Náði hann brátt miklum viðskiptum við frakknesku fiskiskipin og munu þau viðskipti eigi hvað síst hafa komið fótum undir verslun Sveins enda mun óhætt mega fullyrða að hann var hygginn kaupsýslumaður og mjög áreiðanlegur í öllum viðskiptum. Vóru loforð hans talin jafngild skriflegum samningum, þó munnleg væru.

Árið 1893 var á Alþingi löggiltur verslunarstaður á Nesi í Norðfirði. Var verslunarlóð upphaflega ákveðin aðeins frá Neslæk að Ekrulæk og 30 faðma upp frá stórstraumsflóði. Verslunarlóð þessari náði Sveinn allri á leigu um leið og stærð hennar var ákveðin og var eftirgjaldið metið 10 kr. á ári og mun það eftirgjald hafa haldist óbreytt fram á síðustu ár. Byggði

²Athugasemd afritara: Á bls. 21 er Mortensen talinn kaupmaður í Trangisvaag.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Sveinn strax árið 1894 verslunarhús á hinni útmældu verslunarlóð og flutti verslun sína í þau, en seldi séra Jóni Guðmundssyni hálf gamla húsið en þeim Þórarni Hávarðssyni og Hinriki Þorsteinssyni hinn helminginn. Óx nú verslunin hröðum skrefum, enda mátti nú samkvæmt landslögum selja brennivín á hinni löggiltu lóð sem óheimilt var utan hennar. Reis strax nokkur kurr meðal manna hér útaf brennivínssölunni, því hér var þá all öflugt bindindisfélag og hafði verið síðan 1874 að séra Magnús Jónsson stofnaði Bindindisfélag Norðfirðinga, en ekki tjóaði um að fást því landslög heimiluðu slíka sölu. Þegar verslunarlóðin var útmæld stóð á henni lítill fiskiskúr sem tilheyrði Frambæ. Hafði Frambær haft bátauppsátur fyrir framan lækinn, en skúrinn átti þá Pálmi Pálmason sem þá bjó í Frambæ. 1894 flutti Stefán Stefánsson til Norðfjarðar frá Seyðifirði. Hafði þar um nokkur ár verið við verslun hjá norskum manni er hét [Gruda] og var löngum við hann kenndur. Stefán leysti verslunarleyfi en gat ekki notað það utan löggiltrar verslunarlóðar nema sem sveitaverslun. Varð það að samningum að Stefán keypti Frambæjarfiskiskúrinn af Pálma og þiljaði hann innan og setti þar upp sölubúð og seldi aðallega norska klossa og brennivín. Sveini Sigfússyni líkaði þessi nágrannaverslun miður vel. Tók hann það ráð að hann flutti lifrabræðsluhús sem staðið hafði inni Krossskálavík og setti það niður við hliðina á verslunarskúr Stefáns, en svo óheppilega vildi til að lifrabræðsluhúsið brann fáum vikum eftir að það hafði verið flutt úteftir. Var bræðslumaður lítt vanur starfanum og sauð lýsið útúr pottinum og allt fuðraði upp á stuttri stundu. Tókst með naumindum að verja verslunarskúr Stefáns frá því að brenna líka. Þegar svona tókst til með bræðsluhúsið tók Sveinn það ráð að hann byggði fjós á verslunarlóðinni og hagaði byggingu þess þannig að fjóshaugurinn lenti fast við hliðina á verslunarskúr Stefáns og stóð svo þar til Stefán flutti verslunina í burtu. Mörgum árum síðar byggði Sigfús sonur Sveins íbúðarhús þar sem haugurinn og skúrinn stóðu áður. Hlaut húsið nafnið Haugstaðir og stendur enn með því nafni. Á Alþingi 1895 var verslunarlóðin á Nesi stækkuð og ákveðin óslitin inni Krossskálavík. Flutti þá Stefán Stefánsson verslun sína inni Krossskálavík og rak þar verslun í nær því 40 ár en aldrei náði hann mikilli verslun og gekk á ýmsu um reksturinn, en þó samkeppnin væri ekki mikil þótti alltaf nokkur bót að versluninni og gátu menn oft náð betri kaupum hjá Stefáni en við verslun Sveins. Brennivínssala þeirra Sveins og Stefáns var afar óvinsæl og aðrar verslanir sem risu hér upp fyrir aldamótin seldu engar brennivín. Bindindismenn unnu ötullega að því að fá báða þessa kaupmenn til þess að hætta brennivínssölunni og svo þungt varð almenningsálitið á móti þessari sölu að um aldamótin hættu báðar þessar verslanir að selja brennivín og hefir það aldrei verið selt á Nesi síðan og verður vonandi aldrei.

Eftir 1890 fór fólki að fjölga á Nesi. 1895 flutti Gísli Hjálmarsson að Nesi frá Brekku í Mjóafirði. Rak hann strax töluverða útgerð og keypti sjálfur inn vörur til útgerðarinnar. Leysti hann verslunarleyfi og hafði sölubúð en alla tíð var verslun hans lítil og viðskiptin héldust að mestu við verslun Sveins Sigfússonar. Þegar útgerðin óx hér á Nesi fóru ýmsir útgerðarmenn að panta nauðsynjar sínar sjálfir, en til þess að geta náð viðskiptum við erlenda stórkaupmenn (þá

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

vóru engir innlendir heildsalar) urðu þessir menn að leysa verslunarleyfi. Svo var um þá Pálma Pálmason og Lúðvík Sigurðsson sem báðir leystu verslunarleyfi fyrir aldamót. Báðir þessir menn pöntuðu sínar nauðsynjar til heimilis og útgerðar, nema salt og kol, en höfðu sáralitla verslun þó báðir hefðu sölubúð. Pálmi verslaði aðallega við útlendinga, Færeyinga og Frakka, einkum þó við þá síðarnefndu, en Lúðvík seldi lítilsháttar af matvöru einkum til þeirra er hjá honum unnu.

Fleiri útgerðarmenn leystu verslunarleyfi eftir aldamótin, svo sem Þórarinn Hávarðsson og Sigurlínus Stefánsson en litla verslun ráku þeir og höfðu ekki opnar sölubúðir nema að nafninu einu. Ýmsar orsakir kunna að hafa legið til þess að verslanir þessar þróuðust ekki. Sumir þessara manna keyptu verslunarleyfið eingöngu til þess að geta keypt vörur handa sjálfum sér, en ekki með það fyrir augum að reka verslun sem atvinnuveg, en aðal orsökkin mun þó hafa verið verslunarfyrirkomulagið, vöruskiptaverslun og þó ekki hvað síst lánsverslunarfyrirkomulagið. Peningaverslun þekktist ekki og flestir viðskiptamenn þurftu að lifa af lánsverslun mestan hluta ársins. Urðu þeir því að fara með innlegg sitt, þegar það féllst til, til lánadrottins uppí skuldir sem þegar vóru myndaðar. Gerðu þeir það ekki áttu þeir á hættu að fá hvergi lán þegar innleggið hrökk ekki lengur fyrir nauðsynjum. Er sú saga kunn úr öllum byggðum landsins og óþarft að rekja hana frekar hér.

Uppúr aldamótunum flutti Sveinn Sigfússon til Hafnarfjarðar og síðar til Reykjavíkur og setti þar á stofn útgerð og verslun. Árið 1902 skiptu þau hjónin Sveinn Sigfússon og Þorbjörg Runólfsdóttir fyrri kona hans með sér búi. Kom verslunin hér á Nesi í hlut Þorbjargar, þó þannig að hún mun hafa þurft að greiða nokkrar þúsundir (10 þús.) króna til þess að fá verslunina óskipta í sinn hlut. Lánaði Thor E. Tulinius stórkaupmaður í Kaupmannahöfn það fé. Um áramótin 1902-1903 tók Sigfús Sveinsson sonur þeirra við stjórn verslunarinnar og stýrði henni undir nafni móður sinnar til ársins 1915 að hann keypti hana af móður sinni og rak hana fyrir eigin reikning til dauðadags. Engin breyting varð á verslunarháttum við þessi eigendaskipti og hélt Sigfús sömu verslunarháttum og faðir hans um langt árabil.

Eftir 1890 fór fólki fjölgandi á Nesi og útgerð jókst ár frá ári. Þessi þróun varð þó örari eftir aldamótin, einkum þó eftir 1905, en það ár komu fyrstu vélbátarnir til Norðfjarðar. Verslunarhættir bötnuðu nokkuð eftir aldamótin, mun tvennt aðallega hafa valdið miklu þar um. Í fyrsta lagi fiskkaup Mr. P. Ward frá Bretlandi, sem áður hefir verið drepið á. Var sá fiskur allur greiddur í peningum og gerði það marga frjálsari um viðskipti, þó skuldaklafinn væri all fastur á allt of mörgum, og lítið drægi úr krafti lánsverslunarinnar, sem tæplega var von því um aðrar lánastofnanir var ekki að ræða en verslanirnar og lán urðu menn að fá til reksturs síns. Hitt atriðið sem liðkaði til um verslunarhættina var það að skömmu eftir aldamótin fór norskur maður³ að kaupa hér nýja þorskalifur og bræða úr henni meðalálýsi. Áður var lifrin svo verðlítill að mörgum fannst ekki borga sig að hirða hana, enda var hirðing lifrar fram að þeim tíma mjög ábótavant. Lifrarverðið var að vísu ekki mjög hátt, 10 aurar fyrir lítrann, en þetta vóru fundnir

³Hét framkvæmdastjóri Elias Kloster en eigandi mun hafa verið O. Olsen, sem hafði með höndum lifrarkaup og lýsisbræðslu víðar, t.d. Veyjum, Sandgerði s.v.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

peningar fyrir sjómennina, og það sem meira var að lánardrottinnar, þ.e. verslanirnar (eða réttara sagt verslunin) gerðu ekki tilkall til lifrarpeninganna uppí skuldir, nema í örfáum tilfellum. Að vísu hætti Norðmaður þessi lifrarkaupum eftir fá ár, en útgerðarmenn voru þá búnir að fá opin augu fyrir verðmæti lifrarinnar og fyrir atbeina og ötula framgöngu nokkurra manna var árið 1905 stofnað Lifrarbræðslufélag Norðfirðinga sem starfar enn þann dag í dag og hefir fært útgerðar- og sjómönnum mjög drjúgan skilding árlega. Er saga þess rakin nokkuð ítarlega á öðrum stað. Auk þessara atriða sem nú eru talin, fór fiskframleiðslan hröðum skrefum vaxandi og fiskverkun batnandi. Myndaðist því nokkur samkeppni um fiskverslunina og þó að fjöldinn væri bundinn við lánsverslunina með sölu á sínum fiski þá hafði það, ásamt öðru, þau áhrif að fiskverðið fór hækkandi og hinar föstu verslanir á staðnum gáfu nær sannvirði fyrir fiskinn en áður var.

Eftir aldamótin varð þróunin í útgerðinni örari en áður, einkum eftir 1905, en það ár komu fyrstu vélbátarnir til Norðfjarðar. Fór þeim ört fjölgandi og stækkuðu eftir því sem reynsla [benti] til. Fyrstu bátarnir voru opnir og 1-5 smálestir að stærð, en brátt stækkuðu þeir uppí 8-9 smálestir og voru þá aldekkadír. Árið 1907 var sett á stofn hér svokölluð “bræðraverslun”. Voru það þeir bræðurnir Konráð Hjálmarsson og Gísli bróðir hans sem áttu hana. Konráð hafði um mörg ár rekið all umfangsmikla útgerð á Mjóafirði ásamt einu versluninni þar og rak hana áfram. Eftir tvö ár yfirtók Konráð bræðraverslunina og rak hana einn eftir það til 1926 að hann afhenti Páli Þormar tengdasyni sínum hana að öllu til eignar og umráða. Flutti Konráð þá búsetu til Norðfjarðar um 1910 en verslun hans á Mjóafirði fór smáminnkandi og lagðist síðar niður með öllu. Þessar tvær verslanir Sigfúsar Sveinssonar og Konráðs Hjálmarssonar fóru nú ört vaxandi og voru lang stærstu verslanirnar hér. Hélt svo allt fram um 1930, þó margar smærri verslanir risu upp á þeim tíma þá voru þessar tvær alltaf langstærstar og umfangsmestar. Höfðu þær aðal fiskverslunina og á stríðsárunum 1914-18 alla verslun með fisk hér á Norðfirði að heita mátti. Keyptu þær blautan fisk, bæði nýjan og saltaðan, aðallega af útlendingum, nýjan fisk af Færeyingum en saltaðan af Norðmönnum. Var fiskverslun þeirra beggja all umfangsmikil og oft með góðum hagnaði, einkum á styrjaldarárunum. Voru þessar verslanir taldar stærstu og ríkustu verslanir á Austurlandi eftir að kom fram yfir 1920. Eftir að skattalögin nýju gengu í gildi 1921 töldu verslanir þessar fram skuldlausar eignir 600-700 þúsund krónur og var verslun Sigfúsar þó alltaf hærri. Á þessu tímabili 1907-1930 risu upp margar smærri verslanir og þróuðust all vel. 1912 stofnaði Jónas Andrésson verslun og rak hana til 1920. Þá hætti hann en þeir Sæmundur Þorvaldsson og Pétur Waldorff keyptu verslunarhúsin og ráku þar verslun nokkur ár. Síðar tók Sæmundur einn við versluninni og hefir rekið hana til þessa. 1916 stofnaði Jón Ísfeld verslun og rak hana til dauðadags. Björn Björnsson byrjaði verslun 1919 og rak hana þar til 1945 að hann seldi Birni syni sínum hana. Var Björn sá fyrsti kaupmaður hér sem seldi nær eingöngu gegn staðgreiðslu, en erfiðlega gekk að koma þeim viðskiptum á. Menn voru vanir lánsverslun og hinar stærri og kraftmeiri verslanir héldu henni við og virtust ekkert fúsar á að

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

falla frá því fyrirkomulagi og taka upp peningagreiðslur. Mun þar hafa valdið nokkru um að enginn banki eða peningalánastofnun var á staðnum. 1920 var Sparisjóður Norðfjarðar stofnaður og smám saman, eftir því sem honum óx fiskur um hrygg, fór peningaverslun og staðgreiðsla smám saman að færast í vöxt.

Eftir aldamótin fóru að koma fram raddir um stofnun pöntunarfélags eða kaupfélags, en lítið varð úr framkvæmdum. Mun mestu þar um hafa valdið vöntun einbeittara forvígismanna eða framkvæmdastjóra, svo og vöntun húsnæðis til móttöku innlendra og útlendra vara. Smá tilraunir til pöntunar voru þó gerðar en voru kraftlitlar og náðu engri fótfestu.

Halldór Halldórsson beykir fékkst við vörupantanir um tveggja ára skeið um 1905 en lítinn árangur bar sú starfsemi og mun ekki hafa flýtt fyrir framkvæmd hugmyndarinnar um stofnun kaupfélags. Smámsaman fór þó löngun til félagssamtaka vaxandi og mun nokkru hafa valdið sá árangur og sú reynsla sem menn fengu af stofnun Lifrabræðslufélags Norðfirðinga sem um þessar mundir var stofnað og þróaðist allvel fyrir ötula framgöngu fárra manna. Um 1908 stofnuðu bændur til pöntunarfélags og fengu Björn Jónsson fyrir framkvæmdastjóra. Fengu þeir leigt pakkhúslöft hjá Stefáni Stefánssyni til vörugeymslu. Einnig þessi tilraun bar lítinn árangur og hvarf úr sögunni. Friðrik Jóhannsson á Strönd hafði um nokkur ár, þegar hér var komið sögu, pantað fyrir einstaklinga eftir verðlistum sérstaka hluti, einnig þakjárn og fl. gegn greiðslu við móttöku. Tók hann víst mjög lítil eða engin ómakslaun. Fundu menn mjög mikinn mun á verði á þessum vörum og hjá verslunum á staðnum, enda enginn kostnaður reiknaður. Viðskipti þessi fóru vaxandi og kom svo að lokum 1912 að Kaupfélagið “Fram” var stofnað og Friðrik ráðinn framkvæmdarstjóri. Mestu erfiðleikarnir voru með húsnæði. Þá var það að þeir Jón Sveinsson og Magnús Hávarðsson og nokkrir menn fleiri byggðu fyrir eigin reikning all myndarlegt pakkhús á þeirra tíma mælikvarða og leigðu félaginu gegn vægu gjaldi. Mun samningur um leiguna hafa verið gerður til þriggja ára og síðar framlengdur og að síðustu keypti félagið húsið. Var hús þetta fyrsti vísir að þeirri byggingu sem félagið á nú á Tröllanesi og er nú sölubúð, pakkhús og sláturhús, hin myndarlegasta bygging, en oft er búið að endurbæta hana og stækka frá því sem upphaflega var. Er óhætt að fullyrða að án þessarar framtakssemi þeirra Tröllanesmanna, Jóns og Magnúsar, um byggingu hússins myndi hafa reynst erfitt að koma fótum undir Kaupfélagið Fram og hætt við að um það hefði farið svipað og hinar fyrri tilraunir, ef ekki hefði notið hinna myndarlegu átaka þessara manna. Má því með réttu telja þá hina traustustu stofnendur félagsins, enda hafa þeir alla tíð reynst hinir vöskustu liðsmenn, bæði í þessum félagsskap og öðrum sem til framfara hafa horft í byggðarlaginu. Mjög margir fleiri athafnamenn studdu félagsstofnunina með ráðum og dáð, og hafa alla tíð verið einlægir samvinnumenn. Sérstaklega hafa bændur sveitarinnar verið aðalkjarni félagsins auk margra góðra manna búsettra í kaupstaðnum.

Á fundi 28. apríl 1912 er félagið formlega stofnað. Þá er í fyrsta skipti formlega kosin stjórn fyrir félagið. Voru kosnir: Jón bóndi Jónsson á Ormsstöðum og Vilhjálmur Stefánsson

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

útgerðarmaður í Hátúni ásamt framkvæmdarstjóra Friðrik Jóhannssyni á Strönd. Um nokkurt skeið hafði Friðrik pantað vörur fyrir ýmsa og menn smám saman aukið pantanir sínar og viðskipti en ekki voru þau í félagsformi fyrr en eftir þennan fund. Á fundi þessum skrifuðu fundarmenn allir undir ábyrgðarskjal, þar sem þeir ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn, skilvísa greiðslu á vörupöntunum félagsins, en formleg reglugerð fyrir félagið var ekki samþykkt fyrr en á aðalfundi 15. jan. 1913. Á þeim fundi og næstu daga á eftir skrifuðu milli 60 og 70 manns undir lög og reglur félagsins og smám saman fjölgaði félagsmönnum og 1915 eru þeir orðnir nokkuð á annað hundrað. Ekki höfðu félagsmenn öll sín viðskipti við félagið, en margir þeirra kepptu að því að gjöra félagið svo öflugt að það gæti fullnægt viðskiptaþörf félagsmanna.

Árin 1913 og 1914 fóru viðskipti félagsins vaxandi. En 1914 skall heimsstyrjöldin á og torvelduðust þá all mjög og verslunarviðskipti. Nauðsynjavara var öll skömmtuð og gekk að mestu leyti um hendur annarra aðila en áður hafði verið: Landsverslun, sýslumenn og hreppsnefndir. Samt sem áður hafði félagið öll stríðsárin nokkra verslun og fjárhagsafkoma var all sæmileg en ekki söfnuðust sjóðir að neinu ráði. Á þessum árum keypti félagið hús það sem það hafði haft á leigu og lagfærði svo að lítil sölubúð var sett í annan enda þess og húsið að öðru leyti lagfært að nokkru. Eftir styrjaldarárin kom verðfall og veturinn 1919-20 var allharður hér austanlands. Voraði seint og bændur komust margir í heyprot, enda höfðu tún brugðist mjög bæði sumurin eftir frostaveturinn 1918 svo að heyfengur var mun minni en venjulega. Urðu bændur að kaupa mikið af fóðurbæti til þess að koma fram gripum sínum og munu eigi fáir hafa stofnað til allmikilla skulda vegna fóðurbætiskaupa þetta vor, sem urðu þeim nokkur fjötur um fót næstu ár, með því líka að verð á afurðum þeirra fór lækkandi en erlend vara lækkaði ekki að sama skapi. Allt þetta dró mjög úr viðskiptum félagsins og varð nú nokkur kyrstaða um vöxt félagsins og áhugi um félagsmál dofnaði. Nokkru mun og hafa valdið þar um að á þessum árum 1923 var stofnað annað kaupfélag, Kaupfélagið Ægir, hér á Nesi. Voru það nokkrir smærri útgerðarmenn sem stóðu að stofnun þess. Ekki náði það félag þroska og eftir nokkur ár hætti það störfum. Tilraun var gerð til að sameina félögin en það tókst ekki. Árið 1924 urðu framkvæmdastjóraskipti við félagið. Friðrik Jóhannsson lét af störfum en við tók Helgi Pálsson, ungur og áhugasamur maður. Sama ár leysti félagið í fyrsta skipti verslunarleyfi og opnaði sölubúð fyrir almenning. Jukust viðskipti við félagið þessi ár, enda var þá Kaupfélagið Ægir hætt störfum. 1925, seint á árinu, var ísl. króna hækkuð í verði. Átti þá Fram allmikinn fisk óseldan. Seldist hann ekki fyrr en árið 1926 og varð mjög mikið tap á þeim fiski vegna hækkunar krónunnar. Leiddi af því hvort tveggja að skuldir viðskiptamanna við félagið uxu allmikið og ennfremur tapaði félagið á fiski þeim sem það hafði tekið uppí viðskipti utanfélagsmanna. Erfiðleikar urðu því allmiklir með rekstrarlán og vaxtagreiðslur miklar, en erfitt að fá greidda vexti af skuldum viðskiptamanna. Þó hélst nokkuð í horfi fram yfir 1930. Þá kom kreppan og 1935 var svo komið að félagið varð að fá eftirgjöf hjá lánadrottnum sínum sem voru aðallega Landsbankinn og SÍS. Tókust samningar um eftirgjöf þannig að félagið komst á fjárhagslegan

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

grundvöll, með því að nokkrir félagsmenn lögðu fram nokkurt áhættufé til þess að greiða upp skuldarnar. 1934 þegar afurðasölulög landbúnaðarins gengu í gildi, byggði félagið sláturhús og við það komst öll slátrun sauðfjár á hendur félagsins. Áður hafði slátrun hér og allri meðferð á sláturvörum verið mjög ábótavant. Var það alltítt að sláturfé var geymt í kolabyrgjum meðan á slátrun stóð og allt flegið liggjandi á hnjánum á jörðinni eða þegar best var á fiskpöllum hingað og þangað. Einnig var það nokkuð almennt að slátrun fór fram heima hjá bændum og kjötið svo flutt á hestum eða bátum til kaupstaðarins, eftir því sem flutningatæki voru fyrir hendi. Var kjötið misjafnlega útlítandi eftir því hve hirðusamir [ólæsilegt] voru. Eftir að sláturhúsið var byggt vildu neytendur ekki kaupa kjöt sem slátrað var annarsstaðar en þar, enda varð hirðing og meðferð sláturvara allt önnur en áður hafði verið. Bændur fundu strax hvert hagræði þeim var að sláturhúsinu og þó einstaka mönnum fyndist í byrjun að sláturlaunin væru óþarfa kostnaður þá breyttist sú skoðun fljótt, enda hjálpaði álit neytendanna til að svo yrði því kjöt sem ekki var frá sláturhúsinu seldist verr eða alls ekki. Skömmu síðar var byggt hraðfrystihús hér á Nesi og náði kaupfélagið strax viðskiptum við það með frystingu og geymslu á öllu sínu kjöti og hefir haldið þeim síðan.

Um 1930 var stofnað hér á Nesi Pöntunarfélag Alþýðu. Var það einmitt á þeim árum sem hagar Kaupfélagsins Fram var mjög erfiður. Dró stofnun pöntunarfélagsins síst úr erfiðleikunum. Aftur á móti hleypti sú samkeppni sem við það myndaðist nokkrum metnaði í hina gömlu stofnendur Fram, um að gefast ekki upp í baráttunni um sína eigin verslun. Komu fram raddir um það að sameina bæði þessi félög í eitt. Meðal annarra benti stjórn SÍS á það þegar Fram var að sækja um upptöku í sambandið. Á því að sameina félögin voru annmarkar, sem ekki verða raktir hér en sem hinum gömlu félögum Fram voru frá byrjun alveg ljósir. Þess vegna varð það ofaná að Fram óskaði ekki eftir samsteypunni og mun það hafa verið vel ráðið.

Því miður hafa þetta ekki getað orðið nema aðeins lítilfjörleg drög til verslunarþróunarinnar á Nesi. Mætti máski að einhverju leyti styðjast við þau síðarmeir.

20 apríl 1942 I.P.

Heimsókn í átthagana 1893

Pegar eg fluttist til Norðfjarðar árið 1891, vestan úr Húnavatnssýslu, var það eigi ákveðið að sú dvöl eystra yrði lengri en sumarlangt. Gerði eg eins vel ráð fyrir að koma vestur um haustið og átti vísa vetrarvist við fjárgeymslu ef svo hefði ráðist. Það réðist þó þannig að eg fór ekki vestur um haustið. Leist mér vænlegri atvinna hér eystra og kunni vel við mig að öllu leyti. Vorið 1891 hætti móðir mín að fullu búskap og fluttist á Blönduós með Svein bróður minn, sem þá var ófermdur. Hafði hún vænst þess að eg kæmi vestur um haustið. Var auðheyrð á bréfum hennar til mín að það vóru henni vonbrigði að svo varð ekki. Eg hafði því hug á því að fara snöggva ferð vestur síðari hluta vetrar ef möguleikar leyfðu. Skipaferðir vóru þá engar hér austanlands að vetri til nema norsk skip sem sigldu til Austfjarða og fóru stundum til Akureyrar ef íslaust var fyrir Norðurlandi sem sjaldan var síðari hluta vetrar á þeim árum.

Veturinn 1891-92 var ekki mjög harður austanlands. All snjóþungur frá því í janúar til góuloka. Þá gekk í hláku og hlýnaði mjög vel og hélst snjólaust fram um sumarmál. Man eg glöggð að sýndur var sjónleikur á Nesi fyrsta sumardag (Maurapúkinn), var þá veður mjög gott. Sótti sjónleik þennan allmargt fólk úr Mjóafirði, þar á meðal Hildur Agata, kona Gísla Hjálmarssonar, og Marja Hjálmarsdóttir, kona Kristjáns Lars. Komst fólk allt heim til sín með sæmilegu móti á föstudag en seinnihluta þess dags gekk í norðaustan stórhrið með frosthörku og mátti heita að hún héldist að mestu óslitið fram um hvítasunnu. Þá fór að hlýna og snjóa leysti furðu fljótt en næturfrost héldust fram eftir öllu sumri. Strax í byrjun hriðargarðsins fylltust allir firðir af ís. Á krossmessu, 3. maí, var ísinn svo samfrosinn á Norðfirði að krossmessufólk gekk yfir fjörðinn frá Barðnesi að Nesi. Lá ísinn samfrosinn að heita mátti þar til 8 vikur af sumri. Eg fór til Seyðisfjarðar 13. júní eftir meðölum. Var þá snjór mikið leystur á láglandi, en mikil ófærð á fjöllum að deginum, en sæmilegt yfirferðar að nóttu, því frost var hverja nótt. Þá var Mjóifjörður [ekki] vakarlaus svo að eg varð að ganga inn fyrir hann báðar leiðir. Þá bar hver ær í húsi allsstaðar í Norðfirði og jörð kom ekki upp fyrr en eftir hvítasunnu. Fellir varð hér ekki en allmikil afföll á lömbum. Heybirgðir vóru nægar en allt gafst upp. Matvara var af skornum skammti í þeirri einu verslun sem hér var þá. Tíð var svo góð á einmánuði að nokkrir bændur sóttu kornmat á hestum á Eskifjörð. Var eg með í einni þeirri ferð með hest fyrir Bjarna sál. Stefánsson hreppstjóra á Ormstöðum. Vorum við þrír saman með 5 hesta. Vóru það þeir Erlendur Árnason sem þá bjó á hálfum Ormstöðum og Stefán Stefánsson sem þá var nýtekinn við búi á Seldal. Fórum við Magnúsarskarð báðar leiðir og farnaðist vel. Höfðum við 70-80 £ klyf á flestum hestunum. Virtist það vera nóg þó öllu reiddi sæmilega af.

Veðráttan þennan vetur og vorið á eftir gerði það með öllu óhugsandi að eg legði upp að fara vestur í Húnavatnssýslu. Leið svo árið 1892 og fram á útmánuði 1893. Sá vetur var að vísu all snjóþungur hér eystra en íslaust var þá með öllu hér við land. Snemma í apríl kom norskt gufuskip hingað til Austurlandsins. Hét það "Uller", gamalt tréskip og gekk 7 mílur. Myndi það

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

varla vera talið hraðskreitt nú á tímum. Skip þetta kom ekki á Norðfjörð en bátsferðir voru þá all tíðar héðan til Seyðisfjarðar þegar tíð var góð. Frétti eg að skipið lægi á Seyðisfirði og ætti að fara þaðan til Akureyrar. Var þetta í páskavikunni. Fékk eg bátsferð til Seyðisfjarðar á föstudag langa og náði þar í skipið vel og greiðlega því það átti ekki að leggja þaðan fyrr en á páskadag. Var eg þar með lagður á stað vestur í Húnavatnssýslu til ættingja og vina og kveið engu um ferðalagið.

Um miðnætti á páskadagskvöld létti Uller akkerum á Seyðisfirði og hélt norður. Farþegar voru fjórir: Einar Hallgrímsson verslunarstjóri Gránufélagsins, Kristján bróðir hans sem síðar varð veitingamaður á Seyðisfirði, unglingspiltur á aldur við mig sem eg ekki man frekari deili á og svo eg í eigin persónu. Veður var mjög gott og var skipið komið snemma á þriðjudagsmorgun undir Gjögur. Þá hvessti af suðri og fékk skipið sunnan stórviðri inn allan Eyjafjörð. Var Uller 12 klukkutíma að fara inn til Akureyrar. Þar fór eg strax í land og gisti um nóttina hjá Ólafi Jónssyni vert á Oddeyri. Hann var Húnvetningur og þekkti fólk mitt og kannaðist því vel við mig. Um hádegi á miðvikudag lagði eg á stað labbandi frá Akureyri með allstóran poka á baki. Var meðal annars í honum harmonika sem Lúðvík Sigurðsson bað mig fyrir. Átti hún að fara til viðgerðar til manns sem átti heima á bæ á Þelamörkinni. Man eg eigi nú nafn mannsins né heldur bæjarnafnið. Hitti eg samt manninn og tók hann við harmonikunni. Talaðist svo til milli okkar að hann kæmi henni til Ólafs verts á Oddeyri í veg fyrir mig þegar eg færi aftur austur sem ráðgert var að yrði í júnímánuði um sumarið með danska strandferðaskipinu ”Thyra” sem hann og gerði. Beið harmonikan hjá Ólafi þegar eg fór austur með Thyru. Hélt eg síðan áfram ferð minni og náði að Ytri-Bægisá um kvöldið.

Séra Teódór Jónsson var þá nýlega orðinn prestur á Bægisá og bjó þá með Þóru systur sinni. Hafði eg verið þeim báðum samtíða eitt sumar í Litladal hjá Sigríði móður þeirra og var þeim því vel kunnugur. Tóku þau mér tveim höndum og vildu að eg yrði um kyrrt daginn eftir en eg vildi halda áfram ferð minni og lagði því á stað uppúr hádegi og náði að Bakkaseli um kvöldið. Þá stóð bærinn í Bakkaseli nokkuð innar í dalnum en hann stendur nú. Voru húsakynni þar fremur léleg en góðrar gistingar naut eg þar samt.

Morguninn eftir var veðurútlit tvísýnt en batnaði er á daginn leið. Eg lagði því til Öxnadalsheiðar og fékk gott veður. Var jörð mikið auð og göngufæri því sæmilegt en flestar ár voru íslausar og varð eg því að vaða þær. Þann dag hélt eg að Uppsölum í Blönduhlíð. Var eg snemma á fótum næsta dag sem var laugardagur því nú hugði eg á að ná gistingu í átthögum mínum. Hélt eg nú vestur yfir þveran Skagafjörð og til Vatnsskarðs. gekk eg af kappi allan daginn og stansaði hvergi fyrr en eg kom að Holtastöðum í Langadal um miðaftansleytið. Þar bjó þá Jósafat Jónatansson. Var eg honum vel kunnugur því foreldrar mínir bjuggu um alllangt skeið á Ystagili í Langadal. Kvaddi eg nú dyra á Holtastöðum. Kom til dyranna unglingsstúlka sem eg ekki þekkti og gerði eg boð fyrir Jósafat. Stúlkan sá að eg var ferðamaður og spyr mig hvaðan eg sé. Tjái eg henni að eg sé austan úr Múlasýslu. Leit hún á mig allundrandi og gekk svo

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

í bæinn. Að vörmu spori kemur fram kona, Kristín Sveinsdóttir. Höfðum við verið samtíða á Orrastöðum á Ásum. Heilsaði hún mér kunnuglega og sagði að sér hefði strax flogið í hug að gesturinn myndi vera Ingvar Pálmason þegar hún hefði heyrt að hann væri austan úr Múlasýslu. Kom nú Jósafat bóndi og leiddi mig til baðstofu. Bauð hann mér gistingu en eg kvaðst hafa ætlað að ná að Hnjúkum á Ásum um kvöldið en biðja hann um ferju yfir Blöndu. Var það til reiðu. Þáði eg nú hinar bestu góðgerðir í mat og drykk, var svo ferjaður yfir Blöndu og náði að Hnjúkum um háttatíma um kvöldið eftir rétttra sex sólarhringa ferð frá Seyðisfirði. Á Hnjúkum réði þá húsum, og hafði gert um nokkur ár, Björg Jónsdóttir. Var hún ein hin besta vinkona er eg átti á þeim árum, hafði ætíð reynst mér sem móðir þegar eg leitaði til hennar. Var mér tekið þar með miklum fögnuði. Eigi fékk eg að fara ofaná Blönduós daginn eftir, heldur var maður sendur ofaneftir til þess að láta móður mína vita um komu mína. Á Blönduósi vildi til sorglegt slys daginn sem eg kom að Hnjúkum. Árni Knudsen drukknaði þar við sandinn. Var hann syndur vel. Var alveg brimlaust og mjög gott veður. Fór hann í sjóinn við sandinn vestan við árósin og synti þar um stund. Margt fólk stóð í sandinum og horfði á. Allt í einu dapraðist honum sundið og sökk. Enginn var syndur í landi, nokkrir reyndu að vaða út, en aðrir tóku bát inni ósnum og fóru á vettvang en allt reyndist árangurslaust. Hann drukknaði þarna fyrir augum margra, sennilega vegna þess að enginn var syndur af þeim sem nærstaddir voru. Árni var mjög vel látinn piltur. Við höfðum verið leikbræður þau þrjú ár sem eg var á Ytri-Ey á Skagaströnd en hann hjá móður sinni, Elísabetu Knudsen á Syðri-Ey. Var hann albróðir séra Lúðvíks Knudsen sem síðar var prestur á Bergstöðum og víðar í Húnaþingi.

Eftir tveggja daga dvöl á Hnjúkum fór eg ofaná Blönduós til móður minnar. Varð þar mikill fagnaðarfundur því hún hafði þráð að sjá mig aftur. Var hún þá til húsa hjá Jóni Skagfjörð og konu hans Sólveigu, sem bæði höfðu reynst henni mjög vel. Húsakynni voru þar lítil en fúslega var mér veitt gisting enda þurfti eg ekki að vera þeim til þyngsla nema að því er snerti íbúðina. Skömmu eftir að eg kom til Blönduóss réðist eg í daglaunavinnu hjá Jóhanni G. Möller kaupmanni, sem var gamall vinur foreldra minna og hinn mætasti maður. Vann eg hjá honum rúman mánuð og hafði 2 krónur í kaup á dag. Þótti það mikið kaup þó ekki væri ákveðinn vinnutími og engin eftirvinna greidd. Kom það eigi sjaldan fyrir meðan var verið að afgreiða kaupskipið að unnið var allengi sólarhringsins þegar ósinn var góður. Þá fór öll út- og uppskipun fram um ósinn. Heyrðist enginn mögla enda unnu nokkrir fyrir tímakaup sem mig minnir að væru 18 aurar um klukkustund. Varð eg var við að nokkrir verkamenn öfunduðu mig af að hafa komist að fastri daglaunavinnu. Má vera að þeir hafi talið mig þess óverðugan þar sem eg nú taldist aðkomumaður. En á þeim árum varð mér alltaf vel til með vinnu, því eg þótti hlutgengur til hverra almennra verka sem vinna þurfti.

Eg hafði ákveðið að fara austur með strandferðaskipinu í júnímánuði. Réðist það að móðir mín færi austur með mér en Sveinn bróðir minn kæmi um haustið. Skömmu eftir miðjan júní kom strandferðaskipið Thyra á Skagaströnd. Skipstjóri var þá prémierlautinant Hovgaard sá

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

sem Símon Dalaskáld orti um:

Thyru stýrir Týrinn dýri skjalda
heims um slóðir háttmetinn
Hovgaard góði kapteinninn

(svipaður leirburður og margt annað eftir Símon). Þá var stýrimaður á Thyru Jacobsen, sem síðar var lengi skipstjóri á strandferðaskipinu “Hólar” hér við land. Mér er minnisstæður atburður sem fyrir kom á Skagaströnd þegar skipið var að fara þaðan að þessu sinni. Þegar skipið var farið að léttu akkeri kom bátur úr landi með konu sem hafði orðið síðbúin. Var búið að draga upp stigann og akkeri aðeins ókomið upp. Skipstjóri virtist ekkert vilja sinna bátnum þó bátsmenn veifuðu. Stýrimaður var frammá við akkerið. Var það jafnsnemma að báturinn var kominn að skipshlið og akkerið var komið upp og vélin sett í gang. Á Thyru var lágdekk að framan en bakki framúr jafnhár og afturdekkið. Lá brú af bakkanum og aftur á afturdekkið yfir lágdekkið að framan. Jafnskjótt og akkerið var komið upp snaraðist stýrimaður aftur eftir brúnni að stiganum, vatt hann niður, hljóp niður stig sem báturinn náði strax á, tók konuna undir hendina og bar hana uppá dekk. Gerðist þetta í svo skjótri svipan að skipið var ekki búið að ná verulegri ferð. Þegar stýrimaður snaraðist niður stigann kallaði skipstjóri af stjórnþalli og spurði eitthvað á þá leið hver hefði gefið skipun um að hleypa niður stiganum. Stýrimaður svaraði tafarlaust: “Það gerði eg”. Skipaði skipstjóri allvaldsmannslega stýrimanni að koma þegar á stjórnþall, sem hann og gerði. Nokkru síðar gekk stýrimaður niður af stjórnþalli. Spyr þá einn farþegi, sem var honum kunnugur, hvað þeim hafi farið á milli á stjórnþalli, skipstjóra og honum. Svaraði stýrimaður að skipstjórinn hefði verið að tilkynna sér að “Det Forenede Dampskibsselskab” myndi ekki óska eftir að hafa hann í sinni þjónustu lengur. Kvaðst hann hafa svarað að það væru fleiri skipaútgerðarfélag í Danmörku en D.F.D.S. Eftir þetta var mér alltaf vel við Jacobsen. Kynntist eg honum nánar síðar og mat hann mjög mikils þó mörgum fyndist hann nokkuð hrottalegur í framkomu. Reyndist mér hann ætíð mjög greiðvikinn og raungóður. T.d. setti hann mig tvisvar á land við Hafranes við Reyðarfjörð er eg var á ferð með honum þegar “Hólar” var hér í strandferðum. Einhverju sinni um eða eftir 1900 fór eg með “Hólar” héðan af Norðfirði og ætlaði til Eskifjarðar. Þegar skipið var búið að blása þrisvar og allt virtist tilbúið urðum við vör við að eitthvað sérstakt var á seyði. Fjöldi af sunnlensku fólki sem verið hafði í kaupavinnu hér á fjörðunum var með skipinu. Var tjaldað yfir margt af því á afturdekkinu. Var nú strengdur kaðall þvert yfir skipið fyrir framan tjaldið á afturdekkinu og þar stóðu vörð brytinn og annar stýrimaður. Var öllum bannað að fara aftur fyrir kaðalinn. Áður en menn vissu hvað til stóð kom skipstjórinn til mín og spyr mig hvort ljósmóðir búi í landi, sagði eg honum það. Var þá i. stýrimaður sendur í land til þess að sækja hana og kom hún þegar tafarlaust. Nú fréttist um allt skipið að einn af farþegunum, kona sem verið hafði í kaupavinnu

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

norður á fjörðum, hafði tekið jóðsótt og skipið færi ekki fyrr en það væri afstaðið. Lá skipið í 3 klukkutíma en þá var fæðingin um garð gengin og hafði gengið vel. Enginn fatnaður var til á barnið. Komu yfirmenn skipsins með lök og skyrtur af sér sem barnið var svo reifað í. Hélt skipið síðan til Eskifjarðar. Þar var konan með barninu ásamt ljósmóðurinni sett í land. Skipaði skipstjóri í stýrimanni að annast um flutninginn og lét sér mjög annt um líðan móður og barns. Þetta atvik, ásamt fleirum sem eg þekkti, sýndi að Jacobsen hafði góðan mann að geyma undir rostahúðinni sem mest bar á í daglegum viðskiptum. Eg hefi skotið þessum frásögnum hér inni vegna þess að okkur er tamara að minnast þess sem miður fór af hendi Dana í viðskiptum þeirra við okkur Íslendinga heldur en hins sem þeim hefir farist drengilega, sem eg hygg að oftast hafi verið heldur en um hefir verið getið.

Eftir þennan útúrdúr vik eg aftur að ferðasögunni. Þegar Thyra fór frá Skagaströnd, sem fyrr er frá sagt, var komið kvöld. Var norðan kaldi og þokuloft og nokkur ylgja í sjó þegar kom út með Skaganum. Fór eg því að hjálpa móður minni að komast til náða. Annað farrými í Thyru var frammí skipinu. Vóru það aðeins tveir klefar, sinn í hvorri hlið skipsins, annar fyrir karla en hinn fyrir konur. Munu hafa verið 8-10 rúm á hvorum. Eg fylgdi móður minni til kvennaklefans því þar hafði eg keypt henni far. Var hann fullskipaður konum. Flest var þar námsmeyja frá Ytri-Eyjarskóla sem vóru að fara heim til sín norður og austur á hinar ýmsu hafnir sem skipið átti að koma við á, sem vóru aðeins þessar: Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Seyðisfjörður, Eskifjörður og Djúpvogur, sem þá var ætíð nefndur Berufjörður. Meðal þessara farþega vóru tvær systur austan af Fljótsdalshéraði, Sveinbjörg og Þóra Bjarnadætur frá Hafrafelli. Eru þær mér minnisstæðar vegna þeirra vingjarnlegu framkomu við móður mína og glaðlegs viðmóts á ferðalaginu. Hitti eg þær aldrei aftur á lífsleiðinni en heyrði þeirra nokkrum sinnum getið síðar og ætíð að góðu einu. Móðir mín fékk rúm rétt við innganginn og kom eg henni þar strax fyrir svo hún gæti fengið kyrrð, því hún var sjóveik. Sjálfur fór eg svo að sjá mér fyrir verustað í lestinni, því þar var verustaður flestra farþega á þeim tímum, ef þar var þá nokkurt skot, innanum vörur og jafnvel hesta, sem þó vóru engir með skipinu að þessu sinni. Morguninn eftir var skipið komið til Sauðárkróks fyrir fótaferðartíma. Var þá komið besta veður, glaðasólskin og logn. Fór eg nú að vitja um líðan móður minnar, barði eg á klefadyrnar og gekk svo inn. Móður minni hafði liðið vel um nóttina. Hinar ungu meyjar sem í klefanum bjuggu vóru flestar farnar að hreyfa sig en all fáklæddar vóru margar þeirra. Strax og eg kom í klefann varð eg þess var að sumum þeirra þótti það lítil kurteisi af ungum manni að koma næstum fyrirvaralaust inni þetta kvennabúr. Sérstaklega var það ein, sem eg síðar fékk vitneskju um að hét Anna og var frá Ísafirði, sem lét ómild orð falla í minn garð fyrir þann dónaskap að vaða inná hálfnakið kvenfólk. Eg var þá lítt vanur vinnubrögðum við fáklæddar ungmeyjar og mun hafa orðið hálfskömmustulegur. Hélt stúlka þessi áfram rausi sínu þar til að Sveinbjörg Bjarnadóttir, sem var að greiða sér á miðju gólfi, fáklædd sem hinar, segir við þessa samferðakonunni sína: “Láttu ekki svona manneskja, heldurðu að maðurinn viti ekki að við erum naktar innan undir fötum?”

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Tilsvár þetta fannst mér svo velviðeigandi að mér hefir verið Sveinbjörg minnisstæð ætíð síðan, þó eg liti hana aldrei augum eftir að samferð okkar lauk á Seyðisfirði tveim dögum síðar. Á Sauðárkróki var staðið við framyfir miðjan dag. Þar fór skipstjóri í land, lét leysa einn skipsbátanna og tvo háseta róa sig í land. Virtist hann vera í miklu vinfengi við fjölskyldu Lúðvígs Popp, því eitthvað af fjölskyldunni kom með skipstjóra um borð og sat hjá honum þar til skipið létti akkerum⁴. Frá Sauðárkróki var haldið til Akureyrar með stuttri viðdvöl á Siglufirði. Var Siglufjörður mjög fámennur þá samanborið við það sem hann er nú og mjög óvistlegt virtist mér þá á Eyrinni. Á höfninni þar lágu við baujur sjö uppblásnir hvalir og biðu dráttar til Vestfjarða. Á Akureyri var dvalið allengi dags. Þar fór eg í land og skoðaði mig nokkuð um. Meðal annars fór eg með móður mína upp að Eyrarlandi sem stóð uppá brekkunni. Þar bjó kona sem við þekktum. Þá var meðal bæjarleið óbyggð milli Oddeyrar og Akureyrar að mér fannst og leiðin ekkert skemmtileg yfirferðar.

Á Oddeyri hjá Ólafi Jónssyni verti beið mín harmonika sú er um er getið fyrir í þessum þætti. Greiddi eg honum viðgerðarkostnaðinn svo sem um hafði verið talað. Minnir mig að upphæðin væri tvær krónur.

⁴Lúðvíg Popp var þá búinn að vera allmörg ár kaupmaður á Sauðárkróki. Heyrði eg á mínum uppvaxtarárum að ýmsum var fremur í nöp við hann án þess eg viti hvort fullar ástæður hafa fyrir því verið. Man eg að ýmsir kviðlingar voru á gangi um hann manna á milli, þar á meðal vísa þessi:

Eg kann ei við að kalla hann Popp
klerkurinn ætti að skír'ann
uppúr gömlum keitukopp
og kalla hann bara sykurtopp

Þá voru einnig þessar vísur á gangi manna á meðal:

Hver ber hatt á kolli, hæstan norðanlands?
Það er skritinn skolli, sköpulagið hans.
Klofið ekkert seggir sjá, en handleggirnir hér um bil að hnjákollunum ná.

Hver er manna minnstur, mesti gikkur samt.
Sest í sæti innstur, svo er honum tamt.
Raupar mest um sjálfan sig. Geturð' ekki gátuna strax, þá geri eg aðra um þig.

Þessi Lúðvíg Popp var um og eftir 1860 undirkaupmaður, sem þá var kallað, hjá dönsku selstöðuversluninni á Djúpavogi (Berufirði). Mun hann hafa haft kaupmennsku með höndum víðar á Austfjörðum á þessum árum, sennilega sem lausakaupmaður (spekúlant). Víst er um það að fáum árum síðar telur hann sig [ólæsilegt] kaupm. á Eskifirði. Átti hann þá barn með Þuríði Árnadóttur, er síðar varð kona Sigurðar Eiríkssonar skipstjóra. Er mikil ætt komin frá þeim Sigurði og Þuríði, allt myndarfólk. Var Þuríður talin lagleg og myndarleg. Heyrði eg sagnir um það að Popp hefði viljað giftast henni en ekki fengið því ráðið fyrir fólk sínu í Danmörku. Barn þeirra Popp og Þuríðar var stúlka og hét Lovísa. Tók Popp hana unga til Danmerkur og ól hana upp. Mun hún ekki hafa gifst en lifandi var hún fram um 1920 eða lengur.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Frá Akureyri var haldið til Seyðisfjarðar, með viðkomu á Húsavík. Fengum við indælisveður alla leið. Þegar hinar ungu samferðameyjar urðu þess varar að eg hafði meðferðis harmoniku varð sambúðin allmikið nánari en áður hafði verið morguninn á Sauðárkróki, enda voru þær nú fullklæddar ætíð þegar þær nálguðust mig. Varð það að ráði að reyna að dansa á framþilfarinu þó þröngt væri. Sjálfur var eg lélegur harmonikuleikari en úr því rættist þó sæmilega, því meðal farþega fannst einn sem lék allvel enda greiddist einnig úr á annan hátt, sem sé þannig að þegar byrjað var að dansa komu nokkrir af skipsmönnum og gengu á leikinn, þar á meðal stýrimenn báðir. Léku sumir þeirra mjög vel á harmoniku og tóku af einlægni þátt í skemmtuninni. Voru þeir óðfúsir að greiða fyrir að dansað væri þegar tækifæri gafst. Færðu þeir dömumum gosdrykki og voru hinir alúðlegustu. Þegar til Seyðisfjarðar kom var Pálmi bróðir minn þar til þess að taka á móti okkur mæðginum. Þar lá þá lítið gufuskip “Vaagen”, sem Otto Wathne hafði mörg ár í förum milli Noregs og Austur- og Norðurlands. Myndi það ekki þykja glæsilegur farkostur nú, en Vaagen var mesta happafleyta þó lítil væri og varð aldrei fyrir óhöppum eða slysum þó oft flytti hún marga farþega milli landa og þó ekki síður milli hafna hér á landi. Eg hygg að það hafi verið árið 1891 sem hún flutti um 40 farþega frá Austfjörðum til Færeyja og hreppti aftaka álandsveður þegar hún var komin í landþröng við Færeyjar. Varð skipstjóri þá að setja til öll segl ásamt gufuvélinni sem kynt var svo sem verða mátti til þess að ná fyrir Mykines, því ef það ekki lukkaðist var engin björgunarvon, hvorki fyrir menn né skip. Það heppnaðist með frábærum dugnaði skipstjóra og skipverja og öllu varð bjargað. Um þessa ferð ortu Færeyingar kvæði, frekar tvö en eitt, og er áfram borið mikið lof á skipið og áhöfn þess og hygg eg það lof hafi verið verðskuldað. Er þessi frækilega för hins litla skips mjög í minnum höfð í Færeyjum enn í dag. Á Seyðisfirði lá þá einnig gufuskipið Egill sem O. Wathne hafði þá og lengi síðan í förum. Var Egill þá að koma frá Reykjavík með fólk sem þá sótti kaupavinnu til Austfjarða. Egill var miklu stærra skip en Vaagen og þótti einnig happafleyta. Með Vaagen fórum við til Norðfjarðar með viðkomu á Mjóafirði.

Beitusíld

Áður en frystihúsin komu til sögunnar var oft miklum erfiðleikum bundið að afla nægilegrar beitu til þorskveiða hér á Norðfirði og þó einkum fyrrihluta sumars. Eftir að kom fram í ágústmánuð fór síldveiði í lagnet að verða nokkru stöðugri og mátti telja til undantekninga að beituvandráði væru veruleg eftir þann tíma. Síldveiðin var aðeins stunduð með lagnetum, önnur veiðiaðferð þekktist þá ekki nema landnótaveiði, en hún lagðist niður með öllu hér á Norðfirði um 1885. Hafði landnótaveiði verið stunduð hér um nokkur ár en gefist illa eða miklum mun verr en á hinum lengri og dýpri Austfjörðum. Mun því hafa valdið hve fjörðurinn er grunnur og síld því mjög óstöðug og hitt þó ekki síður hve hann er stuttur og því ókyrrt við ströndina ef nokkur hafölduvottur var. Reknetaveiði þekktist hér ekki fyrir en eftir aldamót, varð þá stundum að nokkru liði þó kunnátta um þá veiðiaðferð væri lítil fyrst í stað og útbúnaður lélegur. Mjög oft var það framan af sumri að menn leituðu víða með lagnet sín til síldveiða. Var það ekki óalgengt að sjómenn hefðu net liggjandi alla leið kringum fjörðinn, oft frá Þorgrímsstapa við Barðsneshorn inn með öllu suðurlandi allt til Viðfjarðar og svo frá Ormsstaðasandi allt til Nýpustapa að norðan. Aldrei minnst eg þess að reynt væri að leggja síldarnet á Hellisfirði. Venjulega voru netin lögð þannig að strengur var festur í landi og netin lögð svo þvert frá landinu. Var landstrengurinn hafður misjafnlega langur allt frá 8 föðmum uppí 60 faðma, allt eftir dýpi, straumi og staðháttum ýmsum. Þó bar það oft við að lagðar voru svokallaðar djúpsætningar og netunum sökkt misjafnlega djúpt, stundum allt að botni eða því sem næst. Fyrir kom það eigi allsjaldan að á þann hátt tókst að fá síld, þó engin síld fengist í landnet. Það var mjög algengt, eftir að kom fram í júnímánuð, að sjómenn sáu síld vaða í stórum torfum allt inni miðjan Norðfjarðarflóa þó engin branda fengist í lagnet. Þótti mönnum oft ergilegt að sjá svo mikið af síld rétt við borðstokkinn sem þeir höfðu svo mikla þörf fyrir til beitu, en geta ekki náð henni. Einstaka menn höfðu þann sið að hafa alltaf síldarnet í fiskibát sínum ef síld sást vaða og reyna með ýmsum hætti að koma því í torfuna þegar hún sást. Oftast veittist það mjög erfitt að láta þá aðferð bera árangur, en þó kom það ei sjaldan fyrir að með þeim hætti tókst að ná í nokkuð af síld og stundum jafnvel fleiri strokka. Það sem allra mest torveldaði tryggingu á beitu var geymslan. Menn þekktu þá engin ráð til að geyma síld svo hún væri nothæf til beitu lengur en 2-3 sólarhringa. Var það því algengur siður hjá sjómönnum, ef þeir öfluðu mikillar beitu í einu, að róa stanslaust róður eftir róður án hvíldar, meðan beitan var nothæf og veður leyfði. Gátu menn þannig oft náð fjórum róðrum áður en síldin varð ónýtt og það þekktist, að þeir allra duglegustu og áköfustu gátu náð 5 róðrum, en mjög hart lögðu þeir menn að sér sem það gerðu, einkum ef þeir þurftu að mestu leyti að sjá um að koma aflanum í salt. Sú aðferð sem mér virtist gefast best til að verja beitusíld skemmdum var að geyma hana í arfa. Þá var farið þannig að, að borð voru sett upp á svo köldum stað sem kostur var á, síðan tekinn nýr arfi og breiddur á borðið, síldinni síðan raðað hlið við hlið á arfann með kviðinn upp,

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

svo lagt allþykkt lag ofaná síldina og hún hulin vel með arfanum og breiddur léttur dúkur yfir allt saman. Á þennan hátt mátti geyma síld í 4-5 sólarhringa svo að hún væri nothæf til beitu. Væri sá staður sem síldin var geymd á svalur, t.d. torfhús, gat þetta lukkast sæmlega, en í venjulegum fiskihúsum, einföldum, með járn- eða tjörupappapaki gafst það ekki vel.

Árið 1896 byggði Ísak Jónsson fyrstu frystihúsin á Austfjörðum, á Siglufirði og Mjóafirði. Hann var þá nýkominn heim frá Ameríku og hafði kynnst frystihúsabyggingum þar. Þau hús sem Ísak byggði voru að vísu ekki fullkomin borin saman við nútímataækni á því sviði, en eg álit að þau hafi, eða sú aðferð sem með þeim var innleidd, bjargað fiskiveiðum á Austurlandi í heilan mannsaldur.

Veturinn 1896-7 var byggt frystihús hér á Norðfirði eftir fyrirsögn Ísaks. Var myndað hlutafélag meðal útgerðarmanna til þess að koma fyrirtækinu á fót. Húsið var ekki full búið fyrir en um sumarmál. Vantaði þá að afla íss til hússins. Snjó var þá allmikið tekið að leysa og ís hvergi fáanlegur nema á leirunni fyrir innan fjarðarbotninn, þar var allþykkur ís. En hvernig átti að koma honum alla leið út að Nesi með þeim flutningatækjum sem þá voru fyrir hendi? Helst virtist tiltækilegt að flytja hann á bátum. Gísli Hjálmarsson var þá fyrir skömmu fluttur til Norðfjarðar og var þá einn stærstur útgerðarmaður á Nesi. Hann fann ráðið. Vandinn væri ekki annar en sprengja stóra jaka úr ísnum á leirunni og róa þá svo á eftir bátum útað fjörunni fyrir neðan frystihúsið, sem stóð skammt frá sjó, þá væri auðvelt að bera ísinn þaðan uppí húsið á börum. Næsta dag fóru einir 5 eða 6 bátar inná Leiru til ísfanga. Var allmikið kapp í mönnum að ná nú sem stærstum ísflekum til þess að koma sem mestu í einu. Eg var einn þeirra sem inneftir fóru, á mínum eigin bát, með annan mann með mér. Varð eg fyrstur til að leggja út ósinn með allstóra ísspöng í eftirdragi. Var um 20 faðma langt kaðaltó fest í ísspöngina all innarlega, svo að síður rifnaði útúr. Gekkk vel út ósinn því útfall var. Þegar útfyrir ósinn kom gekkk að vísu tregar en þó miðaði nokkuð áfram. Logn var og blíðviðri. Hertum við nú róðurinn svo sem verða mátti, því allmikil framavon var að verða fyrstur með fenginn. Þegar kom sem svaraði 30-40 föðmum útfyrir ósinn bilaði festin úr ísspönginni. Var þá farið að athuga hvað bilað hefði. Kom þá í ljós að ísspöngin, sem var 7-8 þumlunga þykk þegar lagt var á stað af leirunni, var nú ekki orðin þykkri en sem svaraði 1-2 þumlungum. Við straumnúninginn sem varð við ferðina í gegnum salta sjóinn, sem mun hafa verið allmikið hlýrri en vatnið í leirunni, bráðnaði ísinn svo ört að á örstuttum tíma varð hann að engu, leystist algerlega upp. Við reyndum að ná því, sem eftir var af spönginni inní bátinn en gekkk illa því allt datt í sundur í höndunum á okkur. Við náðum sem svaraði 1-200 pundum af þessum molum í bátinn og héldum heimleiðis. Sáum við að á sömu leið fór fyrir félögum okkar er á eftir komu. Svona fór um sjóferðina þá. Tilraun var gerð til að flytja ísinn á bátum alla leið að innan en gafst ekki vel og var að síðustu gefist upp við það. Að síðustu var það fangaráð tekið að taka snjó úr Nesgilinu, þar sem allþykkur skafllá enn, og bera í ísgeymsluhúsið. Náðist nokkur snjór með þeim hætti, en ekkert svipað því sem þörf var fyrir og varð frystihúsið að litlum notum það árið.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Næsta haust þurfti að byrja snemma að afla íss til hússins, en aðstaða erfið, engin tjörn nærtæk sem hægt væri að taka ís af. Varð nú vart nokkurrar óeiningar meðal hluthafa um hvað gera skyldi. Sumir töldu, að kostnaður allur við þetta fyrirtæki yrði svo mikill að aldrei yrði hægt að láta það bera sig, enda óvíst um hagnaðinn af því að frysta síld til beitu, því gömul reynsla væri fyrir því að síld sem hefði frosið og þiðnað aftur yrði ónýtt beita. Endaði þessi tilraun til félagsskapar um frystihús með því að Sveinn kaupmaður Sigfússon keypti nær alla hlutina á hálfvirði og undirbjó rekstur hússins á eigin kostnað. Urðu ýmsir misbrestir á um rekstur hússins fyrstu árin og í raun og veru allt þar til Sigfús sonur Sveins tók við versluninni 1903 og þar með við rekstri frystihússins. Komst þá betra lag á rekstur frystihússins enda viðskipti við það mjög dýr og að ýmsu leyti erfið. Skömmu eftir að íshúsfélagið leystist upp byggði Gísli Hjálmarsson annað frystihús fyrir sinn eigin reikning og rak það þar til Konráð bróðir hans fluttist til Norðfjarðar. Gísli var upphaflega hluthafi í fyrsta frystihúsinu og vildi að félagsskapnum um það yrði haldið áfram, því Gísli var fremur félagslyndur að eðlisfari, þó ýmsum þætti hann nokkuð ráðríkur. Þurfti það þó ekki að verða að sök ef liðlega var með honum unnið, svo sem og síðar kom fram við stofnun lifrabræðslufélags, sem hefir fært norðfirskum útgerðarmönnum hundruð þúsunda í tekjur og sem máski verður nánar getið í þessum minningum síðar. Frekari tilraun til félagsskapar meðal útgerðarmanna um frystingu beitusíldar var svo ekki gerð fyrr en 1921. Þá höfðu útgerðarmenn hér á Norðfirði orðið að sæta ofurkostum um öflun beitu og frystingu síldar öll stríðsárin, svo að beitukostnaður við 8-10 smálesta bát komst mörg árin uppí 8-9 þúsund krónur á ári. 1921 mynduðu útgerðarmenn hlutafélag með 20 þús. kr. hlutafé og keyptu frystihús Konráðs Hjálmarssonar fyrir 25 þús. krónur, endurbættu það að nokkru og fyrsta árið varð frystingarkostnaður á 100 kg af síld aðeins 15 krónur en hafði áður verið 25-30 krónur auk þess sem menn gátu ekki sætt nema neyðarkaupum á síldinni því erfitt var að ná félagsskap um kaup, þar sem engin trygging var um frystinguna og frystihúseigendur keyptu aðallega sjálfir síldina og seldu svo beituna frosna við því verði er þeim sýndist. Gátu útgerðarmenn oft og tíðum ekki fengið hagkvæm kaup á henni nýrri og aldrei nema takmarkað magn. Íshúsfélag Norðfirðinga sem stofnað var 1921 hefir starfað síðan þó því hafi verið breytt, bæði að fyrirkomulagi félagsins og rekstraraðferðum. Var félaginu breytt 1935 í samvinnufélag og þá byggt hraðfrystihús sem rekið hefir allskonar hraðfrystingu og framleiðslu á ís, auk beitufrystingarinnar. Má óhætt fullyrða að það spor sem stigið var með íshúsfélagsstofnuninni 1921 hefir reynst útgerðarmönnum á Norðfirði hið heilladrýgsta. Þó stundum hafi verið ýmsu ábótavant bæði um félagsskapinn og rekstur fyrirtækisins, þá hefir þó þróunin gengið í rétta átt alloftast og nú á félagið eitt hið besta hraðfrystihús á landinu með þeim eina galla að félagið þarf að sækja rekstrarorku (rafmagn) til annarra, en vonandi tekst áður en langt liður að kippa því í lag með skaplegu móti. Hefðu norðfirskir útgerðarmenn haft félagslegan þroska til þess að standa af sér þau mistök og þá erfiðleika sem mættu félagsstofnuninni 1896, þá hefðu þeir komist hjá mörgum þeim

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

erfiðleikum er þeir áttu við að stríða næstu áratugina.

Í sambandi við erfiðleikana um beituöflun hér á Norðfirði áður en frystihúsin þekktust er mér minnisstæðast sumarið 1895. Eg hafði þá á hendi aðgerð og hirðingu á afla af tveimur róðrabátum fyrir Pálma bróður minn og hafði mér til hjálpar sunnlenska stúlku, Arnleifi Guðmundsdóttur systur Steingríms Guðmundssonar trésmíðameistara í Reykjavík. Eg varð, vegna húsrúmsleysis, að salta fiskinn saman af báðum bátunum, en þar sem hlutaskipti voru á fiskinum og bátarnir fiskuðu ekki í félagi varð eg að marka allan fiskinn af öðrum bátum um leið og eg flatti hann. Var það allmikil verktöf auk þeirrar ábyrgðar sem á mér hvíldi um það að enginn fiskur færi í salt ómarkaður af þeim bát sem marka átti af. Formenn á bátunum voru Kristinn Erlendsson sem var sunnlenskur að ætt en þá orðinn búsettur hér og Guðmundur Sigurðsson frá Nýjabæ á Miðnesi. Báðir voru þeir dugnaðarsjósknarar og aflamenn og allmikið kapp í þeim um aflabrögðin. Eg fór fram á við þá að þeir mörkuðu fiskinn á sjónum um leið og hann væri tekinn inni bátinn en þeir færðust undan því og gerðu það aldrei. Tel eg rétt að taka það fram, að aldrei kom fram hin minnsta tortryggni frá hendi Guðmundar, en af hans bát markaði eg, í minn garð um vanrækslu af minni hendi um mörkun á fiskinum. Átti hann þó og hásetar hans mikið undir því að það væri framkvæmt samviskusamlega. Þetta sumar veiddist nálega engin síld hér á Norðfirði fyrr en komið var fram í ágústmánuð. Á Eskifirði og Reyðarfirði var stöðug síldveiði allt sumarið í landnætur og mörg nótabrúk sem stunduðu þar síldveiðar til söltunar. Allan júnímánuð og seinni hlutann af júlímánuði sótti eg beitu handa þessum bátum á Eskifjörð og stundum alla leið á Reyðarfjörð. Var síldin flutt á hestum og alltaf sætt lagi að vera á ferð með hana að næturlagi. Oftast var farið tvisvar í viku eftir síld og flutt á tveim hestum. Fór eg alls 12 ferðir þetta sumar í þessum erindum og allar ferðirnar förnuðust sæmilega nema ein. Síldina flutti eg í skrinulöguðum kössum sem tóku um hundrað pund. Oftast hafði eg sömu hestana, jarpskjóttan hest sem Árni Davíðsson í Grænanesi átti og rauða hryssu er Stefán Oddsson í Skálateigi átti. Hafði eg oftast 100 pd. á hlið á þeim skjóttu, en sem svaraði 70-80 pd. á þeirri rauðu, voru það sæmileg klyf. Það kom varla fyrir að eg þyrfti að laga á þeim skjóttu en sú rauða fór lakar með reiðing. Fyrir kom það að eg var einn á ferð en oftast vorum við tveir eða fleiri í félagi. Eitt sinn hittist svo á að þegar við komum á Eskifjörð var þar enga síld að fá en við fréttum að síld væri í lás á Reyðarfirði. Við vorum í það skiptið fjórir saman. Fengum við þá lánaðan bát hjá Jónasi bónda Símonarsyni á Svínaskála og sóttum síldina alla leið á Reyðarfjörð og gekk vel. Bátur sá er við fengum lánaðan hjá Jónasi er sá best útbúni róðrabátur sem eg hefi séð, bæði að seglbúnaði og öðru, enda var Jónas sérstakur hagleiks- og snyrtimaður. Beituflutningar þessir þóttu að vonum mjög dýrir og erfiðir, sem geta má nærri, því auk erfiðleikanna um flutninginn var og áhættan um það að engin síld fengist þegar komið væri suður, því þá var ekki síminn til þess að bera aflafregnirnar, en nokkuð bætti það úr að síldveiðin var öll á þessum tíma stunduð með landnótum og til söltunar. Ef um mikla veiðivon var að ræða héldu nótalögin áfram að kasta meðan nætur entust. Var því oft samtímis síld í fleiri

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

lásum, stundum mörgum, og var ekki tekin upp nema jafnótt og saltað var. Var því oftast von um að síld væri í lásum hjá einhverju nótalagi meðan síldin lagðist ekki frá, einkum eftir að kom fram í júlímánuð, því þá fór síldin að verða stöðugri. Ferðir voru og allmjög tíðari milli Eskifjarðar og Norðfjarðar þá en nú. Verslun hafði fram að þeim tíma verið sótt að mestu til Eskifjarðar af innsveitinni og var að nokkru sótt þá enn. Fregnir bárust því alloft á milli og bætti það nokkuð úr um vitneskjuna hvenær væri beitu von. Allmjög var um það rætt á þessum tíma, að gerlegt myndi að sækja síld til Reyðarfjarðar á róðrabátum. Er sú leið talin 8 tíma róður til Eskifjarðar en 9 tíma róður inní botn á Reyðarfirði. Er nær helmingur þeirrar leiðar fyrir utan land fyrir opnu hafi og tvær vondar straumrastir yfir að sækja. Einhvern tíma í júlímánuði þetta sumar var það afráðið að senda róðrabát héðan frá Nesi til Reyðarfjarðar til að sækja beitusíld. Var mannaður út stór bátur færeyskur með sex mönnum til fararinnar. Formaður á bátnum var Magnús Guðnason, sunnlenskur maður sem var þá formaður hjá séra Jóni Guðmundssyni. Var hann faðir Friðriks Magnússonar (stórkaupmanns) heildsala í Reykjavík. Fór báturinn frá Nesi snemma að morgni, átti hann að taka 15 tn af síld ef fengist og var það mjög þægilegur farmur í svo stóran bát. Var svo fyrir lagt, að ef veður breyttist skyldi báturinn lenda á Svínaskála, og átti þá að sækja síldina þangað á hestum. Veður var hið besta þennan dag og gekk bátnum vel til Reyðarfjarðar. Nóttina eftir gekk hér uppí norðaustangarð. Var þá sýnt að báturinn myndi ekki komast útfyrir land í því veðri. Var þá strax brugðist við og sendir 4 menn með 12 áburðarhesta til þess að sækja það sem hægt var af síldinni til Svínaskála, því talið var víst að báturinn myndi hafa lent þar, þegar ekki gafst leiði útfyrir land, því svo hafði verið fyrir lagt af þeim sem leiðangurinn kostuðu. Var nú haldið svo greitt sem verða mátti með lestina suður að Svínaskála. Þegar þangað kom var þar enginn bátur frá Norðfirði. Var nú maður sendur ríðandi inná Eskifjörð til fregna. Á Eskifirði vissi enginn neitt um bátinn. Hélt því sendimaður áfram og ætlaði alla leið inná Reyðarfjörð. Leið nú fram undir kvöld. Þá fór maður utan frá Breiðuvík um á Svínaskála og sagðist honum svo frá að sést hefði til báts sem virtist nokkuð hlaðinn þar úthjá um kl. 10 kvöldið áður, en að öðru leyti vissi hann engin skil á bátnum né hvað um hann hefði orðið. Eg var einn í þessari för að Svínaskála. Hafði eg tvo hesta sem eg ætlaði að flytja síld á og svo brúnan hest sem Pálmi bróðir minn átti, sem eg reið alltaf í þessum síldarleiðangrum. Mér þótti nú sýnt að báturinn myndi hafa haldið út Reyðarfjörðinn kvöldið áður í þeirri von að fá leiði fyrir landið um nóttina hvað svo sem um hann hefði orðið þegar hvessti. Stakk eg nú upp á því að við færum út með firðinum og reyndum að hitta bátinn þar sem hann hefði lent og sjá hvort við gætum ekki bjargað einhverju af síldinni. Ekki leist samferðamönnum mínum á það ráð. Báturinn yrði að liggja þar sem hann væri kominn þar til veður batnaði en síldin væri auðvitað öll orðin ónýt. Eg taldi ómannlegt að halda heim án þess að vita hvað um bátinn hefði orðið, tók reiðinginn af öðrum hestinum sem eg ætlaði að flytja á og batt hann á hinn hestinn og bað þá félagamína að reka hann norður með sínum hestum. Reið eg svo með lausan hestinn út með firðinum. Hitti eg sjómenn á Hnúanaustunum og sögðu

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Þeir mér að báturinn hefði farið þar út hjá eftir háttatíma kvöldið áður og hefði hann ekki lent á Karlsskála. Var þá ekki um neina lendingu að ræða í norðaustanátt fyrr en á Vöðlum norðanmegin Vaðlavíkur. Reið eg nú allt hvað af tók til Vaðlavíkur og var kominn í Vaðlahöfn kl. 1 um nóttina. Þar stóð báturinn skorðaður og vel frá genginn fullur af síld, en mennirnir sáuust hvergi. Fór eg nú heim að Vöðlum og vakti þar upp heimafólk. Var mér sagt að mennirnir af bátnum lægju þar í hlöðu og liði vel. Hitti eg þá svo að máli og spurði tíðinda. létu þeir vel af sínu ferðalagi þar til þeir komu fyrir Krossanes, þá bráðhvessti á norðaustan og þeir náðu við illan leik í Vaðlahöfn. Sami stormur var á enn og ekki viðlit að halda fyrir Gerpi á bátnum. Eg hafði skoðað síldina í bátnum og leist mér hún lítið skemmd. Þótti mér nú súrt í broti að halda heim síldarlaus með lausan hest. Leitaðist eg fyrir um á Vöðlum að fá lánaðan reiðing til Viðfjarðar. Það var ekki hægt. Reið eg þá yfir að Kirkjubóli, þar bjó þá Magnús Marteinson sem síðar bjó á Sandvíkurseli. Bað eg hann að lána mér reiðing en ekki var það heldur hægt því sláttur var byrjaður og heyflutningar stóðu fyrir dyrum. Á Kirkjubóli var húsmáður Jón Ásmundsson, faðir Salgerðar Jónsdóttur sem lengi hefir verið hér á Nesi. Hann gaf mér kost á því að lána mér reiðing til Viðfjarðar ef eg sendi sér hálf pund bita af munntóbaki, sem þá kostaði kr. 1,10 og hann gæti tekið hann í Viðfirði þegar hann sækti reiðinginn. Eg gekk fúslega að þeim kostum, tók reiðinginn og lagði á klárinn, fékk svo tvo sykirkassa hjá Magnúsi, reið út í Vaðlahöfn og fyllti kassana af síld, tók auðvitað það besta ofanaf og var hún óskemmd. Hélt svo, svo hratt sem verða mátti, til Viðfjarðar og var kominn þangað um dagmál. Fékk eg að setja síldarkassana inní sjóhús hjá Sveini bónda Bjarnasyni, skildi eftir reiðing Jóns Ásmundssonar og reið svo allt hvað af tók norður að Nesi og var kominn þangað kl. 11 f.h. Vóru þá félagar mínir sem skildu við mig kvöldið áður á Svínaskála nýkomnir. Veðrið var þá heldur farið að lægja og fóru sjómenn Pálma bróður míns strax 5 á bát til Viðfjarðar og sóttu síldarkassana og gátu beitt um kvöldið og róið næstu nótt. Magnús Guðnason kom ekki á síldarbátnum fyrr en afhallandi miðjum degi næsta dag og var þá síldin sem í bátnum var að mestu ónýtt.

Lifrarbræðslufélag Norðfjarðar

Allt fram um síðustu aldamót var þorskalýsi í lélegu verði hér á landi, að minnsta kosti hér austanlands, enda var hirðing[u] lifrar mjög ábótavant og sumstaðar var hún alls ekki hirt, nema lítið eitt til matar. Hinsvegar var hákarlalýsi í miklu betra verði, enda var öll hirðing hákarlalifrar miklu betri en þorsklifrarinnar og ekki eins vandfarið með hana, hún þoldi betur vanhírðu en þorsklifrin. Verkunaraðferðir við lýsi þekktust þá ekki nema tvær: pottbræðsla (eða brennsla) og sjálfrunnið lýsi. Við pottbræðsluna var sú venja viðhöfð að lifrinni var safnað í ílát, ýmist opin eða tillukt, yfir lengri tíma, oftast alla vertíðina, hvort hún var löng eður skömm. Var því lifrin oft orðin margra mánaða gömul, stundum misserisgömul, þegar hún var brædd. Var þá gengið að því að bræða það sem til var og bræðslunni ekki lokið fyrr en öll lifur var brædd. Meðan hákarlaveiðar voru stundaðar hér austanlands, bæði á lagvaði og með því að fara í “hákarlasetur” með hákarlafæri, áttu flestir útgerðarmenn bræðslupotta og bræddu alla sína hákarlalifur sjálfir. Voru pottar þessir svo stórir jafnaðarlega, að þeir tóku 2-3 lagartunnur, en ekki var hægt að bræða í þeim meira en svo að væri á þeim allt að þriðjungs borð, því lifrin ólgaði allmikið við suðuna og varð að gæta þess vel að ekki syði útyfir barma pottsins því þá gat farið illa og kviknað í öllu saman og var þá erfitt að kæfa eldinn. Varð því að hræra stöðugt í pottinum eftir að fór að sjóða til þess að lægja ólguna í lifrinni þar til lýsið fór að verða nokkuð soðið, vatnið, eða sjórinn sem kallað var, var gufað upp og grúturinn fór að setjast á botninn og lýsið að hreinkast ofaná, en þá varð að gæta þess að grúturinn festist ekki við botninn eða brynni við því þá var hætt við hvorutveggja, að lýsið yrði of dökkt (brunnið) og ekki síður hinu, að grútarhellan yrði svo hörð við botninn að pottbotninn yrði glóandi undir grútarhellunni. Gat þá komið fyrir að hellan spryngi og kviknaði í lýsinu frá rauðglóandi botninum eða jafnvel að pottbotninn rifnaði. Þurfti því allmikla árvekni við lifrarbræðsluna og þótti ekki gott verk að vinna að henni. Nokkuð mun lýsið hafa reynst misjafnt frá bændum og valt þar mikið á að bræðslumaður væri vanur og ábyggilegur. Hákarllifur var ætíð betri í bræðslu en þorskalifur. Ólgaði minna og ekki eins vandmeðfarin og þorskalifrin.

Hin aðferðin sem notuð var við verkun lýsisins var hið svonefnda hrálýsi eða sjálfrunnið lýsi. Var lifrinni þá safnað í opin ílát og lifrin látin renna við lofthitann einan. Var borað gat á ílátið niður við botn og vatninu, eða sjónum, sem settist undir, við og við rennt undan. Lýsið sem rann úr lifrinni settist ofaná jafnótt og það rann. Var það fleytt ofanaf mjög gætilega og rennt í hreinar tunnur og í þeim ílátum var það selt. Hrálýsi var nokkru verðmeira en pottbrætt lýsi, minnsta kosti úr þorsklifrinni, en aftur á móti fékkst minna lýsi úr lifrinni með þessari aðferð.

Þegar eg kom hingað til Norðfjarðar 1891 voru hákarlaveiðar að mestu lagðar niður hér, en þorskveiðar mjög að eflast. Saltfiskverkun hér austanlands var mjög í framför og þorskveiðarnar báru meiri árangur og gáfu meiri tekjur en hákarlaveiðar.

Hirðing lifrarinnar úr þorskinum var mjög léleg og sumstaðar var hún alls ekki hirt nema það

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

litla sem notað var til matar (lifrin etin ný og brætt nokkuð til bræðingsgerðar).

Um 1880 hafði Sigurður Johansen (Norðm.) bróðir Rolfs kaupmanns á Reyðarfirði reist bræðsluhús með bræðslupotti sem mun hafa tekið um 5-600 lítra í Krossskálavíkinni skammt fyrir innan hið stóra síldveiðihús sem hann byggði þar um sama leyti eða litlu fyrr (og sem eg hefi getið um á öðrum stað í minningum mínum). Hús þetta áttu þá (1890) þeir Þorsteinn Jónsson, síðar á Borgarfirði og í Reykjavík, og Sveinn Sigfússon kaupmaður. Keyptu þeir lifur og létu bræða hana í þessari bræðslustöð einusinni á ári, venjulega seint að hausti eða fyrrihluta vetrar. Verðið sem þeir gáfu fyrir lifrina var 2 krónur fyrir fullt steinolíufat af lifrinni nýrri. Lögðu þeir til fötin og sóttu þau þegar þau voru fyllt. Verð þetta var svo lítið að aðeins nokkrir fáir notuðu sér þessa sölumöguleika. Einstaka útgerðarmenn áttu smærri bræðslupotta og reyndu að bræða sjálfir sem gekk misjafnlega. Aðrir voru að þjaskast með hrálýsi sem lítinn árangur bar hjá flestum. Yfirleitt var þessi vara á allan hátt í mestu niðurlægingu og óhirðu og gaf útgerðarmönnum litlar eða engar tekjur.

Um aldamótin fóru Norðmenn að koma hingað til lands með nýja verkunaraðferð á lýsi. Settu þeir sig niður í ýmsum helstu verstöðvum, austanlands og norðan, keyptu lifur og gufubræddu úr henni meðalalýsi. Voru áhöld þeirra fremur ófullkomin. Var bræðsluáhalðið, eða potturinn, tvöfaldur blikkypottur, að vísu sumir með járnbotni. Var vatn á milli pottveggjanna og kynt undir pottunum þar til vatnið sauð, en lifrin var í innri pottinum og rann þannig við vatnshitunina án þess að brenna. Mun með þessari aðferð hafa fengist mjög gott og verðmætt lýsi en bræðslan var seinleg og kostaði mikla fyrirhöfn að ná öllu lýsinu úr lifrinni, en ef nákvæmni var við höfð fékkst mjög góð vara með þessari aðferð. Síðar var breytt um vinnsluaðferð og notaðir gufukatlar og gufunni hleypt í lifrina og hún brædd þannig. Er sú aðferð notuð enn og þekkja hana allir sem við lifrarbræðslu fást. 1901-2 kom hingað Norðmaður Elias Kloster að nafni. Mun hann hafa verið sendur frá norsku félagi til lifrarkaup⁵. Kom hann með bræðsluáhöld af þeirri tegund sem áður er lýst. Vildi hann setja sig hér niður og kaupa lifur. Nokkrum erfiðleikum mætti hann um að fá stað undir skúr til bræðslunnar. Voru ýmsir sem voru því fremur andvígir að leyfa manni þessum að setjast hér að til lifrarkaupna. Töldu að nær væri að íslenskur maður gerði tilraun með slíkt og höfðu þeir hinir sömu að vísu mikið til síns máls, en gallinn var sá að enginn hafði framtakssemi um þessa hluti og endirinn varð sá að Kloster byggði skúr, keypti lifur og fór að bræða. Innan skamms fór svo að hann þurfti að fá sér aðstoðarbræðslumann og varð til þess Lárus Waldorff í Melbæ. Vann Lárus hjá Kloster flest eða öll árin sem hann var hér, og kom það þorpinu vel sú þekking sem Lárus aflaði sér á bræðslu lifrar hjá Kloster, þegar þorpsbúar síðar réðust í að bræða sína lifur sjálfir. Verðið sem Kloster gaf fyrir lifrina var 5-10 aurar fyrir pt. Þótti það á þeim tíma mjög gott verð og fór nú hirðing lifrarinnar mjög batnandi þau ár sem Kloster var hér. Fundu útgerðarmenn að hér var um verðmæti að ræða sem ekki mátti fara forgörðum. Auk þess var önnur hlið á þessu máli sem

⁵Mun aðaleigandi þess félags hafa heitið O. Olsen og keypti á þessum árum lifur og setti upp bræðslur á fleiri stöðum, t.d. Vestmannaeyjum, Sandgerði og víðar.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

útgerðarmenn komu fljótt auga á, lifrin var öll borguð í peningum. Öll verslun hér var þá lánsverslun. Var aðalverslunin við Svein Sigfússon. Auk þeirrar verslunar voru tvær smáverslanir, Stefán Stefánsson og Gísli Hjálmarsson, báðar fremur smáar og kraftlitlar. Auk þess voru tveir útgerðarmenn sem pöntuðu að nokkru leyti vörur fyrir sjálfa sig. Voru það þeir Lúðvík Sigurðsson og Pálmi Pálmason en ekki höfðu þeir vörur til sölu til annarra, sem teljandi var. Fiskverslun var að mestu leyti hjá verslun S. Sigfússonar. Að vísu keypti St. Stefánsson þá lítilsháttar af fiski og seldi til Noregs, en það var þá í mjög smáum stíl. Gísli Hjálmarsson seldi sinn fisk sjálfur en keypti lítið af öðrum. Mjög var þá erfitt um að fá peninga hjá S. Sigfússyni, ekki síst fyrir þá sem gekk erfiðlega með að standa í skilum. Var það því ekki lítið hagræði fyrir útgerðarmenn að geta fengið lifrina greidda í peningum og þó að upphæðirnar væru ekki stórar hygg eg að mörgum hafi orðið ljósara en áður hvers virði það var að ráða yfir sínum gjaldeyri sjálfir. Enda er það sannfæring mín að þessi lifrarkaup Klosters hafi orðið vísirinn til þeirrar þróunar sem varð í verslunarmálum hér þó smátt gengi og víst er um það að Lifrabræðslufélag Norðfirðinga, sem spratt upp af lifrarkaupum og -bræðslu Klosters er sá meiður sem norðfirsk samvinna hefir þróast út frá þó alltof hægfara væri og mörg yrðu misstigin sporin og ýms áföll hentu. Þá hefir þó alltaf miðað áfram í áttina og gerir enn og væntanlega verður svo framvegis.

Kloster hélt áfram lifrarkaupum hér til og með árinu 1905 en lítið varð ágengt um að fá verðið hækkað. Þó komst verðið upp í 10 aura pr. pt. síðustu árin. Snemma á árinu 1906 fréttist það hingað að Kloster myndi ekki koma til lifrarkaupna það ár. Mun hann eða félag það sem hann var frá hafa skrifað Lárusi Waldorff um það efni. Man eg ekki gjörlla hvernig sú fregn barst en um vorið var fengin víska fyrir því að ekkert yrði starfað að lifrarkaupum frá þeim aðila. Var nú allmikill uggur í útgerðarmönnum um að allt myndi fara í gamla horfið með nýtingu lifrar. Voru nokkrir sem vildu að leitast yrði fyrir um að fá einhvern innlendan eða útlendan aðila til að setja upp bræðslu og kaupa lifur. Varð þess vart að bæði Sigfús Sveinsson, sem þá var verslunarstjóri fyrir verslun Sigfússonar, og séra Jón Guðmundsson yrðu fánlegir til að setja upp bræðslu fyrir eigin reikning ef útgerðarmenn vildu skuldbinda sig til að selja alla sína lifur þeim aðila, á því verði sem hann treystist til að greiða. Nokkrum fannst þetta eina úrræðið og vildu hlíta því, en aðrir vildu fara aðra leið, sem sé þá, að mynda félagsskap allra útgerðarmanna um bræðslu lifrarinnar en ekkert varð þó af félagsstofnun að sinni. Þá varð það að þrír menn tóku höndum saman um að ráða framúr málinu. Þessir menn voru Gísli Hjálmarsson, Lúðvík Sigurðsson og Ingvar Pálmason. Samdist svo um á milli þeirra að Gísli skyldi strax panta bræðsluáhöld og nokkrar tunnur undir meðalálýsi og setja í gang bræðslu svo fljótt sem verða mætti, gegn því að Gísli fengi endurgreitt það sem hann legði fram af andvirði fyrsta lýsis sem seldist. Þeir Lúðvík og Ingvar tóku að sér að reyna að safna saman útgerðarmönnum um að láta alla sína lifur til bræðslu hjá þessu fyrirtæki. Engin reglugjörð var sett fyrir fyrirtækið, allt byggðist á munnlegu viðtali þessara þriggja manna. Allt gekk þetta vonum framár vel. Gísli reyndist hinn ötulasti við að útvega áhöldin, voru þau komin hingað í maímánuði. Skúr var

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

slegið upp í hálfgerðu óleyfi og Lárus Waldorff ráðinn til bræðslunnar sem bræðslumaður. Var þetta allt komið í kring áður en aðalfiskvertíð byrjaði. Þeim Lúðvík og Ingvari hafði orðið sæmilega ágengt um að fá útgerðarmenn til fylgis við fyrirtækið. Flestir tóku því vel en nokkur tregða var hjá einstaka útgerðarmanni. Var ekki laust við að nokkurrar afbrýðisemi kenndi hjá sumum um það að Gísli skyldi vera falin forustan, auk þess sem því var haldið fram að rekstur sem þessi væri betur kominn í höndum einstaklings en með þessari “grautargerð” sem svo var kölluð. Þó varð sá endir að allir sem lifur áttu létu hana í þetta samlag, þó óneitanlegt væri það, að öll hin nauðsynlegu tengsl vantaði, þar sem samlagið starfaði án reglugerðar.

Var þeim Lúðvíki og Ingvari þetta ljóst en Gísli taldi reglur og lagaboð lítils virði, allt ylti á framkvæmdunum og er skylt að minnast þess að um þær reyndist hann hinn ötulasti. Hin hliðin, sem snéri að bókhaldi og reglusemi, var aftur á móti veikari. Var þó ekki í minnsta máta ástæða til að væna hann um sérdrægni, það voru þeir vissir um sem mest störfuðu að þessu með honum, en nokkrum erfiðleikum var það bundið að fá samda frambærilega og hreina reikninga, en í engu mun þar hafa verið hallað á fyrirtækið af ásettu ráði og víst er það að Gísli auðgaðist ekki af forstöðu þess þau ár sem hann hafði hana á hendi. Bræðslan gekk vel um sumarið og lýsið seldist allt sæmilega þetta ár.

Um veturinn þegar farið var að gera upp reikninga fyrirtækisins kom í ljós að stofnkostnaður allur hafði orðið 1210 krónur. Var hann eins og í upphafi var umtalað tekinn af andvirði lýsisins. Var svo þessum stofnkostnaði deilt niður á viðskiptamenn eftir lifrarmagni hvers eins þannig að upphæðinni var deilt í 242 hluti á 5 kr. hver hlutur og var ráðgert að gefa út hlutabréf fyrir þessum upphæðum, sem og var gert þó nokkur dráttur yrði á um það. Komst það ekki formlega í framkvæmd fyrr en ári síðar eða 1908. Þar með var þetta fyrirtæki orðið eins konar hlutafélag. Þegar stofnkostnaður og allur rekstrarkostnaður ársins 1906 hafði verið greiddur var hægt að greiða viðskiptamönnum 5 aura fyrir hvern innlagðan lifrarpott. Þó voru nokkrar krónur afgangss sem yfirfærðar voru til næsta árs. Auk þess voru nokkrar meðalalýsistunnur ónotaðar sem einnig voru yfirfærðar á næsta ársreikning. Var nú talað um að nauðsyn bæri til að setja félaginu reglugjörð. Var á fundi 1907 þeim Ingvari Pálmasyri, Vilhjálmi Benediktssyni og Lúðvíki Sigurðssyni falið að semja reglugjörð fyrir félagið. Fundargjörð þessi virðist nú vera glötuð, er því ekki fullvíst um dagsetningu hennar, en telja má víst að fundur þessi hafi verið haldinn 1907, sennilega á útmánuðum, því þá fór fram skilagr. ársins 1906. Luku þeir því starfi á því ári en ekki var reglugerðin formlega samþykkt fyrr en á aðalfundi 6. apríl 1908. Er reglugerðina að finna í gerðabók félagsins frá þeim tíma, sem er enn við lýði. Væri æskilegt að sú gerðabók glataðist eigi því að þó sumar fundargerðir séu ekki sem ítarlegastar, þá eru þær þó þær einu bókfærðu heimildir sem til eru um stofnun og starfrækslu þessa félags, sem er merkilegt um margt. Mun eg, sem þessar línur rita, færa áminnsta reglugerð inni þessar minningar mínar hér síðar, svo hún sé þó bókfærð víðar en í hinni áminnstu gerðabók. Reglugerð þessi er að ýmsu merkileg. Hún er að vísu fyrir hlutafélag en er þó frábrugðin

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

hlutafélagsreglugerð um margt. Má segja að hún marki stefnu hlutafélags með samvinnusniði og allir meginrættir hennar eru með samvinnusniði, eða byggðir á samvinnuhugsjón. Þannig eru ákvæðin um skiptingu arðsins, að honum skal skipt á viðskipti hvers árs en ekki á hluthafa. Þá má benda á ákvæðin um atkvæðisrétt hluthafa, þar sem ekkert tillit er tekið til hlutafjáreignar. Á aðalfundi 6. apríl 1908 urðu allmikil átök um ákvæði reglugerðarinnar, sérstaklega þau ákvæði sem hér hefir verið minnst á um skiptingu arðsins og atkvæðisréttinn. Þeir sem reglugerðina sömdu stóðu fast með því að þessum ákvæðum yrði ekki breytt og þeir sigruðu, en allmikillar sundrungar varð vart í félaginu útaf þessu atriði en þó tókst að halda félaginu saman. Að vísu var gerð tilraun til þess að kljúfa félagið. Komst hún svo langt að bræðsluáhöld voru keypt og sett upp og bræðslumaður sá sem starfað hafði hjá félaginu var að nokkru leyti ráðinn hjá þeim sem stóðu að klofningnum, en með lagi og nokkurri harðneskju tókst að afstýra klofningnum. Keypti gamla félagið bræðsluáhöldin sem búið var að setja upp og allt færðist í rétt horf aftur. Hirði eg ekki að fara nánar úti þessi atriði. Þeir sem að þessu óþarfa verki stóðu á sínum tíma eru horfnir af leikvellingum fyrir alllöngu og voru um margt mætir menn þó lífsskoðun þeirra samrýmdist ekki samvinnustefnunni og það sem mestu skiptir var, að gifta félagsins reyndist meiri en svo að því yrði á kné komið strax á frumbýlingsárum.

Afkoma félagsins á árinu 1907, sem var annað starfsár félagsins, varð á ýmsan hátt ekki eins glæsileg eins og ársins 1906. Salan á lýsinu gekk ekki eins vel og árið áður og nokkuð var óselt þegar reikningar voru gerðir upp. Þá varð og á því ári vart nokkurra hrafna á viðskiptasviðinu sem auðsjáanlega töldu möguleika á að gera félagið að hræi sem kroppa mætti sér til nokkurs hagnaðar. Þó var hægt að greiða viðskiptamönnum svipað verð og árið 1906 en hagar félagsins rýmkaðist ekki.

6. apríl 1908 var félagið formlega stofnað og því sett reglugerð sem áður segir. Í þessari reglugerð er ekki gert ráð fyrir annarri stjórn en framkvæmdastjóra. Þó var sú venja upptekin að framkvæmdastjóri kvaddi tvo félagsmenn sér til ráðuneytis og urðu það sem óskráð lög og var nær undantekningarlaust fylgt þeirri reglu þar til reglugerð félagsins var breytt 1917. Tilnefndir voru nær undantekningarlaust öll árin þeir Lúðvík Sigurðsson og Ingvar Pálmason. Þau mistök sem kunna að hafa orðið á um rekstur félagsins á þessum árum mega því að einhverju leyti vera á ábyrgð þessara tveggja manna, máski eigi síður en á ábyrgð framkvæmdastjóra.

Gísli Hjálmarsson var framkvæmdastjóri þrjú fyrstu starfsár félagsins, var hann duglegur framkvæmdastjóri. Sérstaklega naut dugnaðar hans við stofnun þess og fyrsta starfsárið. Hann þótti aftur á móti ekki sérlega heppinn við sölu og má þó vera að sú gagnrýni hafi ekki alltaf verið á rökum byggð því hún kom mest fram frá keppinautum hans á verslunarsviðinu. En reikningsfærsla hjá honum þótti heldur ekki í góðu lagi. Var orsök þess fremur sú að honum var ekki lágín bókfærsla heldur en að það stafaði af því að hann vildi ekki hag félagsins í hvívetna. Var það sannfæring samstarfsmanna hans og mun það hafa verið svo í raun og veru.

Á aðalfundi 1909 var Vilhjálmur Benediktsson kosinn framkvæmdastjóri. Gegndi hann því

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

starfi í tuttugu ár. Laun framkvæmdastjóra voru upphaflega ákveðin 2% af nettósölu lýsisins (tunnur og flutningsgjald frádrægið) og héldust þau óbreytt meðan Vilhjálmur var framkvæmdastjóri.

Á næstu árum (1912) var breytt um bræðsluáferð þannig að keyptur var gufuketill og gufunni veitt í bræðsluker og hefir sú áferð verið notuð síðan en skipt um gufukatla tvisvar. Þá voru endurbættar byggingar félagsins og byggð bryggja við þær. Rekstur félagsins gekk mjög sæmilega og á stríðsárunum 1914-18 hækkaði verð á lýsi mjög, svo að sum árin var greitt til félagsmanna allt að 4 kr. á innlagðan lifrarpott. Síðari stríðsárin, einkum árin 1917-18, leit mjög erfiðlega út um starfrækslu félagsins vegna erfiðleika með eldsneyti. Þó rættist alltaf svo úr að hægt var að hagnýta alla lifur að heita mátti og öll árin með góðum árangri að því er verð snerti. 1911-12 var aftur gerð tilraun til þess að kljúfa félagið og sett upp lifrabræðsla, en með lagi tókst að afstýra klofningi. Lagðist bræðsla sú niður. Síðan hefir engin tilraun verið gjörð í þá átt, þó nokkur reipdráttur kunni að hafa átt sér stað um stjórn á fyrirtækinu síðari árin.

Strax 1913 kom það til umræðu að flytja hús öll og starfsemi bræðslunnar útúr bænum. Var oft rætt um það á fundum félagsins en ekki varð af framkvæmdum fyrr en árið 1930. Þá var byggt myndarlegt bræðsluhús inná Strönd og öll starfsemi flutt þangað. Var mikill hreinlætisauki að því að fá bræðsluna flutta úr bænum, auk þess sem húsakynni og öll aðstaða til vinnslu batnaði stórum.

1917 voru samþykkt á Alþingi lög um hlutafélög og 1922 lög um samvinnufélög. Þegar lög þessi komu til framkvæmda kom í ljós að Lifrabræðslufélag Norðfjarðar var í raun og veru hvorki hlutafélag eða samvinnufélag. Urðu nokkrir árekstrar um form félagsins og ekki fékkst það skrásett. Stóð í nokkru þófi um þetta í allmörg ár. Reglugjörð félagsins hafði að vísu verið breytt 1917 en sú breyting fullnægði hvorugu því formi sem lögákveðin voru samkvæmt áður tilvitnuðum lögum. Nokkrir félagsmanna vildu hallast að hlutafélagsfyrirkomulaginu en aðrir, einkum þeir sem enn voru starfandi af hinum fyrstu stofnendum, vildu samvinnufélagsformið og 1930 var félagið lögskráð samvinnufélag og vonandi verður því formi haldið meðan félagið starfar, sem æskilegt væri að yrði svo lengi sem þorskveiðar verða stundaðar frá Norðfirði.

Félag þetta hefir reynst norðfirskum útgerðarmönnum öflug stoð undir atvinnurekstri þeirra. Skiptir fjárupphæð sú sem þessi stofnun hefir fært útgerðarmönnum frá byrjun nú orðið allmörgum milljónum króna, og fullyrða má að þær myndu vera nokkru færri ef þessi félagsskapur hefði ekki verið stofnaður í því formi sem var, þó að oft væri um það sagt að það væri hvorki fugl né fiskur og þrátt fyrir það að það starfaði eftir reglugerð um aldarfjórðungsskeið, sem ekki fékkst viðurkennd af löggjöfum landsins. Áður en eg lýk þessum minningum vil eg minnst þess starfs félagsins, sem vænta má að haldi minningu þess við þó það kunni sjálft að líða undir lok eða hverfa í straum framþróunarinnar. Árið 1919 var samþykkt á aðalfundi félagsins að stofna tvo sjóði, af óskiptum arði ársins 1917, og leggja í þessa sjóði það mikið af arði árána 1918 og 1919 að stofnfé hvors sjóðs yrði 5000 kr. Þetta náðist þó ekki alveg

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Því árferði fór versnandi og tekjur manna af lifrinni urðu minni síðari árin. Mun hið upphaflega stofnfé aldrei hafa numið nema rúmlega 4000 kr. fyrir hvorn sjóð. Þessir sjóðir heita:

Samkomuhússsjóður Lifrabræðslufélags Norðfirðinga og Sjúkrahússsjóður Lifrabræðslufélags Norðfirðinga. Hefur báðum þessum sjóðum verið sett skipulagsskrá og þær hlotið konunglega staðfestingu. Upphæðir sjóða þessara munu hafa numið við áramót 1944 og 45:

Samkomuhússsjóður: 11.534 kr. og

Sjúkrahússsjóður 11.242 kr.

Draumur

Nóttina milli 7. og 8. apríl 1942 dreymdi mig undirritaðan eftirfarandi:

Eg þóttist vera á ferð um Suður-Múlasýslu, og var á norðurleið. Kom eg að bæ, sem mér virtist ýmist vera Lönd í Stöðvarfirði eða Krossanes við Reyðarfjörð. Réðist eg þar til gistingar. Var mér fylgt til svefnhúss í gamalli baðstofu, sem mér virtist standa ein sér, nokkuð frá íbúðarhúsinu. Þjóst eg síðan til svefns. Þegar eg var háttaður kom þangað allm. N.N. og var honum vísað til rúms í þessari sömu baðstofu. Snéru hvílu okkar þannig að fótagaflar vissu saman og mynduðu þar vinkil. Var mín hvíla undir hlið baðstofunnar en hans undir stafni. Engin orð fóru milli okkar en mig greip óttablandin minnimáttarkennd við komu hans, sem óx um allan helming við það, að áður en hann lagðist til svefns tók hann föt mín öll, ásamt handtösku er eg hafði meðferðis og gekk frá því undir rúmi sínu. Eigi hreyfði eg mótmælum, en óttaðist mjög að þessar tiltektir væru gerðar af illum hug til mín. Sofnaði nú N.N. brátt en mér var ekki svefn í hug. Lá eg, að mér fannst, lengi vakandi og braut heilann um, á hvern hátt eg gæti komist undan hættu þeirri sem eg var viss um að yfir mér vofði. Dimmt var í baðstofunni. Þegar eg hafði lengi legið, opnuðust dyr baðstofunnar beint á móti rúmi því er eg lá í. Sá eg þá útum dyrnar heim til bæjarins, var þar glaða sólskin að sjá. Sá eg þar íbúðarhús ásamt fjósi er var áfast við það. Ennfremur sá eg að neðan túnið, sem mér virtist allmikið sprottið, kom maður og rak tvær kýr á undan sér, aðra rauðskjöldotta en hina sægráa. Stefndi hann að fjósinu. Í sömu andrá komu útúr fjósinu 6-8 kýr og á eftir þeim aldraður maður alskeggjaður með kringlótta loðhúfu á höfði, á eftir honum drengur, á að giska 8-9 ára gamall. Segir aldraði maðurinn við drenginn: “Taktu kýrnar hans Þorkels með”.

Við þessar mannaferðir óx mér áræði, svo eg hugði að gera tilraun til að komast út, en vildi þó ná fötum mínum og tösku með mér. Fór eg nú að horfa undir rúm herbergisfélaga míns. Sá eg þar kassa með mínu nafni, ásamt mörgum fleirum af sömu gerð, sem staflað var undir rúmið svo að efstu kassarnir námu við rúmbotn. Preif eg nú til þess kassans sem var með nafni mínu og kippti honum undan rúminu. Við það seig botn rúmsins og sá sem í því svaf vaknaði. Skipti það engum togum að hann spratt uppúr rúminu og rauk á mig með hinum mestu illyrðum. Tókumst við þarna á litla stund, en brátt kom hann mér undir. Óttaðist eg þá að hann sækti eftir lífi mínu og kallaði á hjálp. Var þar þá samstundis komið heimafolk það er nú skal greina: Hinn aldraði maður sem eg litlu fyrr hafði séð útum baðstofudyrnar við fjósið. Kona stórskorin en myndarleg sem eg taldi vera húsfreyju. Sonur þeirra, er mér þótti vera, unglingsmaður, ljóshærður, fremur væskilslegur. Stúlka, á að giska rúmlega tvítug, stór og gjöfuleg en ófríð í andliti. Auk þessara piltbarn 3-4 ára. Ekkert af þessu fólki þekki eg í vöku en í svefninum fannst mér það allt vera mér kunnugt. Strax og fólk þetta kom í baðstofuna hættu áflog okkar félaga og andstæðingur minn fór í rúmið. Aldraða konan bjó nú um mig að nýju og nú á öðrum stað í baðstofunni, nær baðstofudyrum. Sagði hún mér að nú skyldi eg leggja mig aftur, sem eg og

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

gerði. Fannst mér eg sofna og sofa um stund. Vaknaði eg svo við það að húsmóðir (hin sama kona) færði mér mjólk og kaffi. Þótti mér nú allt hið sama fólk vera í baðstofunni sem fyrr. Auk þess gömul kona sem sat á milli rúms þess er eg þóttist liggja í, og þess rúms er N.N. svaf í. Ekki sá eg hana greinilega en fremur fannst mér eg hafa beyg af henni. Fór eg nú að hugsa til ferðar. Hafði eg orð á því við húsbóndann að eg myndi snúa við og halda inn um Karlskála inn byggðina og þá leið heim. Sagði hann þá að eg gæti orðið þeim samferða, honum Þorkeli og syni sínum - sem hann nefndi með nafni en sem eg ekki mundi hvert var þegar eg vaknaði – því þeir væru að fara inná byggð. Húsfreyja blandaði sér þá í umræðurnar og sagði að það væri óþarfi fyrir mig að snúa aftur, eg skyldi halda þá leið sem eg hefði ætlað mér, hún Sigríður gæti fylgt mér. Þóttist eg vita að með því ætti hún við stúlku þá er fyrr getur og eg áleit vera dóttur húsbændanna. Bætti húsfreyja því við að sér þætti verst að hún gæti ekki gefið mér að borða áður en eg færi. Kom þá dóttirin, sem eg áleit vera, með vænan kjötbíta og sagði eg skyldi borða þetta. Svaraði eg því að eg myndi ekki borða hann að sinni en stinga honum í vasa minn og borða á leiðinni. Fór eg nú að nýju að svipast um eftir fötum mínum og fann þau undir rúmi því er N.N. svaf í. Fór nú eins og fyrra skiptið, að þegar eg tók fötin undan rúminu, þá snaraðist N.N. fram úr því með illyrðum og gerði sig líklegan til að ráðast á mig, en nú brá svo við, að nú var mér allur beygur horfinn og sagði eg honum að nú væri eg viðbúinn að taka á móti honum ef hann óskaði, en hann hikaði svo að ekkert varð nú úr áflogum. Man eg glögggt að mér þótti hann vera í stórröndóttum náttfötum. Tygjaði eg mig nú í snatri til ferðar, en þegar eg var ferðbúinn gekk eg til N.N. og rétti honum hendina og spurði hvort við ættum ekki að gleyma því sem fram hefði farið um nóttina, en hann svaraði því þá þessum orðum sem eg man glögglega: “Hundar sem fljúgast á, gleyma ekki þó þeir séu skildir” og við það vaknaði eg.

8. apríl 1942

Ingvar Pálmason

Atvik á Alþingi

Frá því að Alþingi var endurreist hefir það verið föst venja við þingsetningu og þingslit, að þegar umboðsmaður konungs (fyrst landshöfðingi og síðar ráðherra og forsætisráðherra) hafði lokið við boðskap konungs um að Alþingi væri sett eða því væri slitið, þá bað hann þingmenn rísa úr sætum og hrópa húrra fyrir konunginum.

Þegar Tryggvi Þórhallsson varð forsætisráðherra 1927 varð á þessu nokkur breyting, þannig, að hann orðaði þetta á þá leið að hann bað þingmenn rísa úr sætum og hrópa ferfalt húrra fyrir konunginum og fósturjörðinni.

Þegar haustþinginu, sem háð var 1939 var slitið, sem ekki varð fyrr en 4. jan. 1940, þá bar svo við að þegar forsætisráðherra Hermann Jónsson bað þingmenn rísa úr sætum og hrópa ferfalt húrra fyrir konunginum og fósturjörðinni, að aldursforseti I.P. hrópaði: “Ísland lifi” og stýrði svo húrrahropunum sem þingmenn tóku mjög vel undir.

Þegar athöfninni var lokið kom það í ljós, að þetta tiltæki aldursforseta hafði komið þingmönnum ýmsum á óvart, spurðu nokkrir hvort þetta ætti að tákna það að Alþingi væri að taka upp nýja siðvenju við þingslit. Aldursforseti svaraði fáu, en sagði að tiltæki þetta væri algerlega á sinni ábyrgð og hann hefði ekki að neinu leyti borið það undir ríkisstjórn eða þingheim en gat þess aðeins, að sér sýndust horfur vera þann veg að betur sæti á þingheimi að setja Ísland fram fyrir konunginn. Þegar svo Alþingi var sett 15. febr. 1940 þá minntist forsætisráðherra á það við aldursforseta hvort hann hefði í huga að hrópa “Ísland lifi” þegar húrrað yrði fyrir konunginum. Svaraði aldursforseti því að þess væri hann albúinn, en myndi þó ekki gera það í banni forsætisráðherra. Var síðan þingið sett og hrópað húrra eins og venjulega en miklu vóru hrópin daufari en við síðustu þingslit. Á meðan Alþingi 1940 sat, gerðust þau tíðindi að Danmörk var hertekin 9. apríl og Alþingi gaf út þingsályktun þar sem samþykkt var að Ísland tæki í sínar hendur alla meðferð utanríkismála og að fullu landhelgisgæslu við strendur landsins. Ennfremur var ríkisstjórninni falið fyrst um sinn, að fara með konungsvaldið í landinu. Þegar svo að Alþingi var slitið bað forsætisráðherra þingmenn að rísa úr sætum og hrópa ferfalt húrra fyrir konunginum og fósturjörðinni þá hrópaði aldursforseti (sem enn var hinn sami) “Ísland lifi” og tók þingheimur undir það með ferföldu húrra. Sennilega verður sú venja ekki lögð niður meðan Alþingi Íslendinga verður háð.

Hvort litið verður á tiltæki aldursforseta við þingslit 4. jan. 1940 sem forboða þess sem fram kom síðar eða eigi, þá verður hver og einn að hafa sína skoðun á því efni, en atvikið getur þó bent til þess að sá sem þess var valdandi hafi haft hugboð um hvað koma myndi. Skrifað síðasta apríl 1940.

Sjómannadagsræða

Eg hygg að óhætt sé að fullyrða að farmennska og fiskveiðar hafi fluttst til Íslands með hinum fyrstu landnámsmönnum, farmennskan og fiskiveiðarnar séu því Íslendingum í blóðborin. Víst er um það að allir hinir helstu landnámsmenn voru farmenn og áttu farkostina sjálfir. Um fiskveiðarnar má minna á frásögn Landnámu um dvöl Hrafna-Flóka hér á landi. Þar segir að öll vötn og ár hafi verið full af fiski og veiðihugur þeirra félaga hafi verið svo mikill að þeir gættu þess eigi að afla fódurs fyrir fénað sinn svo hann fórst allur. Margar fleiri frásagnir Landnámu eru um veiðiskap hinna fyrstu landnámsmanna. Farmennskan meðal Íslendinga hélst meðan farkostir entust. En því miður hnignaði skipastól Íslendinga furðu fljótt. Þó áttu þeir allsæmilegan skipastól fram á Sturlungaöld. Um það ber Flóabardagi, meðal margra annarra frásagna, glöggan vott. En síðarihluta 13. aldar er svo komið að Íslendingar eiga ekki skipakost til þess að flytja að sér brýnustu nauðsynjar frá öðrum löndum. Um það vitna ákvæði Gamla sáttmála, þar sem tilskilið er að konungur skuli árlega láta ganga til landsins eigi minna en 6 kaupskip, sem þó aldrei var haldið af hendi Noregskonungs. Farmenn áttu Íslendingar að minni hyggju alltaf. Um það er hægt að fá sannanir mjög víða í sögu landsins. Meira að segja á hinum mestu hörmungaöldum voru Íslendingar í förum útum allan heim. Eru fyrir því margar skjallugar sannanir, svo sem saga Jóns Indíafara og fl. Lengi frameftir höfðu biskupsstólar landsins haffær skip, minnsta kosti öðru hvoru, en svo hverfa þau einnig úr sögunni.

Hverjar voru orsakirnar til þess að Íslendingar urðu skipalausir? Þær hafa að sjálfsögðu verið fleiri en ein og sennilega margar. Okkur nútíðarmönnum hættir við að skella skuldinni á aðra og þá oftast hina erlendu kúgun sem Ísland bjó við um sex aldir. Víst er um það að hún hefir valdið allmiklu um, en eg held að hún hafi ekki verið ein að verki, fleiri munu orsakir verið hafa. Eg held að frumorsök þess að Íslendingar urðu skipastólslaus þjóð, sé að finna, eins og margt fleira af hörmungum Íslendinga á þeim tíma, í innanlands ósamkomulagi og illdeilum sem Íslendingar voru haldnir af síðari hluta þjóðveldistímabilsins og náðu hámarki sínu á Sturlungaöld og enduðu með því að Íslendingar glötuðu, þó ekki að fullu, sjálfstæði sínu. Aðrar ástæður má og einnig finna, svo sem efnisskort bæði timburs og járnns, en þá erfiðleika hefði vafalaust mátt yfirstíga ef samheldnina hefði ekki vantað. Það hefir verið og verður ætíð sígilt lögmál að sameinaðir stöndum vér og sundraðir föllum vér. Eitt er víst að skipasmiði hefir okkur aldrei brostið, þó þá kunni að hafa vantað leikni í starfinu, vegna þess að þeim var meinað að neyta þeirra hæfileika sem í þeim bjuggu. Enn þann dag í dag eigum við slíka menn ef við bara höfum sameiginlegan vilja til að gefa þeim tækifæri. Eg ætla ekki að rekja hér hörmungasögu skipakosts okkar Íslendinga yfir miðaldir og fram til 19. aldar. En öll sú saga sannar okkur það að við verðum að keppa að því að vera sjálfum okkur nógir um öflun skipakosts ef vel á að fara.

Á öllum öldum voru til menn meðal Íslendinga sem sáu að ein okkar mesta smán Eylandsbúanna var skipaleysið en raddir þeirra fengu lítinn hljómgrunn. Á fyrri hluta 19. aldar

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

var þessi vísa kveðin “Mér hefir verið sagt í svip o.s.frv.”⁶. Skáldið leggur þar kyrrstöðumönnum orð í munn og því miður hafa þeir þá verið of margir. En eftir 1874 fer að rofa til. Áhuginn fyrir því að eignast haffær skip, aðallega til fiskiveiða, eykst og ísinn er brotinn, skipin stækka smátt og smátt og þróunina síðan þekkið þið öll, bæði af eigin reynslu og frásögnum. Þó að mikið sé ógert megum við vel við una eins og [ólæsilegt] ef niðjarnir halda áfram verki feðranna og bera gæfu til að standa saman um framkvæmdirnar. Strax og tækifærið gafst sýndu Íslendingar það að þeir kunnu að sigla. Þó þá skorti allan aðbúnað til lærdóms í siglingafræði þá sýndu þeir strax að þeim var sjómennskan og farmennskan í blóð borin. Ein sönnun þess að Íslendingum er farmennskan svo að segja meðfæddur eiginleiki er það að einn af þeim mörgu sem lögðu sig fram um að kenna Íslendingum siglingafræði á þessu tímabili hinnar vaknandi framtakssemi var prestaskólakennari. Þegar við byrjuðum siglingar á haffærum skipum áttum við engan sjómannaskóla og ekki var það fyrir en undir aldamótin síðustu að Sjómannaskólinn var stofnaður í Reykjavík. Hann hefir að vísu átt við of þröngan hag að búa en samt hefir reynslan sýnt að skipstjórnarmenn frá honum hafa að flestu staðið erlendum skipstjórnarmönnum á sporði um alla sjómennsku og jafnvel nokkru framar þegar á reyndi. Nú er það tryggt að [að] sjómannaskóla Íslendinga verður svo búið sem sámir hinum þróttmestu og hæfustu sjómannaefnum veraldarinnar og það eiga synir Eylands í norðurhöfum ætíð að vera.

Ungu og uppvaðandi sjómenn sem hafið valið þennan dag til þess að helga hann sem ykkar eigin dag. Þar sem þið mætið allir með þeim einlæga ásetningi að gera allt sem í ykkar valdi stendur til þess að þroska og fullkomna sjómannastétt landsins, ekki einungis í eiginhagsmunaskyni heldur af innri þrá til þess að starfa sem nýtir þegar þjóðfélags ykkar, fósturjörð og þjóð ykkar til blessunar. Minnst þess að nú fellur á ykkar herðar að sýna það að það skref sem íslenska þjóðin hefir nú stigið viljið þið helga krafta ykkar til þess að fullkomna og gæta þess að áfram verði haldið með fullri orku og þrautseigju hins íslenska sjómanns. Verið þess minnugir hver var orsök þess að við Íslendingar urðum skipastólslaus ósjálfstæð þjóð sem átti að vísu bestu og djörfustu sjómenn og farmenn en sem ekki fengu notið sín vegna þess að þeir áttu ekki hæfilegan skipakost. Minnst þess að aðalorsökin til þeirrar ófarsældar var sundrunin og ósamkomulagið. Treystið því samvinnuböndin sem best, ekki einungis meðal ykkar eigin stéttar, heldur einnig meðal allrar hinnar íslensku þjóðar. Ennþá lifir meðal þjóðarinnar og meðal sjómannastéttarinnar hin forna víkingslund. Temjið víkingslund ykkar svo að hinir miklu og góðu kostir hennar njóti sín en ókostirnir hverfi. Vinnið að því að þroska ykkar bestu og nýtustu hæfileika líkamlega og andlega. Þá munuð þið og íslenska þjóðin öll

⁶ Athugasemd afritara: Hér er átt við eftirfarandi brot úr “Borðsálmi” Jónasar Hallgrímssonar:

Mér hefir verið sagt í svip
að sig hún taki' að yggla
og ætli nú að eignast skip
þótt enginn kunni' að sigla.

Borðsálminn í heild sinni er að finna hér: http://www.jonashallgrimsson.is/page/ljod_bordsalmur

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

ganga móti glæsilegri framtíð.

Guð og gæfan fylgi hinni íslensku sjómannastétt.

17. júní 1945

Góðir grannar og gestir! Ungir og gamlir. Karlar og konur. Verið öll hjartanlega velkomin. Verið öll velkomin, þegar við nú minnumst 1. árs afmælis hins íslenska lýðveldis. Þessi dagur, 17. júní, á að verða um alla framtíð gleði- og fagnaðardagur þjóðar, sannarlegur þjóðhátíðardagur Íslendinga, enda mun svo verða. Þennan dag ár hvert eiga allir, ungir sem gamlir, að minnast lýðveldistökunnar á Alþingi 17. júní 1944 með alvarlegum gleðiblæ. Alvörunni megum við aldrei gleyma, ekki einu sinni á okkar mestu gleðistundum. Lífið allt á að vera alvöruþrungnið af gleði. Flestar menningarþjóðir heims eiga sinn sérstaka þjóðhátíðis dag. Hjá flestum þeirra er slíkur þjóðhátíðardagur að meira eða minna leyti tengdur minningu um fengið frelsi. Mannsandinn þráir frelsið og á ætíð að keppa að fullu frelsi. Þó ber þess að gæta að frelsið er, eins og svo margir góðir hlutir, því aðeins eftirsóknarvert að það leiði til þroska og færi mannsandann til meiri þroska og fullkomunnar en áður.

Enginn einstaklingur getur orðið frjáls, í sönnum skilningi þess hugtaks, nema hann um leið leggi bönd á fýsnir sínar og þær óæðri hvatir sem í honum búa. Geri hann það ekki, er hann fyrr en varir, orðinn ánauðugur þræll sinna lökustu hvata og tilhneiginga. Nákvæmlega hið sama gildir um þjóðfélögin. Setji þau sér ekki hæfilegar siðferðisreglur og haldi þær drengilega tapa þau óhjákvæmilega fengnu frelsi og lenda fyrr en þau varir í ánauð sem kostar margra alda baráttu að losna úr aftur. Skall ekki að þessu sinni farið útí það efni. En hvern og einn bið eg minnast þess að á öllum sviðum er vandfarið með fengið frelsi.

Allt fram að þessum tíma höfum við Íslendingar í raun og veru ekki átt neinn þjóðhátíðardag sem hefir fest rætur í huga þjóðarinnar. Að vísu hefir þjóðin um margar aldir átt einn sérstakan hátíðadag sem engin önnur þjóð hefir átt svo mér sé kunnugt. Þessi dagur er hinn fyrsti sumardagur ár hvert. Þeim degi hefir þjóðin öll fagnað með innileik um aldaraðir, allt fram til síðustu tíma. Þetta er nú að breytast og orðið þegar breytt, að minnsta kosti í kaupstöðunum, og má búast við að þjóðinni sem heild sé dagur þessi glataður sem hátíðisdagur. Nú hefir sérstakur félagsskapur í höfuðstaðnum (Reykjavík), Barnavinafélagið Sumargjöf, tileinkað sér þennan dag sérstaklega, sem hátíðis- og söfnunardag fyrir börnin, einkum börn höfuðstaðarins, og er það vel farið. Úr því að þjóðin sem heild, ekki lengur finnur þörf hjá sér til þess að fagna sól og sumri þennan dag, þá er það ákjósanlegt að sá félagsskapur, sem hefir sett sér það háleita mark að vinna að heill barnanna, hefir tekið þennan gamla íslenska hátíðisdag þjóðarinnar í þjónustu starfsemi sinnar, því engir þarfnast meir sól og sumars líkamlega og andlega en börnin.

Eftir 1874 kom nokkur hreyfing fram meðal þjóðarinnar um það að gera 2. ágúst að þjóðhátíðardegi í minningu þess að Kristján konungur IX færði Íslendingum hina fyrstu sérstöku stjórnarskrá á 1000 ára afmæli íslandsbyggðar. Á nokkrum stöðum á landinu mun þessi dagur hafa verið haldinn sem hátíðisdagur fyrstu árin eftir þúsund ára hátíðina, en aldrei vann þessi dagur neina hrifningu í huga þjóðarinnar og lagðist hann því alveg niður sem

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Þjóðhátíðardagur og er nú að nokkru leyti í tengslum við frídag verslunarmanna.

Eg hygg að það sem varð þess valdandi að ómögulegt reyndist að vinna þessum degi, 2. ágúst, fylgi meðal þjóðarinnar, sem sérstökum hátíðisdegi hennar, hafi, að minnsta kosti að miklu leyti verið sú óánægja sem frá upphafi ríkti meðal alls almennings um hina fengnu stjórnarskrá. Íslendingar hafa alla tíð átt erfitt með að sætta sig við hálfan hleif. Þeim fannst stjórnarbotin svo ófullnægjandi að þeir fundu ekki í henni nægilegt tilefni til þess að í minningu hennar gætum við stofnað þjóðhátíðardag sem fyllt gæti huga þjóðarinnar þeirri hrifningu sem endast myndi um aldir. Þetta mun þjóðin öll sameiginlega hafa fundið. Því fór sem fór.

Pegar sambandslagasamningurinn milli Íslands og Danmerkur tók gildi 1. des. 1918, var þeim degi fagnað af Íslendingum og um nokkurt skeið var nokkur hugur meðal ýmsra um það að 1. des. yrði valinn sem þjóðhátíðardagur. En það gekk þunglega að ná nokkurri hrifningu meðal þjóðarinnar fyrir þeim degi sem slíkum. Að vísu hefir dagsins verið minnst allvíða á hverju ári síðan en alltaf virðist hafa dofnað meira og meira yfir hátíðahöldunum og víða hefir dagurinn orðið svipminni með hverju ári sem liðið hefir. Hann hefir fengið á sig blæ almennra dansskemmtana, alvaran um hátíðleika dagsins horfið. Orsakir þessa kunna að vera margar, meðal annarra sú, að dagurinn er á þeim árstíma, skammdeginu, sem miður er fallinn til hrifningar en t.d. langdegið í júnímánuði. En aðalástæðan til þess að okkur Íslendingum veittist örðugt að tileinka okkur 1. des sem þjóðhátíðardag hygg eg að hafi verið sú að við fundum að sambandslagasamningurinn og viðurkenning sú sem með honum fékkst fyrir fullu sjálfstæði Íslands var aðeins áfangi að takmarki en ekki takmarkið sjálft. Tel eg ekki ofmælt að segja að 1. des hafi aldrei verið þjóðarinnar sannur hátíðisdagur.

Eftir dauða Jóns forseta 1879 vaknaði strax í hugum landsmanna hátíðleiki fyrir fæðingardegi þessarar þjóðhetju okkar Íslendinga, sem var, er og verður ætíð “sómi Íslands, sverð þess og skjöldur”. Fæðingardagur hans, 17. júní, varð helgur dagur. Nokkuð hefir þess orðið vart að einstakar félagsheildir hafi viljað tileinka sér þennan dag sem sinn hátíðisdag. En í huga alþjóðar hefir aldrei fengist hin minnsta viðurkenning fyrir því að nokkur sérstakur félagsskapur gæti tileinkað sér þennan dag. Til þess var minning dagsins of helg í huga alþjóðar. Dagurinn var minningardagur þjóðarinnar allrar. Þessum degi 17. júní hefir oft verið fagnað að tilhlutun einstakra félaga, en fólkið, þjóðin öll, hefir aldrei hrifist einlæglega af þeim fögnuði, vegna þess að því hefir fundist að meira eða minna leyti væri fagnaðurinn tileinkaður aðeins nokkrum hluta þjóðarinnar, hann væri ekki alþjóðar fögnuður. Nú er viðhorfið frá sjónarmiði alþjóðar að þessu leyti breytt. Nú er það ekki neinn sérstakur félagsskapur sem efnir til fagnaðar á þessum degi, nú er það þjóðin öll sem stofnar til fagnaðar með hrifnum huga. Og tilefnið til þessa breytta viðhorfs er það, að Alþingi bar gæfu til þess að verða samhuga um að gildistaka fulls frelsis og stofnun lýðveldis á Íslandi skyldi fram fara á Þingvelli við Öxará, á fæðingardegi frelsishetjunnar Jóns forseta 17. júní. Minning Jóns forseta og frelsistaka Íslendinga á Alþingi 17. júní 1944 eru og verða svo samtengdir örlagaþræðir í fullum sigri íslensku þjóðarinnar í sjálfstæðismálinu, að 17.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

júní mun verða þjóðhátíðardagur hennar svo lengi sem íslensk tunga er töluð í þessu landi. Um leið og eg lýsi samkomu þessa setta vil eg einlæglega óska þess, að hrifning og hátíðleiki þessa dags megi verða sá neisti í hjörtum allra Íslendinga, sem um aldaradur viðhaldi áttþaga- og ættjarðarást þeirra þannig, að þeir geti af einlægju hjarta 17. júní ár hvert unnið hið fagra heit sem hverjum sönnum Íslendingi ætti að vera ljúft að vinna

Íslandi allt!

Þegar eg nú með þessum fáu orðum hef lýst þessa fagnaðarsamkomu setta finn eg ástæðu til þess að við öll minnumst hins fyrsta íslenska þjóðhöfðingja, forseta Íslands Sveins Björnssonar. Er mér persónulega ljúft að minnast hans, bæði sem þjóðhöfðingja og meðborgara. Eg hygg að allir sem kynnst hafa Sveini Björnssyni játi að hann er sérlega aðlaðandi og alþýðlegur maður í allri framkomu. Eru það nauðsynlegir eiginleikar hverjum þjóðhöfðingja. Um 20 ára skeið var Sveinn Björnsson sendiherra Íslands í Evrópu og er það viðurkennt af öllum að hann leysti það starf ætíð af hendi með virðingu og sæmd og landinu til sóma. Með þessu starfi sínu hefir hann fengið þann ákjósanlegasta undirbúning undir starf það sem honum nú hefir verið falið. Öll framkoma hans bæði sem sendiherra og ríkisstjóra hefir í hvívetna verið landi og þjóð til sæmdar. Sveinn Björnsson hefir í dag verið þjóðhöfðingi Íslands í 4 ár. Ríkisstjóri undir óhagstæðu bráðabirgðastjórnarfyrrkomulagi og nú síðasta árið forseti lýðveldisins með bráðabirgðastjórnarskrá. Fram til dagsins í dag hefir hann verið valinn af Alþingi. Fyrst í maí 1941 til óákveðins tíma, þá nær einróma.. Svo var hann kjörinn forseti Íslands við lýðveldistökuna á Alþingi 17. júní 1944 til eins árs, en þá því miður, ekki með eins mikilli einingu eins og vænta hefði mátt á þeirri hátíðlegu stundu. Nú hefir þjóðin sjálf valið hann til þjóðhöfðingja til fjögurra ára með þeim glæsileik sem mun eiga fá fordæmi í sögunni. Svo mikil eining var meðal þjóðarinnar um að velja hann einan og engan annan. Svo mikill alvörufungi fylgdi þessum vilja þjóðarinnar að enginn stjórnmaflokkur í landinu treystist til að hafa mann í kjöri á móti honum. Þegar auglýst var eftir meðmælendum með Sveini Björnssyni sem lýðveldisforseta í maí síðastliðnum, gáfu sig fram á hverjum stað mikið fleiri meðmælendur en heimilt var að skrásetja, svo mikill var áhuginn meðal þjóðarinnar um að velja hann til þjóðhöfðingja. Þetta fyrsta forsetakjör íslensku þjóðarinnar hefir tekist svo vel að til sæmdar mun verða um langan aldur. Við vonum öll að svo megi ætíð verða í komandi framtíð.

Þrátt fyrir nokra lausung í landsmálum og pólitíska togstreitu, sem oft vill bera of mikið á, að þá reynist íslenska þjóðin nógu þroskuð til þess að kasta af sér flokksviðjunum á hinum alvarlegu augnablikum í lífi hennar svo hin óbrjálaða dómgreind hennar fái notið sín. Megi sú von rætast, þá á hið unga lýðveldi langa og bjarta framtíð í vændum. [Við skulum öll minnast fósturjarðarinnar og forseta Íslands og árna þeim allra heilla um komandi framtíð með ferföldu húrri. Ísland lífi. Forsetinn lífi.] Heill fylgi störfum forseta Íslands.

Að lokum vil eg minnast fósturjarðarinnar með erindi eftir Hannes Hafstein:

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Landið blíða, landið stríða,
landið hrauns og straumafalls.
Landið elds og hrímgra hlíða,
hjörtum kært til fjalls og dals.
Í þér kraftar bundnir bíða,
barna þinna, fljóðs og hals.
Hvert þitt býli um byggðir víða
blessi drottinn, faðir alls.

Ræða haldin við útför Hermanns Davíðssonar

Við erum í dag stödd hér, til þess að fylgja til hinstu hvíldar jarðneskum leifum eins hins elsta manns þessarar sveitar: Hermanns bónda Davíðssonar. Dagsverk hans var orðið langt og mikið og síðustu árin munum við nágrannar hans og skyldmenni hafa verið við því búin að þessi stund nálgaðist. Þó mun okkur nú öllum vera ríkari í brjósti söknuður en gleði. Eiginkona saknar hins ástríka förunauts sem í 54 ár hefir staðið við hlið hennar í blíðu og stríðu og ætíð verið hennar traust, hvað sem að höndum bar. Börnin og barnabörnin sakna hins leiðbeinandi umhyggjusama föður sem ætíð vildi beina orðum þeirra og gjörðum á veg réttlætis og mannúðar. Og við nágrannarnir og samferðamennirnir söknum samferðamannsins grandvara sem á vissan hátt gat verið okkur öllum til fyrirmyndar um margt. Þó er okkur ljóst að þessi stund hlaut að koma og skynsemin segir okkur að við eigum að vera glöð og fagna yfir lausn þessa vinar frá hinu jarðneska lífi. Trúa því að hans og okkar allra bíði æðri og fullkonnari tilvera en sú sem við enn þekkjum og tilgangur lífsins sé annað og meira en þessi stutta dvöl hér í hinum jarðneska heimi. Og þó er okkur söknuðurinn ríkastur í huga á slíkum stundum sem þessum. Þannig er mannlegum tilfinningum farið.

Eg sem ekki var tengdur hinum látna neinum skyldleikaböndum sakna hans úr samferðahópnum. Þess vegna skil eg svo glöggt tilfinningar ástvinanna á þessari stundu og vildi svo gjarnan sýna þeim samúð og votta hinum látna virðingu mína og þakklæti fyrir samleiðina og samstarfið á langri samleið. Hermann Davíðsson var merkur maður. Ekki vegna auðlegðar eða metorða á veraldlega vísu, heldur vegna hins grandvara líferniss sem hann færði alla sína löngu ævi. Í nær 50 ár hefi eg átt samleið með Hermann Davíðssyni og um nokkurt skeið allnáið samstarf með honum vegna stöðu okkar, þar sem við vorum oddvitar hinna nýju hreppa eftir að Norðfjarðarhreppi var skipt í tvö hreppsfélög. Þess samstarfs minnst eg ætíð með sérstakri virðingu fyrir hinum grandvara manni sem alltaf setti efst það sjónarmið að leggja það eitt til mála er hann taldi réttlætinu samkvæmt án tillits til hagsmuna eða erfiðleika þeirra er kynnu að leiða af því að fylgja braut réttlætisins. Þannig mun hans sjónarmið hafa verið í öllum málum sem hann starfaði að. Hann var ætíð hinn gætni hófsemdarmaður í hvívetna. Bindindismaður var hann alla ævi á vín og tóbak og fyrirmynd um allan sparnað og ráðdeild. En jafnframt mjög greiðvikinn og gestrisinn og vildi fyrir öllum greiða. Munu margir minnst gestrisni hans og greiðvikni. Er eg einn þeirra sem standa í stórri þakkarskuld við hann og heimili hans fyrir hinar alúðlegu móttökur er eg oft, ásamt fleirum kom af fjalli misjafnlega til reika og stundum í vondu veðri. Þá var ekki spurt um stöðu eða mannvirðingar í Skuggahlíð heldur öllum veitt aðhlyning og fararbeiðni, oft um efni fram. Þessa er eg og margir fleiri minnugir. Ennþá helst sami háttur á heimilinu um alla híbýlaprýði og gestrisni þó aðrir húsbændur séu teknir við, en eg sakna þó gamla mannsins sem ætíð tók fyrstur móti gestum með sinni látlausu þróðmennsku og innileik. Nú er hann að flytja héðan eftir langt og mikið

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

ævistarf. Við kveðjum hann öll með þakklæti fyrir samfylgdina á langri leið. Þökkum honum fyrir drenglyndið og drengskapinn sem hann sýndi okkur í hvívetna, þökkum honum fyrir samstarfið og allt sem hann hefir fyrir okkur og þetta sveitarfélag unnið. Þökkum guði fyrir hans langa og fyrirmyndarríka ævistarf. Blessuð sé minning hans.

Sendibréf

Húsrú Guðrún Björnsdóttir
(frá Guðlaugsstöðum)
Blönduósi

Ekru í Norðfirði 17. apríl 1947

Góða frænka mín!

Eg þakka þér innilega fyrir bréfið. Eg er orðinn eins og börnin og gleðst af hverju vinar orði sem til mín er beint.

Mig langar til að endurgjalda þér þitt vinsamlega bréf en eg veit ekki hvernig mér tekst það. Heilsan er nú orðin það léleg að eg get ekki skrifað nema í rúminu, þoli ekki að sitja við skriftir. Þegar eg var á ferð fyrir norðan í fyrrasumar var eg farinn að kenna nokkurs lasleika. Grunaði mig þá að síðustu forvöð myndu vera, um að fara lítilsháttar um æskustöðvarnar enda mun svo reynast. Í haust fór eg til R.víkur og dvaldi þar á sjúkrahúsi og undir læknishendi á þriðja mánuð en fékk engan bata. Fór eg svo heim í janúar og hefi haft lítilsháttar fótavist til skamms tíma, en nú síðustu þrjár vikur er ekki teljandi fótavist. Að vísu fer eg í fót einhverja stund dagsins, mér finnst hvíld í því, en ligg þá alltaf fyrir. Mér var strax í haust ljóst hvert stefndi með sjúkdóm minn og bið rólegur úrslitanna. Mér ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði. Dagsverkinu er lokið. Hvernig sem það er af hendi leyst, verður ekki um það bætt. En miskunnsamur er Drottinn. Eg er sáttur við alla og veit engan í ósátt við mig.

Jæja frænka mín. Ekki veit eg hvað eg á að skrifa þér. Ekki get eg verið að skrifa um tíðarfarið, aflabrögð eða Heklugos. Til þess að skrifa um þessháttar verða nógir, sem betur eru færir. Þegar eg ligg svona dag eftir dag og viku eftir viku og hugsa um liðna daga hrúgast upp í hugann minningar, einkum frá æsku- og unglingsárunum og mörg atvik sem legið hafa óljós í fylgsnum hugans skýrast og verða ljós og að því er eg ætla furðu áreiðanleg. Mér finns eg gæti skrifað heilar bækur af minningum frá æskuárunum en heilsan hefir ekki leyft mér í vetur að verja tímanum til skrifta.

Mér dettur í hug að skrifa þér nokkrar æskuminningar um ættfólk þitt, þó máski helst úr föðurætt þinni, því það ætti að vera óhlutdrægt, því það er mér óskýlt með öllu. Föður þinn þekkti eg vel á uppvaxtarárum mínum. Kom til hans oft bæði haust og vor þegar hann bjó á Réttarhól. Féll mér hann vel í geð, var hann alltaf hressilegur í orði og athöfnum. Annars mun hafa verið heldur fátt á milli móðurfólks míns og hans á þeim árum, þó eg yrði lítið var við það. Er óþarfi fyrir mig að lýsa Birni Eysteinessyni, margt af samtíðarmönnum hans er enn á lífi sem betur þekktu skapgerð hans og stórbrotna lund en eg, enda ekki vandalaust að lýsa honum svo

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

rétt sé. Guðbjörgu móður þína þekkti eg vel enda var hún hálf systir móður minnar og dvaldi oft hjá henni. Guðbjörg hafði mesta dálæti á mér, og þótti mér mjög vænt um hana. Hún var að því sem mér sem krakka virtist, mikið fíngerð kona, en ekkert þekkti eg til dugnaðar hennar eða búkonuhæfileika. Hafði eg óljóst hugboð um að henni liði stundum ekki vel. Eftir að hún fór til Ameríku fekk eg stöku sinnum fregnir af henni, frá bræðrum mínum sem fóru skömmu síðar einnig til Ameríku og voru alltaf í nánú sambandi við hana, einkum sá yngri Sveinn, sem enn er á lífi vestra. Föðursystkini þín þekkti eg öll nema séra Lárus, honum kynntist eg aldrei neitt, sá hann aðeins einu sinni eða tvisvar. Heyrði eg talað um að hann hefði verið nokkuð vínhneigður. Þær systurnar Guðrún í Ljótshólum og Ingibjörg á Auðunnarstöðum voru báðar myndarkonur og Erlendur á [Beinakeldu] var héraðskunnur sæmdarbóndi. Um hann og konu hans, þegar þau voru í tilhugalífi, heyrði eg þessa vísu:

Erlendur þó ei sé mylkur eftir vonum

Ásta gengur eins og dillkur undir honum

Yngst af þeim Orrastaðasystkinum var Sólveig. hana þekkti eg þeirra best því hún var húsmóðir mín í þrjú ár. Sólveig giftist Hinriki Magnússyni Snæbjörnssonar. Var hann giftur áður og átti 3 sonu frá fyrri hjónabandi. Þeir hétu, að því er mig minnir, Halldór, Magnús og Jónas. Þau Hinrik og Sólveig fluttu að Orrastöðum 1888, fór eg þá til þeirra nýfermdur langt kominn á 15. ár. Var eg stór og bráðþroska og kunni þá til flestra algengra verka. Átti eg að fá í kaup 50 kr. um árið og fjögur föt auk skæðaskinns og plagga. Þótti það hátt kaup í þá daga en eg fékk það reiðilega borgað þó eg ætti nokkuð ógreitt af kaupum mínum þegar eg fór þaðan eftir 3 ár, þá var það allt greitt með skilum síðar eftir samkomulagi. Auk þess gaf Hinrik mér stekkjarylamb fyrsta vorið og svo gerði hann á hverju vori þar til vorið sem eg fór. Hinrik var vel greindur, orðheppinn en hafði það til að vera dálítið meinfýsinn í tilsvörum, svo sem hann átti kyn til. Hann var smiður góður og mjög laginn til allra verka en ekkert mikið duglegur. Sólveig var ákaflega fíngerð kona, var hún á þeim tíma orðlögð fyrir hannyrðir og að öllu leyti prýðilega verki farin, þrifin og heinleg við öll heimilisstörf en ekki neitt sérlega dugleg. Náði hún þar ekki móður sinni Guðrúnu Erlendsdóttur, sem var orðlögð dugnaðarkona. Sólveig þótti hafa heldur erfða lund í sambúð, en ekki þurfti eg að kvarta undan því, því að í þau þrjú ár sem eg var á Orrastöðum vissi eg ekki til að henni mislíkaði við mig utan einu sinni. Tildrög þess voru þau er nú skal greina: Sólveig átti gráa hryssu, mjög litla en ákaflega þægilegt hross, bæði viljug og framúrskarandi þýð. Hún var aldrei brúkuð nema ef henni var riðið til kirkju og setið á henni þegar flutt var heyband af engjum. Eg smalaði kvíaánum á morgnana fram að slætti. Eitt sinn var það, að mig vantaði þriðjunginn af ánum. Þóttist eg vita að þær myndu hafa sett fram fyrir vestan Svínvatn fram til heiða. engir hestar voru heima við nema folaldshryssa og Grána Sólveigar, sem alltaf var kölluð Steffensensgrána, því hún var keypt af Stefáni Steffensen

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

umboðsmanni þegar hann flutti frá Haltastöðum til Akureyrar. Eg sló nú á mín ráð og tók Gránu til þess að leita að rollunum. Það gekk allt vel, eg fann rollurnar fram hjá Mosfelli og rak þær heim í sprettinum. Þá var mjög blautt umferðar í kringum Orrastaði og er sennilega enn og af því eg reið hart var hryssan eitt forarstykki upp á haus og aftur á lend. Þegar eg kom á kvíarnar var húsmóðirin þar fyrir. Þóttist eg strax sjá að henni mislíkaði. Hún hafði þann kæk að þegar henni mislíkaði þá þaut í nefinu á henni. Heyrði eg að svo var í þetta skipti. Eg ávarpaði hana glaðlega og sagði að þá væru nú rollurnar komnar. Hún tók lítið undir það, en spurði hvort eg hefði engan hest getað tekið til að smala á nema Gránu. Eg svaraði því til að engir hestar hefðu verið heima við nema folaldshryssan og Grána. En gastu þá ekki riðið ofurlítið gætilegar svaraði hún. Því svaraði eg engu, því eg skammaðist mín fyrir útlitið á hryssunni. Atburður þessi féll svo niður og var aldrei á hann minnst frammar. Þau Hinrik og Sólveig voru bæði vænar manneskjur og mér var mjög hlýtt til þeirra beggja, en eg held að þau hafi á ýmsan hátt átt erfiðan hag.

Guðrún Erlendsdóttir amma þín var merk kona, sem vert hefði verið að skrifa um ekki síður en margar nútíma konur. Það mun þó sennilega ekki verða gert. Hún var stórbrotin gáfukona, glaðlynd og með afbrigðum dugleg. Er það hlutlaus lýsing unglings sem kynntist henni á elliárum.

Jæja frænka mín. Eg er nú búinn að vera tvo daga að basla við að skrifa þetta bréf, enda ber það þess merki Það verður síðasta bréfið sem eg skrifa þér og máski síðasta bréfið sem eg skrifa. Mig hefði langað til að skrifa þér margt fleira en kraftarnir leyfa það ekki. Berðu manni þínum alúðarkvedju mína. Sömmuleiðis sonum þínum Hannesi og Halldóri.

Eg er þess fullviss að við sjáumst öll áður langt um líður hinumegin við tjaldið.

Þinn einl. frændi

Ingvar Pálmason.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Nafnaskrá

Adam Sveinsson	22
Ari Marteinsonn	23, 24
Arnleif Guðmundsdóttir	51
Árni Davíðsson í Grænanesi	51
Árni Knudsen	43
Ásgeir Bergsson	33
Bergur Eiríksson	33
Bjarni Stefánsson	41
Björg Jónsdóttir Hnjúkum	43
Björn Björnsson (eldri)	37
Björn Björnsson (yngri)	37
Björn hátíð	7
Björn Jónsson	14
Björn Jónsson framkvæmdastjóri	38
Björn Jónsson í Miðbæ	29
Brynjólfur Einarsson á Þiljuvöllum	22, 26
C.D. Tulinius	18, 23, 31
Eggert Ólafsson Briem	4, 6
Einar Hallgrímsson	42
Einar Jónsson hreppstjóri á Ekru	18, 22, 27
Einar Stefánsson	9, 13, 16
Eiríkur Björnsson í Karlskála	33
Elias Kloster	36, 55, 56
Elísabet Knudsen Syðri-Ey	43
Erlendur Árnason	41
Friðrik Jóhannsson á Strönd	23, 25, 38, 39
Friðrik Magnússon heildsali	52
Gísli Bergsveinsson	20
Gísli Hjálmarsson	35, 37, 49, 50, 56, 57, 58
Gísli keppur	7
Gísli Þorláksson	21, 22, 26, 34
Guðbjörg Guðmundsdóttir	29
Guðjón Einarsson í Naustahvammi	20
Guðmundur Ásbjarnarson	14
Guðmundur Ásbjarnarson fríkirkjuprestur	14

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Guðmundur frá Skál	14
Guðmundur í Höskuldsstaðaseli	4
Guðmundur í Kambakoti	4
Guðmundur í Kollugerði	6
Guðmundur Jónsson	1
Guðmundur Sigurðsson frá Nýjabæ á Miðnesi	51
Guðmundur Sigvaldason	18
Guðný í Höskuldsstaðaseli	4
Guðríður í Skálateigi	29
Guðrún Björnsdóttir frá Guðlaugsstöðum	73
Guðrún Erlendsdóttir	74, 75
H. Ellefsen hvalveiðimaður	27
Halldór Halldórsson beykir	38
Halldór Stefánsson á Bakka	20
Helga Hildibrandsdóttir	29
Helga Jónsdóttir	8
Helgi Guðmundsson	14
Helgi Pálsson	39
Hermann Davíðsson	71
Hermann Jónsson forsætisráðherra	63
Hildur Agata	41
Hinrik Magnússon	8, 74
Hinrik Þorsteinsson	23, 35
Hovgaard skipstjóri Thyra	43
Ingibjörg Brynjólfsdóttir	21, 34
Ingibjörg Eysteinsdóttir	16
Ísak Jónsson	49
Jacobsen stýrimaður Thyra	44, 45
Jóhann beri	6
Jóhann G. Möller kaupmaður	43
Jón á Seli	13, 16
Jón Ásmundsson	53
Jón Guðmundsson (séra)	23, 35, 52, 56
Jón Einarsson í Naustahvammi	20
Jón Ísfeld	37
Jón Jónsson á Ormsstöðum	38
Jón Magnússon kaupmaður Framkaupstað	22, 23, 30, 31, 32, 33

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Jón Skagfjörð	43
Jón skipi	14
Jón Sveinsson	23, 38
Jón Þorleifsson í Skálateigi	29
Jón Þórðarson	11
Jónas Andrésson	37
Jónas Erlendsson	8, 16
Jónas Símonarson á Svínaskála	51
Jónas Þorsteinsson	23
Jósafat Jónatansson Holtastöðum	42
Konráð Hjálmarsson	37, 50
Kristinn Erlendsson	51
Kristín Sveinsdóttir Holtastöðum	43
Kristján á þúfunni	6
Kristján Hallgrímsson	42
Kristján Lars	41
Lárus Waldorff	55, 56, 57
Lúðvíg Popp	46
Lúðvík Knudsen prestur á Bergstöðum	43
Lúðvík Sigurðsson	36, 42, 56, 57, 58
M.C. Bull hvalveiðimaður	27, 28
Magnús Guðnason	52, 53
Magnús Hávarðsson	38
Magnús Jónsson (séra)	35
Magnús Marteinsson	53
Margrét Jóhannsdóttir	23
Marja Hjálmarsdóttir	41
Mortensen kaupmaður	21, 34
Natan Ketilsson	1
Níels Finnsson	29
Ormar Guðmundsson á Kvíabóli	22
Otland hvalveiðimaður	27, 28
Otto Wathne	18, 27, 47
Ólafur Ásgeirsson	23
Ólafur Hansson	22
Ólafur Jónsson vert á Oddeyri	42, 46
Patterson fiskkaupmaður	34

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Páll Markússon	23
Páll Þormar	37
Pálmi Pálmason	18, 20, 24, 35, 36, 47, 51, 52, 53, 56
Pétur Björnsson í Frambæ	21
Pétur Jónsson	1
Pétur Þorláksson	15
Pétur Waldorff	37
Pike Ward fiskkaupmaður	34, 36
Ragnheiður Björnsdóttir yfirsetukona	13
Rolf Johansen	23, 32, 55
Salgerður Jónsdóttir	53
Sigfús Sveinsson í Útbæ	33
Sigfús Sveinsson yngri	35, 36, 37, 56
Sigmundur Jónsson	14, 15
Sigríður Bjarnadóttir	25
Sigríður í Litladal	42
Sigurður Eiríksson skipstjóri	50
Sigurður Johansen	23, 32, 55
Sigurður Jónsson á Brimnesi	33
Sigurður slompur	6
Sigurlínus Stefánsson	36
Símon á Kirkjubóli	19
Símon Dalaskáld	44
Sólveig Eysteinsdóttir	9, 74
Stefán Einarsson	9
Stefán Helgason	6
Stefán Oddsson Skálateigi	18, 51
Stefán Stefánsson Seldal	41
Stefán Stefánsson verslunarmaður	23, 35, 38, 56
Steingrímur Guðmundsson trésmíðameistari	51
Sveinbjörg Bjarnadóttir frá Hafrafelli	45, 46
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	21, 34
Sveinn Árnason fiskmatsmaður	13
Sveinn Bjarnason Viðfirði	53
Sveinn Björnsson forseti	69
Sveinn Pálmason	43, 74
Sveinn Sigfússon borgari	20, 21, 22, 32, 33, 34, 35, 36, 50, 55

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Sveinn Stefánsson	23, 24
Sæmundur Þorvaldsson	37
Sölvi Helgason	6
Teódór Jónsson prestur á Bægisá	42
Thor E. Tulinius	36
Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra	63
Una Ormarsdóttir	21, 34
Valdimar Briem vígslubiskup	4
Vigdís dóttir Ragnheiðar Björnsdóttur	13, 14, 15
Vigdís í Þórukoti	13
Vilborg dóttir Ragnheiðar Björnsdóttur	13
Vilhelm Eyjólfsson	23, 25
Vilhjálmur Benediktsson	57, 58, 59
Vilhjálmur Stefánsson	27, 38
Þorbjörg í Naustahvammi	20
Þorbjörg Jónsdóttir	23
Þorbjörg Runólfsdóttir	36
Þorkell Jónsson Færeyingur	22
Þorleifur Ásmundsson	23
Þorsteinn Jónsson	21, 23, 55
Þóra Bjarnadóttir frá Hafrafelli	45
Þóra Jónsdóttir	42
Þórarinn Hávarðsson	35, 36
Þórarinn Tulinius	31
Þuríður Árnadóttir	46

Rithönd Ingvars Pálmasonar

Áðens en frystihúsin Róma til sögnum
var oft miklum erfiðlimum bundit að
afli nogilegrar bítu til þarstveida, hús á
Höndfirdi og þó einhvern þyrrifráhluta
sumars. Eftir að Róm fram i ágústmánuð
fór síðveidi í lagnet að verða nokkru
stöðugri og mátti telja til undantekninge
að bítuvandredir væru veruleg eftir fram
tíma. Síðveidin var aðeins stönduð með
lagnetum, árum veidrafent þekktist þri
skla, nema landnotaveidi, en hún lagdist
nógu snúð öllu hús á Höndfirdi um 1885.
Hafði landnotaveidi veid stönduð hús um
nokkur ár, en gefist illa, eda miklum mun
veru en á hinum lengri og djúpi Austfjörðna

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Eftirmáli

Þegar ég rakst fyrst á endurminningar afa míns, Ingvars Pálmasonar, mun ég hafa verið u.þ.b. 10 ára gamall. Þær, eða að minnsta kosti einhver hluti þeirra, voru í vinstri skáp skrifborðs, sem mun hafa verið í eigu Ingvars en er nú í vörslu föður míns, Lúðvíks Ingvarssonar. Ég hafði auðvitað aldrei kynnst Ingvari, enda ekki fæddur fyrr en tólf árum eftir andlát hans, en þóttist vita að hann hefði verið merkilegur karl. Til merkis um það var til dæmis ítarleg minningargrein um hann í hinu skammlífa mánaðarriti Gerpi, sem var til innbundið á æskuheimili mínu. Ekki höfðum við börnin þó frjálstan aðgang að skrifborðsskápnum og innihaldi hans en því lofað, að þegar við yrðum eldri skyldum við fá að lesa endurminningarnar.

Ljósrit af endurminningunum hafa verið í umferð meðal afkomenda Ingvars og eitt slíkt barst mér í hendur haustið 2007 en það var ekki fyrr en í júnímánuði 2008, sem ég loksins tók mér tak og byrjaði að slá inn í tölvu afrit af tíðræddum endurminningum. Verkið gekk betur en ég hafði óttast, ekki síst vegna þess að skömmu eftir að ég byrjaði af alvöru sendi Jóhann Níelsson mér frumritin, sem eru mun læsilegri en ljósritin. Frumritin eru í sex stílabókum, einni teikniblokk þverritaðri og síðan nokkrar ræður og önnur brot á lausum blöðum í umslagi.

Afritið fylgir frumritinu bókstaflega nema stafsetningarvillur hafa verið leiðréttar og merkjasetningu sums staðar breytt til að gera textann læsilegri. Sérstaklega ráðlagði faðir minn mér að viðhalda stafsetningunni “eg” (í stað “ég”) og “vóru” (í stað “voru”) því það samsvaraði framburði Ingvars. Tilgangur verksins er þó ekki vísindalegur heldur fyrst og fremst sá að gera þessar endurminningar öllum aðgengilegar sem áhuga hafa á. Frumritin eru eins og stendur í fórum mínum en skynsamlegast væri að afhenda þau Þjóðskjalasafni eða skjalasafni á Austurlandi til að tryggja vörslu þeirra og óheftan aðgang að þeim. Þrátt fyrir vandlegan yfirlestur leynast vafalaust villur í textanum og væri ég þakklátur fyrir hverja vísbendingu um allt það, sem betur mætti fara.

Karlsruhe í júlímánuði 2008

Ágúst Lúðvíksson

Heimilisfang: Karlstr. 127, 76137 Karlsruhe, Þýskalandi

Tölvupóstur: august@ludviksson.de